

SJÓN ÆTLAR EKKI
AÐ HÆTTA AÐ
ÖGRA ▶50



Anna Ringsted
á tímamótum
**FRÍÐA FRÆNKA
HÆTTIR** ▶42



NÚ Í FULLUM GANGI
Í PERLUNNI

FRÁ 18. OKT.
TIL 10. NÓV.



**ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG
MYNDBANDAMARKAÐURINN**

OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ 11 TIL 18

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

19. október 2013
246. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt Örnefniáskráningu Útvarpsráðs Íslands, janúar - maí 2014



“NAUÐGUN ER
ALLTAF NAUÐGUN,
LÍKA PEGAR BÖRN
EIGA Í HLUT OG
MÉR FINNST ALVEG
ÖMURLEGT AÐ FELA
PANN GLÆP Á BAK
VIÐ EITTHVERT
ORÐSKRÍPI EINS OG
MISNOTKUN.

GRÍMSDÍSA

Tíu ára gamalli var **Vigdís Grímsdóttur** rithöfundur nauðgað af tveimur fullorðnum mönnum. Í kjölfarið varð til nýr persónuleiki og í fimmtíu ár hefur Vigdís verið bæði Dís og Gríms. Hún segir frá í nýjstu bók sinni. ▶ 20



NÝFEDD Á TÖKUSTAD
Porvaldur Davíð er við tökurla á Hollywood-stórmynd á Írlandi. Kona og dóttir komnar út. ▶ 82



**NÝSTIRNIÐ Í
BORGARLEIKHÚSINU**
▶ 44

**LANDSLEIKUR Í
MYNDUM STRÁKARNIR
OKKAR Í AUGUM
LINSUNNAR**
▶ 34



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

OPIÐ 10-18
Nýtt kortatímabil

KRINGLUKAST
20-50% AFSLÁTTUR

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

12 dagar
í Hrekkjavöku

Hryllilegt úrval
af hræðilegum
vörum!

PARTY BÚÐIN
ALLY FYRIR VEISLUNA

Faxafeni 11 • sími 534 0534

VÍSINDADAGAR
VATN - FLJÓTANDI UNDIR

15.-29. OKT.

 **SMÁRALIND**
Góða skemmtun

ENGIN SÁTT UM TILFÆRSLU FRÍDAGA 4

Þjóðkirkjan leggst gegn því að afnema uppstigningardag sem frídag og telur nær að fjölgja frídögum en færa þá til. SA segja engar forsendur fyrir fleiri frídögum.

SPORNA VIÐ FLÓTTA FYRIRTÆKJA 6

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir mikilvægt að auðlegðarskattur verði ekki framlengdur og að unnið sé að því að bæta rekstrarumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja.

MÁTTI POLA NIÐURLÆGINGU 8

Lettinn Horst Gorda, sem varð úti á Klambatrúni í síðustu viku, fékk ekki að breyta nafni sínu þrátt fyrir að hafa hafið kynleiðréttingarferli fyrir tveimur árum.

MANNSKÆÐAR LOFTÁRÁSIR 10

Um 450 óbreyttir borgarar eru taldir hafa látist í árásum með ómönnum um loftföllum Bandaríkjamanna síðustu ár.



SKOÐUN 12→16

SAMKEPPNISHÆFNI LANDSPÍTALANS OG LANDSINS 12

Porsteinn Pálsson um Landspítalann og breytta forgangsröðun.

SVAR VIÐ SVARI VIÐ SEX SPURNINGUM 16

Porgrímur Gestsson um málefni Ríkisútvarpsins.



HELGIN 18→60

HEFUR EKKI REYNT SAMBÖND Á EIGIN SKINNI 18

Ríkháður Hjartar Magnússon frumsýnir sitt fyrsta leikstjórnarverkefni, Saum, í Borgarleikhúsinu í kvöld.

FOSSAR OG FUGLARNIR SMÁU 26

Lesendur völdu bestu haustmyndirnar í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins.

ER SÆSTRENGUR ÍGILDI OLÍUFUNDAR? 28

Alþingi sést á næstunni yfir flókin álitamál er varða raforkusölu til Evrópu um sæstreng. Hvatt er til forrannsóknna á næstu árum.

HEILDARHAGSMUNUM EKKI FÓRNAÐ 32

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segir að skuldaleiðrétting heimilanna sé undirstaða stjórnarsamstarfsins.

STÆRSTA STUNDIN 34

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu náði sínum besta árangri í sögunni í vikunni.



MENNING 64→82

ÓVITAR EKKI SKRÍPÓ 64

Jón Viðar Jónsson gagnrýnir sýninguna Óvita í Þjóðleikhúsinu.

BARNIÐ OG BELFAST 82

Porvaldur Davíð Kristjánsson dvelur í Belfast um þessar mundir við tókur á myndinni Dracula Untold. Tókur á myndinni hófust daginn eftir fæðingu dóttur hans.



SPORT 76

ARON MÆTIR Á BRÚNA 76

Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff mæta Chelsea á Stamford Bridge í ensku úrvalsdeildinni í dag. Leikmaðurinn þarf að koma sér niður á jörðina eftir landsliðsævintýrið.

TEKUR RÚNAR VIÐ? 76

Rúnar Páll Sigmundsson að taka við Stjórnunni.



FIMM Í FRÉTTUM KNATTSPYRNUAFREK OG SYNGJANDI SVEIFLA



Margrét Guðnadóttir veirufraeðingur segir þá foreldra sem mæta ekki með börnin í bólusetningu bera ábyrgð á því ef hér breiðast út sjúkdómar. Hún telur ónæga fræðslu foreldra um skaðsemi sjúkdóma valda því að færri fara með börnin í bólusetningu.



Vilhjálmur Einarsson, silfurverðlaunahafi frá ÓL 1956, er ómyrkur í máli um fyrirhugaða sölu á einum silfurpeningi handbolta-landliðsins frá 2008. Segir hann fáránlegt að einhver skuli hugsa sér að selja silfurverðlaunin.



Margrét Bóasdóttir, söngkona og kórstjóri, stýrir kórahátíð sem haldin verður í Hörpu þessa helgi. Um nýu hundruð manns koma syngjandi fram og er þetta fjölmennasti viðburður í Eldborgarsalnum frá upphafi.



Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson gefur út sína fyrstu jólaþötu fyrir jólin. Skagfirski sveiflan verður að sjálfsögðu allsráðandi á plötunni, en Geirmundur segist hafa haft þennan draum í höfðinu í nokkur ár.



→ Landsliðsframherjinn Eður Smári Guðjohnsen átti sinn þátt í því að íslenska landsliðið í knattspyrnu náði þeim sögulega árangri að tryggja sér umspil um laust sæti á HM 2014. Hann sagði landsliðsmenn geta verið stolta af árangrinum, hvað sem gerist síðar.

Annað dómssmál eftir pottaferð Isavia-fólks

Fyrirverandi yfirmaður hjá Isavia hefur stefnt félaginu vegna ólögðrættar uppsagnar og krefst tveggja milljóna í bætur. Honum var sagt upp eftir að konu voru dæmdar bætur vegna kynferðislegrar áreitni hans. Hæstiréttur sneri þeim dómi.

DÓMSMÁL Stefán Thordersen, fyrirverandi yfirmaður hjá Isavia, hefur stefnt félaginu fyrir dóm vegna ólögðrættar uppsagnar og krefst tveggja milljóna króna í bætur.

Málið má rekja til sumarbústaðarferðar sem Stefán fór í ásamt samstarfsmanni sínum og kvenkyns undirmanni í Grímsnes í mars 2009. Konan fór nokkru síðar í mál við Isavia vegna þess að í ferðinni hefði hún orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu Stefáns en félagið hefði í engu brugðist við þeim upplýsingum og ekki gert henni fært að sinna starfi sínu áfram. Hún sagði áreitnina hafa falist í því að Stefán hefði farið nakinn í heitan pott og í kjölfarið ruðst inn í herbergi til hennar.



STEFÁN THORDERSEN

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi konunni í vil í febrúar 2011, sagði að konan hefði tvímælalaust upplifað kynferðislega áreitni af hálfu Stefáns og að Isavia hefði borið að bregðast við. Henni voru dæmdar 1,8 milljónir í bætur vegna málsins.

Stefán átti enga aðild að dómssmálinu, fékk ekki að koma sjónarmiðum sínum þar á framfæri og var aldrei ákærður fyrir kynferðislega áreitni. Eftir að dómurinn komst í hárnæli var honum engu að síður sagt um störfum hjá Isavia.

Ári síðar komst Hæstiréttur svo að annarri niðurstöðu en héraðsdómur; Isavia var sýknað af kröfu konunnar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að viðbrögð konunnar hefðu ekki verið í samræmi við



FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR Stefán var yfirmaður öryggisviðs Isavia á Keflavíkurflugvelli.

alvarleika málsins, hún hefði ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni eins og hún er skilgreind í lögum og hún hefði ekki verið beitt óréttlæti með tilliti til starfsöryggis og starfskjara. Hæstiréttur sagði að háttsemi Stefáns hefði verið óviðeigandi en ekki ólögleg.

Í sumar stefndi Stefán svo Isavia vegna uppsagnarinnar. Efnislega krefst hann þess að það verði viðurkennt með dómi að hann hafi í starfi sínu notið réttarstöðu opinbers starfsmanns, jafnvel þótt á þessum tíma hafi Isavia verið orðið opinbert hlutafélag, og því hafi ekki verið heimilt að víkja honum úr starfi án þess að áminna hann fyrst.

Verði þetta viðurkennt telur hann að í uppsögninni hafi falist

2 milljónir

er sú upphæð sem fyrirverandi yfirmaður hjá Isavia krefst í miskabætur vegna meintrar ólögðrættar uppsagnar.

ólögðrætt meingerð gegn honum og krefst tveggja milljóna króna í miskabætur.

Isavia hefur hafnað kröfunni á þeim grundvelli að Stefán hafi alls ekki verið opinber starfsmaður, enda hafi hann gert nýjan ráðningarsamning eftir að Isavia varð opinbert hlutafélag.

stigur@frettabladid.is

Pingforseti metur ekki nauðsyn forfalla þingmanna eins og lög kveða á um:

Lögum um forföll er ekki fylgt

ALÞINGI Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir að þingið gangi ekki sérstaklega á eftir því við þingmenn hvers vegna þeir boða forföll af þingi, jafnvel þótt þingskaparlög kveði á um að þingforseti skuli meta nauðsyn forfalla.

Fjarvera Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra af þingi undanfarið hefur verið til umræðu, meðal annars á þinginu sjálfu, í vikunni. Þau svör hafa fengist að Sigmundur sé í fríi en ekki hvar eða hvers eðlis fríið sé.

Í 65. grein þingskaparlaga segir þetta: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina.“

Einar segir þó að þetta sé ekki gert. „Þetta

hefur alltaf verið praktiserað þannig að þingmenn tilkynna fjarvistir eða forföll án þess að þingið gangi síðan nokkuð frekar eftir því af hvaða toga það er. Þannig að það er auðvitað bara í sjálfsveld hvers þingmanns sett, og það á jafnt við um ráðherra sem aðra þingmenn.“



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

EINAR K. GUÐFINNSSON

ÍSLANDSKEK
ilmandi KEX smíðjan ljúffengt

TREFÁRST KEILHVÍTTIKER
HAFRÁKEX

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

Nýtt kortatímabil

KRINGLUKAST

FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

OPIÐ 10-18 Í DAG



NÝJAR VÖRUR

20-50%

AFSLÁTTUR

Kringlan

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

Opið laugardag 10-18 | sunnudag 13-18

AF ÖLLU HJARTA

12.10.2013 → 18.10.2013

20
fótboltavellir
myndu rúmast í risavöxnu gróðurhúsi sem áformað er að reisa í **Grindavík**.

1-1
voru lokatölurnar í leik Íslands og Noregs.

12% eins árs gamla barna eru ekki bólusett fyrir hættulegum sjúkdómum á borð við stífkrampa og mænuótt.

6 innlendir bjórframleiðendur flytja út yfir 25 tegundir af íslenskum bjór til átta landa í þremur heimsálfum.

5,1 lítri af metanóli verður framleiddur úr koltvísyringi í verksmiðju Carbon Recycling International í Svartsengi á næsta ári.

ICELAND AIRWAVES
300
erlendir blaðamenn sækja Iceland Airwaves í ár.

9.500 nýir bílar munu seljast hér á landi á næsta ári samkvæmt forsendum fjárlaga.

Árið 2066 má búast við því að meðaltalshiti í Reykjavík verði kominn upp fyrir hæstu ársmeðaltöl árunum 1860 til 2005.

62.000 einstaklingar hafa farið á atvinnuleysisráð frá árinu 2008.



ÓFRIDARBÁL Átök geisa enn af krafti í Sýrlandi, en þessi mynd er tekin í borginni Aleppo í gær, sama dag og Sádaráfþökkuðu sæti í öryggisráði SP.

Sádi-Arabar með óvænt útspil í öryggisráðskosningum:
Afþökkuðu sæti í mótmælaskyni

NEW YORK, AP Sádi-Arabar tóku afar óvænt skref í gær þegar þeir afþökkuðu sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það gerðu þeir í mótmælaskyni vegna getuleysis ráðsins varðandi borgarastyrjöldina í Sýrlandi. Sádaráfþökkuðu uppreisnarhópa með ráðum og dád gegn Bashar al-Assad forseta og stjórn hans.

Rannsóknir á Drekasvæðinu:

Bíða svars frá Norðmönnum

ORKUMÁL Orkustofnun hefur sent ríkisstjórn Noregs drög að leyfi til rannsóknna og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Norðmenn hafa nú 30 daga til að ákveða hvort þeir taka þátt í verkefninu.

Kínverska olíufyrirtækið CNOOC International og Eykon Energy á Íslandi hafa fengið leyfinu úthlutað en samkvæmt samkomulagi við Norðmenn um nýtingu Drekasvæðisins stendur þeim til boða að eignast fjórðungshlut í verkefninu.

Harper og Barroso á fundi:

Samningi um fríverslun lokið

BRUSSEL, AP Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, lögðu í gær lokahönd á fríverslunarsamning sem verið hefur í smíðum í fjögur ár.

Vonir standa til þess að samningurinn efli hagvöxt og dragi úr atvinnuleysi bæði í ríkjum ESB og í Kanada. Kanadísk fyrirtæki fá betri aðgang að mörkuðum í ESB, og hið sama gildir um aðgang evrópskra fyrirtækja að Kanada. Enn á þó eftir að staðfesta samninginn.

Blendin viðbrögð við tilfærslu frídaga

Þjóðkirkjan leggst gegn því að uppstigningardagur verði afnuminn sem almennur frídagur. Fólk verði að eiga þess kost að sækja kirkju á helgum dögum. Alþýðusambandið segir skiptar skoðanir meðal félagsmanna á tilfærslu frídaga.

VINNUMARKAÐUR „Öll trúfélög gera ráð fyrir að fólk eigi frídaga, ekki einungis til að lofa guð heldur til hvíldar. Þess vegna tel ég að það væri nær að fjölga frídögum frekar en færa þá til,“ segir Þorvaldur Víðisson biskupsritari um frídagafrumvarp Bjartrar framtiðar sem nú liggur fyrir Alþingi.

Samkvæmt því verður gefið frí á föstudegi eftir uppstigningardag og sumardaginn fyrsta. Beri jóladag, annan í jólum, nýársdag og 17. júní upp á frídag á að gefa aukafrídag næsta virka dag á eftir. Loks er kveðið á um það í frumvarpinu að 1. maí verði haldinn hátíðlegur fyrsta mánudag í maí.

Þjóðkirkjan leggst alfarið gegn því að afnema uppstigningardag sem almennan frídag. Kirkjan segir að hann sé messudagur í flestum kirkjum landsins. Þjóðkirkjan vilji stuðla að því að þeir sem kjósi eigi þess kost að sækja kirkju á helgum og hátíðum og rækta trú sína og samfélag.

Þær eru fleiri efasemdaraddirnar. Halldór Grönnvold, vinnuarkaðsérfræðingur hjá ASÍ, segir að tilfærsla á frídögum hafi ekki verið til umfjöllunar innan ASÍ nokkuð lengi.

„Við vitum þó að það eru ólík sjónarmið meðal aðildarféлага okkar og félagsmanna varðandi tilflutning á frídögum,“ segir Halldór. Hann



ÞJÓÐKIRKJAN Kirkjunnar þjónar leggast alfarið á móti því að uppstigningardagur verði afnuminn sem almennur frídagur. Uppstigningardagur sé messudagur í flestum kirkjum landsins.

Tólf lögbundnir frídagar

Lögbundnir frídagar hér á landi eru tólf. Fjóra þeirra getur borið upp á helgi, það eru jóladagur, annan í jólum, nýársdagur, og 17. júní. Auk þess getur sumardagurinn fyrsti fallið á skírdag. Verði frídagafrumvarp Bjartrar framtiðar að lögum óbreytt verður gefið frí næsta virka dag eftir að lögbundinn frídagur fellur á helgi. Hvað varðar sumardaginn fyrsta þegar honum slær saman við skírdag gerir frumvarpið ráð fyrir að gefið yrði frí á miðvikudeginum á undan.



HALLDÓR GRÖNNVOLD



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

bendir á að margir hafi þann sið að vinna af sér föstudaginn eða taka hann sem orlofsdag og fá þannig langa og góða helgi. Hann segir það þó jákvætt ef fólk fengi frí þegar rauðir dagar falla á helgar. Halldór segir að það sé ekki Alþingis að taka

ákvörðun um breytingar á frídögum án samráðs við launþegahreyfingarnar í landinu. Hann segir að samninganefnd Alþýðusambandsins komi saman á næstunni og þar verði mótuð samræmd stefna varðandi þetta mál.

Þorsteinn Víglundsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, sagði í samtali við Vísir að engin forsenda væri fyrir því að fjölga frídögum á Íslandi. Hann segir SA hlynnt því að færa frídaga í miðri viku upp á helgum, slíkt auki framleiðni í þjóðfélaginu. Framleiðslustopp í miðri viku hafi gríðarlegt óhagræði í för með sér fyrir framleiðslufyrirtækin.

johanna@frettabladid.is

BMW X6
HLAÐINN AUKABÚNAÐI

BMW X6 - XDrive40d
Nýskr. 07/12, ekinn 15 þús. km. dísil, sjálfstýrtur. Búnaður m.a.: beygjuljós, hiti í öllum sætum, lykjalaust aðgengi, Adaptive drive kerfi, umhverfismyndavél, o.m.fl.

14.900 þús.

bilaland
Kletthálsi 11 Sími 525 8000
bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

BJART V- OG N-LANDS um helgina en dregur fyrir á mánudag. Strekkingur og dálftil væta SA- og A-til næstu daga. Hiti 0-7 stig yfir daginn en víða vægt næturfröst.

Alicante 27°	Billund 9°	Gautaborg 9°	London 17°	Orlando 30°	San Francisco 20°
Basel 19°	Frankfurt 14°	Kaupmannahöfn 9°	Mallorca 28°	Ósló 7°	Stokkhólmur 6°
Berlín 12°	Friedrichshafen 21°	Las Palmas 26°	New York 18°	París 18°	

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

Nýtt Íslandsbanka American Express® kort með tvöfalt fleiri punktum



Kortið er gefið út af Íslandsbanka í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

Frjálsir punktar sem þú notar að vild

Með nýja American Express kortinu safna viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka punktum að lágmarki tvöfalt hraðar en á öðrum kortum bankans. Kortinu fylgja líka víðtækar ferðatryggingar og sértíloð til korthafa American Express.

Í Vildarþjónustu Íslandsbanka safnar þú punktum fyrir kortanotkun, sparnað, bílalán og aðra bankaþjónustu. Þessir punktar eru frjálsir og þú getur notað þá eins og þér hentar í hvað sem þú vilt.

Kynntu þér Íslandsbankapunktana og nýja American Express kortið á islandsbanki.is



Þú getur breytt punktunum í:

- Peninga
- Vildarpunkta Icelandair
- Ferðaávisun
- Sparnað
- Framlag til góðgerðarmála

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



LANDSSAMBAND
BLANDAÐRA KÓRA 75 ÁRA 2013



Karólína Lárusdóttir

KÓRAHÁTÍÐ Í HÖRPU

19.-20. OKTÓBER 2013

Laugardag 19. október kl. 13.00-17.00

25 ÖRTÓNLEIKAR KÓRA
Í NORÐURLJÓSUM OG Í OPNUM RÝMUM HÖRPU
aðgangur ókeypis

Sunnudag 20. október kl. 15.00

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í ELDBORG
10 kórar og samkór 900 söngvara

Aðalstjórnandi: ROBERT SUND

Miðasala á harpa.is

www.tbk.is

Ákærður fyrir að hafa stungið mann tvisvar í lærið með Leatherman Wave: Neitar hnífsstungu í Mjóddinni

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur 22 ára gömlum Reykvíkingi fyrir að stinga tvítugan mann tvívegis í lærið með hnífi við Mjóddina í Breiðholti 1. ágúst í fyrra. Hann er sömuleiðis ákærður fyrir að hafa skömmu síðar lagt til annars ungs manns þannig að hnífurinn straukst við maga hans.

Hinn ákærði mætti fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær þegar ákæran var þingfest og neitaði sök.

Sá sem fékk stunguna í lærið krefur hinn ákærða um 800 þúsund krónur í bætur.

Ríkissaksóknari gerir jafnframt kröfu um að hnífur sem lögregla lagði hald á verði gerður upp-tækur. Hann er af gerðinni Leatherman Wave. -sh



Á VETTANGI Fréttablaðið birti þessa mynd af vettvangi í fyrra. Þar má sjá nærstadda stumra yfir hinum stungna.



FUNDAD Fulltrúar margra tækni- og hugverkafyrirtækja voru samankomnir á Startup Reykjavík í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Unnið að einfaldara viðskiptaumhverfi

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir stjórnarflokkana vinna að leiðum til að sporna við flótta tækni- og hugverkafyrirtækja úr landi. Á meðal þeirra er einföldun á regluverki. Hún segir mikilvægt að auðlegðarskatturinn verði ekki framlengdur.

VIÐSKIPTI „Mér finnst þetta mjög sláandi dæmi og það sýnir vel hversu vondur skattur auðlegðarskatturinn er,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, spurð út í viðbrögð hennar við sögu Friðriks Skúlasonar, fyrrverandi eiganda hugbúnaðarfyrirtækisins Frisk Software.

Friðrik sagði í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag að auðlegðarskattur stjórnvalda væri aðalástæðan fyrir því að hann ákvað að selja fyrirtæki sitt úr landi. Þar gerði Friðrik grein fyrir því hvernig hann og eiginkona hans þurftu að selja fyrirtækið vegna þess að þau vildu ekki nota arð úr fyrirtækinu til að greiða skattinn, heldur nota hann til að byggja fyrirtækið upp.

„Mér finnst sárt að sjá á eftir svona fyrirtækjum til útlanda og því er það mikilvægt að auðlegðarskatturinn verður ekki framlengdur á næsta ári,“ segir Ragnheiður.

Salan á Frisk Software er einungis eitt af mörgum dæmum um tækni- og hugverkafyrirtæki sem hafa annaðhvort flutt höfuðstöðvar sínar til útlanda á undanförunum árum eða verið seld.

Gjaldeyrishöftin eru oft sögð vera ein aðalástæðan fyrir þeirri þróun því innan þeirra eiga þessir fyrirtæki erfiðara með að nálgast nauðsynlegt fjármagn til að vaxa.

„Gjaldeyrishöftin eru stóra einstaka vandamálið. Fjármálaráðherra vinnur nú að því að finna leiðir til að komast undan þeim en á meðan þurfum við að aðstoða fyrirtækin við að starfa innan haftanna. Það er aftur á móti snúid viðfangsefni því við viljum ekki gera kerfið þannig að það verði svo gott að starfa innan haftanna að hvatinn til að losna við þau hverfi,“ segir Ragnheiður.

Spurð hvort ríkisstjórnin sé að vinna að öðrum leiðum til að bæta rekstrarumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja segir Ragnheiður að unnið sé að úrbótum á



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

almennu viðskiptaumhverfi fyrirtækja og þá einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

„Fyrirtækin gagnrýna að regluverkið hér sé of flókið og tímafrent. Við í mínu ráðuneyti

erum markvisst að fara yfir allt regluverk sem undir okkur heyrir, með það að markmiði að einfalda það og draga úr kostnaði og tíma.“

Ragnheiður nefnir einnig breytingar á skattkerfinu sem leið í átt að bættu rekstrarumhverfi. „Ég trúir því staðfast að einfalt skattkerfi og hóflegir skattar séu betur til þess fallnir að skila tekjum inn í ríkissjóð og tryggja efnahagslegar framfarir. Báðir stjórnarflokkarnir deila þeirri skoðun. Þó þetta séu lítil skref eru þau mikilvæg í því að snúa skipinu við.“ haraldur@frettabladid.is



Smáskipanámskeið

Námskeiðið veitir atvinnuréttindi á 12 m skip og styttri. Kennit í fjarnámi auk einnar innlotu í enda námskeiðs.

Tími: 21. október – 30. nóvember 2013.

Skemmtibátanámskeið

Bóklegt námskeið á skemmtibáta styttri en 24 m. Kennit í fjarnámi.

Tími: 21. október – 30. nóvember 2013.

Skráning og nánari upplýsingar: Sími 514 9602
www.tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Vissir þú að...



Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Nýr alþjóðasamningur um notkun kvikasilfurs bíður staðfestingar:

Kvikasilfri úthýst að mestu

UMHVERFISMÁL Stefnt er að því að innan þriggja áratuga verði notkun kvikasilfurs að mestu hætt í iðnframleiðslu.

Samkvæmt nýjum alþjóðasamningi, sem bíður staðfestingar, verður að mestu óheimilt að nota kvikasilfur í rafhlöður, málningu, snyrtivörur og jafnvel ljósaperur, nema í takmörkuðu magni þar sem önnur úrræði eru ekki fyrir hendi.

Achim Steiner, yfirmaður Umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna, segir að samningurinn marki tímamót í náttúruvernd, því kvikasilfur sem sleppur út í

umhverfið safnist fyrir í fiski og berist þaðan upp fæðukeðjunna.

Samningurinn var samþykktur á alþjóðaráðstefnu í Japan í síðustu viku. Yfir 90 ríki hafa þegar skrifað undir, en tugir ríkja hafa þó ekki enn gert upp hug sinn.

Bæði Evrópusambandið og Kína samþykktu samninginn, en Indland og Rússland ekki. Bandaríkin ætluðu sér að skrifa undir en gátu það ekki vegna heimatilbúins fjársveltis þarlendrar stjórnvalda. Úr þeim vanda hefur nú verið bætt og má búast við undirritun Bandaríkjanna fljótlega. -gb



Á RÁÐSTEFNUNNI Í JAPAN Nobuteru Ishihara frá Japan, Doris Leuthard frá Sviss og Achim Steiner frá Sameinuðu þjóðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR
CARGO 

FYRIR EYJU Í MIÐJU ATLANTSHAFINU ER ÖFLUGT LEIÐAKERFI EINFALDLEGA SPURNING UM LÍFSGÆÐI OG VERÐMÆTI.

Við erum alltaf í kapphlaupi við tímann og viljum að fjárfestingar skili sem mestum arði. Leiðakerfi Icelandair Cargo er byggt upp til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Þess vegna fljúgum við til svo margra áfangastaða.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo með vörur til og frá Íslandi.

Horst Gorda mátti þola niðurlægingu

Horst Gorda fannst látinn á Klambratúni í síðustu viku. Hann var í kynleiðréttingarferli og barðist í tvö ár fyrir því að fá nafni sínu breytt í þjóðskrá og vera viðurkenndur sem karlmaður. Ráðgjafi telur að ekki ætti að hleypa fólki í ferlið án þess að tryggja að kerfið sé samstiga.

JAFNRÉTTISMÁL „Horst var ekki vonlaus fíkill og hann hafði ekki brennt allar brýr að baki sér. En hann hafði gefist upp, langþreyttur af baráttu sinni fyrir mannsæmandi lífi, viðkvæm sál með stórt hjarta, og stolt, sem gerði það að verkum að hann átti erfitt með að láta sér lynda niðurlægingu fólks sem lék sér að því að kalla hann „hana“ og ávarpa í erfiðum aðstæðum með hans fyrra nafni.“

Svo skrifar Arnaldur Máni Finnsson í minningarorðum um Horst Gorda á Facebook, en Arnaldur er áhugamaður um málefni utangarðsfólks og fíkla í Reykjavík. Dagana áður en Horst dó var hann á götunni en hann hafði verið edrú í tæpt ár. Hann fór í meðferð í september 2012 og bjó á áfangaheimilum þangað til honum var vísað út um miðjan september síðastliðinn því hann var byrjaður að drekka. Hann hafði fengið vilyrði hjá lögrelunni um að mega sofa í fangageymslu kvöldið áður en hann dó en mætti ekki og fannst látinn undir morgun á Klambratúni í síðustu viku.

Þegar Horst, sem var frá Lettlandi, flutti til Íslands árið 2005 var hann kona og bar nafnið Iveta. Árið 2009 hóf hann kynleiðréttingarferli, fór í hormónamedferð og fyrir tveimur árum voru brjóst hans fjarlægð. Það sem olli honum helst vandræðum síðustu tvö árin var að geta ekki breytt nafni sínu í þjóðskrá og fengið þannig lögbundna viðurkenningu á kyni sínu. Í minningarorðum Arnaldar



ELÍSABET ÞORGEIRSDÓTTIR



ÓTTAR GUÐMUNDSSON

segir jafnframt að nafnbreytingin hafi valdið honum ýmsum vanda-málum. „Hann gat ekki sótt um vinnu því í þjóðskrá var hann kona. Hann gat ekki kynnt sig fyrir vinum sínum, ekki farið í sund eða skemmt sér við að deila lífi sínu og reynslu, til að mynda í því samfélagi þar sem hann vann í að losna undan áfengisvandanum. Hann gat ekki leigt sér íbúð vegna misræmisins á milli þess sem hann var og þess sem skilríkin sögðu.“

Horst Gorda gat ekki breytt nafni sínu í þjóðskrá fyrr en hann væri kominn með íslenskan ríkisborgararétt því að í Lettlandi var hann skráður sem konan Iveta. Ekki er hægt að vera skráður með hvort sitt kynið í tveimur löndum.

Elísabet Þorgeirsdóttir, félagsráðgjafi Samtakanna '78, segir að bæta þurfi verklagsreglur í kynleiðréttingarferli. „Það er varhugavert að leyfa manni með erlent ríkisfang að fara í kynleiðréttingarferli án þess að rétturinn til nafnbreytingar sé tryggður. Ef ríkisborgararéttur er skilyrði fyrir nafnbreytingu þá þarf að skoða hvort íslenskur ríkisborg-



Á KLAMBRATÚNI Horst Gorda fannst látinn á Klambratúni á föstudaginn fyrir viku. Lögreglan hefur gefið upp að dánarsök liggja ekki fyrir en ekki leiki grunur á að andlátíð hafi borið að með saknæmum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ Horst var sagt að fara í Konukot

Nú í vikunni lagði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra fram frumvarp til laga þar sem sérstaklega er gert refsivert að hæðast að trans-fólki. Í tilfalli Horsts var sú staðreynd að hann bar skilríki sem kona notuð til að hæðast að honum. Það kom til dæmis fyrir að honum var vísað frá gistiskýli fyrir heimilislausu menn og sagt að fara í Konukot þegar hann framvísaði persónuskilríkjum, þótt starfsmenn vissu fullvel að hann væri í kynleiðréttingarferli. Erfitt er að segja til um hvort lögin verndi slíkt háð þar sem hann var í raun ekki viðurkenndur á löglegan hátt sem karlmaður.

araréttur ætti að vera skilyrði til að hefja ferlið,“ segir Elísabet.

„Þetta var flókið og erfitt mál því einstaklingurinn var erlendir ríkisborgari,“ segir Óttar Guðmundsson, geðlæknir á Landspítalanum, en Horst var skjólstaðingur hans. „Ég margreyndi að finna flöt til að breyta nafni Horsts en það var

enga leið að finna í kringum kerfið. Því miður var ekki hægt að sjá fyrir að þetta vandamál kæmi upp þegar kynleiðréttingarferlið hófst.“ Óttar segir að í lögum sé miðað við tveggja ára búsetu á Íslandi til að hafa rétt á kynleiðréttingarferli. Aftur á móti er til dæmis í Svþjóð skilyrði að hafa sænskan ríkisborg-

VIÐURKENNING Á ÞÍNU RAUNVERULEGA KYNI



Uglya Stefánía Jónsdóttir er formaður Trans Íslands og segir nafnbreytingu afar mikilvæga í kynleiðréttingarferlinu. „Það er ekki eingöngu persónulegur ávinningur heldur er líka verið að viðurkenna þitt raunverulega

kyn í lagalegum skilningi. Ef maður er með skilríki með röngu kyni er gert lítið úr þinni upplifun og sagt að hún sé ekki réttmæt.“ Uglya segir biðina eftir nafnbreytingu hafa verið mjög erfiða fyrir sig. „Þetta var löng bið og það komu upp ýms vandamál. Bara eins og að versla í búð, fara í banka eða til útlanda. Það veldur alls kyns yfirheyrslum og óþægilegum spurningum og miklir fordómar í samfélaginu gera þetta sérstaklega erfitt.“

ararétt. Óttar er ekki sammála þeirri gagnrýni að ekki hefði átt að hleypa Horst í kynleiðréttingarferli. „Það hefði verið æskilegra ef hann hefði haft betra stuðningsnet í kringum sig en ég er sannfærður um að honum leið betur sem karlmanni en nokkru sinni sem kona,“ segir Óttar.

erla@frettabladid.is



BMW

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure

ÞETTA ER BÍLLINN SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SKOÐA.

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

**BMW X1 - xDRIVE 4x4 - 1,8 DÍSIL - 143 HESTÖFL
5,5 L/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI.**

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL

Tegundakynning Kynjakatta

FRÁ 12:00 TIL 17:00
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

LUKKUPOTTUR
DÝRALÆKNIR
DÝRAVÖRUKYNNINGAR
KATTASKJÓLFÍKUR
ÞJÓNUSTA RKÍ Á HEIMILSDÝRUM
TIL SJÚKRAVIJANA

20 TIL 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM

ARION

Brit
PREMIUM

Hills

PRO
PLAN

ROYAL CANIN

LJÓSASERÍUDAGAR

20% AFSLÁTTUR

FÁIÐ FERSKAR HUGMYNDRIR AÐ HLÝLEGRI HAUSTLÝSINGU

30% AFSLÁTTUR AF HAUSTLAUKUM

OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Halldór Ármannsson hlutskarpastur í kjöri á landsfundi í gær: Nýr formaður smábátaeigenda

SJÁVARÚTVEGUR Halldór Ármannsson var í gær kjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda á aðalfundi félagsins á Grand Hótel Reykjavík. Halldór var áður varaformaður sambandsins og er núverandi formaður Reykjanes – félags smábátaeigenda á Suðurnesjum.

Þorvaldur Garðarsson, formaður Árborgar – félags smábátaeigenda á Suðurlandi, gaf einnig kost á sér

til formennsku. Halldór hlaut 26 atkvæði og Þorvaldur 24.

Arthur Bogason, sem hafði verið formaður félagsins frá stofnun þess 5. desember 1985, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku.

- hg, skó

NÝR FORMAÐUR Halldór Ármannsson var kjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda í hníffafni kosningu.



MÓTMÆLI Drónaárásir hafa vakið mikla reiði, meðal annars í Pakistan þar sem þessi mynd var tekin í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

450 borgarar hafi fallið í drónaárásum

Samkvæmt skýrsludrögum frá Sameinuðu þjóðunum er talið að um 450 óbreyttir borgarar hafi fallið í árásum sem Bandaríkjamenn hafa gert með ómönnum loftförum í baráttu sinni gegn hryðjuverkamönnum.

PAKISTAN, AP Um 450 óbreyttir borgarar eru taldir hafa fallið í 33 árásum ómannaðra loftfara, sem kallast gjarnan drónar, á vegum bandarískra stjórnvalda. Þetta kemur fram í drögum að skýrslu um mannfall í drónaárásum sem verið er að vinna fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Síðustu misseri hafa Bandaríkjamenn í síauknum mæli reitt sig á loftför þessi í baráttu við hryðjuverkamenn í Pakistan, Afganistan og Jemen. Þessi nálgun hefur enda reynt áhrifarík að því marki að tekist hefur að fella fjölmarga forvígismenn hryðjuverkahópa, ekki síst hópa sem tengjast al-Kaída hryðjuverkanetinu, án þess þó að hætta lífi hermanna.

Á móti kemur fyrrnefnt mannfall í hópi óbreyttra borgara, sem hefur valdið mikilli úlfúð í þeim ríkjum sem um ræðir. Meðal annars var þetta eitt af helstu kosningamálunum í þingkosningunum í Pakistan fyrr á árinu.

Bandaríkjastjórn hefur hingað til ekki viljað upplýsa um umfang eða fjölda aðgerða og ber við þjóðaröryggissjónarmiðum. Í skýrslunni segir meðal annars að þátttaka leyniþjónustunnar, CIA, í drónaverkefnum hafi skapað „nær óyfistíganlegar hindranir í átt að gagnsæi“. Löndum sem stunda árásir með drónum, Bandaríkjunum, Bretlandi og Ísrael, beri skylda til að upplýsa um mannfall í árásum sínum og sýna fram á lagalega réttlættingu fyrir þeim.

Ben Emmerson, sem er aðalhöfundur skýrslunnar, segir slíkt ekki geta viðgengist til langframa



DRÓNAR Flugskeytum er skotið úr fjarstýrdum loftförum sem þessum sem beitt hefur verið gegn hryðjuverkahópum. Samkvæmt frumdrögum skýrslu á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa þó 450 óbreyttir borgarar fallið í slíkum árásum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

og kallar eftir frekara gegnsæi af hálfu Bandaríkjamanna. Slíkt sé lykilatriði í því að fórnarlömbum slíkra árása gefist færi á að leita réttar síns.

Stjórnvöld í Pakistan hafa tjáð Sameinuðu þjóðunum að 400 óbreyttir borgarar hafi minnsta hafi fallið í drónaárásum þar í landi frá árinu 2011, þrjátíu í Afganistan og 21 í Jemen.

Emmerson segir í skýrsludrögum að árásirnar brjóti einnig gegn fullveldi Pakistans, þar sem stjórnvöld þar í landi hafa mót-mælt þeim opinberlega.

Þetta þykir þó ekki svo einfalt, þar sem almennt er talið að sumar árásirnar hafi verið samþykktar af mönnum í efstu lögum stjórnkerfisins og hersins.

Fullkláruð skýrsla verður kynnt fyrir Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

thorgils@frettabladid.is

Málþing um myrkurgæði

Í tilefni af útgáfu greinargerðar um Myrkurgæði á Íslandi verður haldið málþing um myrkurgæði og ljósmengun miðvikudaginn 23. október, kl. 10–12, í fundarsal Þjóðminjasafnsins.

- **Mörður Árnason**, formaður starfshóps um myrkurgæði á Íslandi, kynni greinargerðina.
- **Áhugamenn horfa til himins.**
Sverrir Guðmundsson, framhaldsskólakennari og stjórnarmaður í Stjörnuskóðunarfélagi Seltjarnarness.
- **Hvað sjást margar stjörnur?**
- Myrkurgæði á höfuðborgarsvæðinu.
Snævarr Guðmundsson landfræðingur.
- **Hlutverk OR við götulýsingu.**
Hilmar Jónsson starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur.
- **Ljósstjarskipulag – markmið og ávinningur.**
Guðjón L. Sigurðsson lýsingarhönnuður og **Rósa Dögg Þorsteinsdóttir** lýsingarhönnuður og innanhússarkitekt.

Að loknum erindum verða pallborðsumræður og eru þátttakendur þar auk framsögumanna þau Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum og formaður Ferðafélags Íslands, og Svandís Svavarsdóttir, alþingismaður og fyrrverandi umhverfis- og auðlindaráðgjafi.

Ókeypis er á þingið og eru allir velkomnir.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfriðum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðan og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.

Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

MATVÍS

boðar til almennra félagsfunda Reykjavík þriðjudaginn 22. október á Stórhöfða 31 1. hæð kl. 16.30 og á Akureyri á Hótel KEA miðvikudaginn 23. október kl. 16.00

Dagskrá

1. Kjaramál
2. Önnur mál



Nýr vefur SORPU kominn í loftið

Sorpa.is er vefur fullur af gagnlegum upplýsingum um endurvinnslu og úrgangsmál. Á einfaldan og aðgengilegan hátt er hægt að finna allt frá flokkunarreglum yfir í staðsetningar endurvinnslustöðva og grenndargáma.

sorpa.is – allt sem þú þarft að vita um endurvinnslu.



Kennurum hefur fjölgað um 20% á 15 árum:

Vonlaus skóli

Stíðustu áratugi höfum við lagt talsvert fjármagn og orku í forsendur þess að þjónusta í grunnskólum landsins megi verða sem best. Að því er virðist með sáralitlum árangri. Kennaranámið er nú fimm ára háskólanám og lýkur með meistaraþráðu. Fyrir fimmtán árum þurfti þriggja ára nám til að öðlast kennararéttindi og allstór hluti starfandi kennara var án réttinda. Í dag heyrir þetta til undantekninga og þótt nemendum í grunnskóla hafi fækkað lítillega (um 45 sé miðað við árið í fyrria) hefur kennurum fjölgað um tuttugu prósent.

Fyrir fimmtán árum voru grunnskólakennarar á Íslandi 3.726 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Samkvæmt nýjustu talningu Hagstofunnar eru kennarar orðnir 4.492. Sem merkir að fyrir fimmtán árum voru 11,4 nemendur á hvern kennara

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



en þeir eru í dag 9,5. Þetta kemur ekki á óvart þegar rýnt er í kostnað við grunnskólana en okkar grunnskóli er einn sá dýrasti í heimi, samkvæmt mælingum OECD. Samt hljóttum við öll að vera sammála um að kennarar eru ekki ofaldir á launum sínum og í raun kæmi engu okkar á óvart þótt hér myndi fljótlega allt loga í kjaradeilum og verkföllum kennara – það vofir yfir.

Hvar stendur hnífurinn í kúnni? Krakkarnir okkar standast illa samanburð við jafnaldra þeirra í löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Brottfall framhaldsskólanema hér á landi er með því hæsta sem þekkist í hinum vestræna heimi. Það tekur íslenska krakka fjórtán ár að komast í háskóla en í öllum þeim löndum sem við viljum miða okkur við tekur það tólf og þrettán ár.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði á dögunum í sjónvarpsþættinum Stóru málu um að honum þætti þessi málaflökkur margslunginn og erfiður. Hann er æðsti yfirmaður skólamála í stærsta sveitarfélagi landsins. Hann sagðist hafa einbeitt sér að eineltismálum fremur en því að skólakerfið í heild væri að þróast til góðs.

Auðvitað er mikilvægt að einbeita sér að eineltismálum en spurning hvort það sé forgangsræði þegar litið er til þess að góðu heilli hefur náðst ágætur árangur í þeirri baráttu á undanföllum árum. Þökk sé aukinni umræðu, framtaki manna á borði við Stefán Karl Stefánsson leikara og þátttöku skólanna sjálfra í að móta aðgerðir gegn einelti. Jón Gnarr er ekki brautryðjandi í þeim efnum. Það blasir við að huga þarf að grundvallaratriðum. Ótækt er að við séum með of marga kennara á alltof lágum launum í einum dýrasta grunnskóla í heimi. Hér hlýtur að þurfa kjark.


Jón Gnarr upplýsti í áður nefndum þætti að hann væri brenndur af sársaukafullum og erfiðum sameiningum í skólakerfinu sem skiluðu litlu. Jón hefur líklega í þessu hitt naglann á höfuðið. Meinið á rót sína í því að fólk – kennarar og foreldrar – á erfitt með breytingar. Sem dæmi má nefna að alltaf þegar sá möguleiki hefur verið nefndur að skólaárið sé lengt, enda miðast það við horfna hætti; þá að sveitir landsins þurfi á ungviðinu að halda í réttir og sauðburð – þá hafa slíkar hugmyndir strandað á því að kennarar hafa tekið þeim afar illa og bent á að langt sumarfrí sé liður í kjarasamningum þeirra. Vel má vera að svo sé en fyrir liggur að erfiðir og krefjandi tímar eru fram undan hjá þeim stjórnálmönnum sem hafa dug og þor til að laga einn dýrasta og óskilvirkasta grunnskóla í heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

HEIMILISTÖLVA



Intel Core i3 örgjörvi, 8GB vinnsluminni og risastór 2TB harður diskur. Intel HD 4400 skjástýring. Sérstaklega hljóðeinangraður CoolerMaster kassi og Realtek High Definition 7.1 Surround hljóðkort. Frábær kaup fyrir heimilið.

CM H4.3 SILENCIO



TILBOÐSVERÐ
109.990
FULLT VERÐ 119.990

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFÖSS HAFNARFJÖRÐUR

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Samkeppnishæfni Landspítalans og landsins

Þeir fréttatímar eru fáir um þessar mundir sem ekki greina frá óánægju einstakra starfsgreina í heilbrigðiskerfinu og alveg sérstaklega á Landspítalanum. Fyrir fáum dögum lýstu læknanemar því að þeir sæju framtíð sína utan veggja spítalans og væntanlega utan landsteinanna.



þunga en áður.

Landspítalinn er ekki aðeins mikilvæg stofnun. Hann er einn af hornsteinum samfélagsins.

Þó að syrt hafi í állinn fyrir er

Umráður af þessu tagi hafa risið og fallið í gegnum tíðina eins og úthafsaldan. Það liggur í eðli slíkrar starfsemi að hiti tilfínninganna verður aldrei einangraður þegar um hana er fjallað. En hvað sem því líður dylst fæstum um að aldan brotnar nú af meiri

rétt að spítalinn stendur á tímamótum. Enginn þarf að efast um að almennur vilji er til þess að reka hér spítala sem stenst samanburð við það sem best gerist í grannlöndunum.

Sú samstaða sem varð á Alþingi um málefni Landspít-

alans við fjárlagaumræðuna á dögunum staðfestir að um þetta markmið er ekki pólitískur ágreiningur. Í einu hljóði lofuðu þingmenn ríkisstjórnarinnar jafnt sem stjórnarandstöðunnar þremur milljörðum króna til viðbótar því sem ráðgert er í frumvarpinu.

En kálið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Tímamótin sem spítalinn stendur á snúast nefnilega ekki einasta um viljann. Þau lúta ekki síður að hinu sem er miklu snúnara efni. Það er spurningin um getuna til að breyta vilja í veruleika og tryggja samkeppnishæfni Landspítalans.

Forgangsröðun eða vöxtur

Einfalda svarið sem flestir þingmenn gáfu í þessari umræðu var: Breytum forgangsröðinni. Það er gott og blessað en segir ekki mikla sögu. Það má gera með því að skera önnur viðfangsefni samfélagsins meira niður eða með því að leggja hærrí skatta á alla eða einhvern takmarkaðan hóp skattgreiðenda.

Hvor leiðin sem farin verður til að breyta forgangsröðinni á eftir að reynast þingmönnum þingri þraut en ræðurnar þegar viljinn var látinn í ljós. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi rekast þeir á önnur loforð sem þá þarf að svíkja. Í öðru lagi má fastlega reikna með

að tekjur ríkissjóðs verði minni en reiknað er með í frumvarpinu fyrir þá sök að tekjur þjóðarbúsins verða væntanlega rýrari á næsta ári en áður var áætlað.

Breytt forgangsröðun til lengri tíma en eins árs er borin von nema með umfangsmikilli kerfisbreytingu í ríkisrekstrinum. Helsta kerfisbreytingin sem munar um er uppstokkun á framleiðslu- styrkjum í landbúnaði. Hún yrði neytendum hins vegar býsna erfið nema opnað yrði fyrir innflutning samtímis. Flest bendir til að þær sakir standi nú með sama hætti og á síðasta kjörtímabili: Hagsmunir landbúnaðarkerfisins eru sterkari

en tilfinningarnar til heilbrigðiskerfisins.

Haldbesta ráðið til að jafna samkeppnisstöðu Landspítalans er að jafna samkeppnisstöðu landsins við grannlöndin. Vandinn er sá að það dregur í sundur með Íslandi og þeim. Í umræðunum á Alþingi benti fjármálaráðherra réttilega á að mestu skipti að stuðla að meiri hagvexti. Það er einfaldlega ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að rót lélegrar samkeppnishæfni Landspítalans liggur í ónógum hagvexti og vísirinn að varanlegri lausn liggur að sama skapi í aukinni verðmætasköpun.

Yfirborðsgæska dugar skammt

Áhyggjuefni er að ekki skyldu fleiri ræða þessa hlið málsins við þetta tækifæri. Það er áhyggjuefni vegna þess að pólitísk yfirborðsgæska dugar Landspítalanum skammt þegar horft er lengra fram á veginn og markið er sett hærra en að tjalda til einnar nætur. Spítalinn er ekki eyland og verður ekki slitinn úr samhengi við gangverkið í þjóðarþúskaðum.

Atgervisflótti ógnar fleiri sviðum samfélagsins. Því má ekki gleyma. Kjarni málsins er sá að ein

af forsendum þess að bæta megi samkeppnishæfni landsins er að tryggja atvinnulífina mynt sem er gjaldgeng í viðskiptum utan landsteinanna. Kröndur sem hafa ekki meira gildi á erlendur markaði en inneignarnóta í Bónus duga ekki. Dugi þær ekki atvinnulífina duga þær ekki Landspítalanum heldur.

Þeir sem eru hlutlausir í deilunum um markmið og leiðir í þeim efnum eru einnig hlutlausir í baráttunni fyrir varanlegum undirstöðum Landspítalans. Þar með

er ekki sagt að allir starfsmenn heilbrigðiskerfisins þurfi að hella sér í pólitík ofan á annað. En það eiga allir að vera meðvitaðir um að tímamótin sem Landspítalinn stendur á kalla á stærri ákvarðanir en þær sem árlega ráðast eftir þrýstihópaloðmálinu í fjárlaganefnd Alþingis.

Haldi Ísland áfram að dragast aftur úr grannþjóðunum í Evrópu fylgir Landspítalinn með eins og nótt fylgir degi. Því hjóli þarf að snúa við.



HVER SKOLLINN!

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Dorma 4. ára!

Dorma býður til veislu



Fyrir þínar bestu stundir!

Charlotte & Julien
Dream your world™



SHAPE þrýstijöfnunar-
heilsudýna á C&J
stillanlegum botni.

Aðeins kr.
30.597
í 12 mánuði*
STÆRÐ 2X80X200
STILLAN-
LEGT

**AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR**

Settu þig í þægilegar
stillingar og láttu þreytuna
eftir amstur dagsins líða úr þér.

Afmælisverð
C&J + Shape dýna

Stærð cm.	Fullt- verð	Afmælis- verð
2x80x200	442.300	353.840
2x90x200	466.800	373.740
2x90x210	487.300	389.840
2x100x200	499.300	399.440
120x200	267.150	213.720
140x200	297.400	237.920

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- 5 ára ábyrgð

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.



Nature's Rest

Aðeins kr.
8.781
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
FRÁBÆR
KAUP



**HEILSURÚM
FRÁBÆRT
VERÐ**

Afmælisverð
Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
80x200	30.900,-	62.900,-
90x200	35.900,-	68.900,-
100x200	37.900,-	72.900,-
120x200	39.900,-	79.900,-
140x200	42.900,-	92.900,-
160x200	46.900,-	99.900,-
180x200	62.900,-	117.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir
- 320 gormar pr fm²

DÖNSK HÖNNUN!



Jazz
hægindastóll

**AFMÆLISVERÐ
95.900**
FULLTVERÐ KR.
119.900

Fæst í koníaksbrúnu, svörtu, dökkbrúnu og kremuðu leðri.



Comfy
hægindastóll

**AFMÆLISVERÐ
79.900**
FULLTVERÐ KR.
119.900

Fæst í koníaksbrúnu leðri.



Easy
hægindastóll

**AFMÆLISVERÐ
62.900**
FULLTVERÐ KR.
89.900

Fæst í dökkgráu áklæði með svörtum löppum.

HÚSGAGNAHÖLLINNI REYKJAVÍK – ÍSAFIRÐI – AKUREYRI



GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ

Hvít, vönduð og mjúk handklæði

100% BÓMULL – ÞYNGD 450 GSM – ÞERRA ÓTRÚLEGA VEL

AFMÆLIS

50%

AFSLÁTTUR

MAX 10
STYKKI Í STÆRÐ
SÚPER-TILBOÐ
Á HVERN
KUNNA

50 X 100 CM
AFMÆLISVERÐ
497
FULLTVERÐ KR.
995

70 X 140 CM
AFMÆLISVERÐ
997
FULLTVERÐ KR.
1.995

Vinsælu C&J satín-sængurverasettin. 100% bómull með rennilás, 5 litir.



AFMÆLISVERÐ
5.865
FULLTVERÐ KR.
6.900



AFMÆLISVERÐ
119.900
FULLTVERÐ KR.
139.900

Silo svefnsófi með tungu
og rúmfatageymslu.

Stærð: 228 x 162 cm. H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.

NÝ
HEIMASÍÐA
dorma.is
SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ

Tangó
borðstofustóll

AFMÆLISVERÐ
9.900
FULLTVERÐ KR.
15.900



DORMA

– býður góða nótt


Fylgstu með
Dorma á



Fæst svartur með svörtum löppum.
Kremlitur með ljósum eikarlöppum
og kremlitur með svörtum löppum.

MORGUNVERÐARFUNDUR **FESTU - MIÐSTÖÐVAR UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG UN WOMEN Á ÍSLANDI**

Jafnrétti í fyrirtækjum – hvernig förum við að?



23. október kl. 8:30 - 10:00
Icelandair hótel Reykjavík Natura

FRUMMÆLENDUR



Inga Dóra Pétursdóttir
framkvæmdastýra
UN Women á Íslandi -
Jafnréttissáttmálinn



Jón Guðni Ómarss.
framkvæmda-
stjóri fjármálasviðs
Íslandsbanka -
Reynsla úr fyrirtæki



Ólafía B. Rafnsdóttir,
formaður VR
- Jafnlaunavottun

FUNDARSTJÓRI



Ólafur Þ. Stephensen,
stjórnarmaður UN
Women og ritstjóri

Morgunkaffi og skráning
frá kl. 8:00

Verð fyrir félagsmenn Festu og
UN Women kr. 1.700 og fyrir
aðra kr. 2.500

Skáning á
festasamfelagsabyrgd.is

FESTA
Samfélagsábyrgð
fyrirtækja

UN WOMEN
ÍSLENSK
LANDSNEFNI

Svar við svári við sex spurningum

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur áður tjáð sig um mál efni Ríkisútvarpsins á opinberum vettvangi og mun gera það áfram eftir því sem efni og ástæður kalla á. Ráðherra metur mikils stuðning Hollvínasamtakanna og óskar samtökunum alls hins besta.

Líklega er þetta eitthvert innihaldsrýrasta svar menningarmálaráðherra sem um getur. Það er svar við sex spurningum sem Hollvínasamtök Ríkisútvarpsins sendu ráðherranum 22. ágúst síðastliðinn, og þær fóru jafnframt sem opið bréf til fjölmiðla sem birtist í einhverjum þeirra (raunar m.a. í Morgunblaðinu). Svárið barst tæpum mánuði síðar, 19. september síðastliðinn.

Spurningarnar voru þessar:

1. Telur ráðherrann að Ríkisútvarp með því sniði sem það er rekið nú eigi rétt á sér?
2. Telur ráðherrann að Ríkisútvarpið gegni mikilvægu menningarlegu hlutverki í samfélagi okkar, sem einkarekinn miðill gæti ekki sinnt?
3. Er ráðherrann sammála ýmsum áhrifamiklum stjórnáráðgjöfingum um að skera eigi niður framlög til Ríkisútvarpsins af almannafé?
4. Er ráðherrann sammála þeirri skoðun, sem komið hefur fram, m.a. hjá alþm., að leggja beri Ríkisútvarpið niður eða einkavæða það?

5. Er ráðherrann sammála þeim fullyrðingum ýmissa alþingismanna að núverandi starfsmenn á Ríkisútvarpinu séu upp til hópa vinstriinnviðir og hafi þau markmið með störfum sínum að ófrægja og/eða klekkja á núverandi stjórnvöldum?

6. Telur ráðherrann að í hugtakinu „óhlutdrægni“, sem Ríkisútvarpinu ber að gæta, sé fjólgætt að þess sé ætíð gætt að öll sjónarmið í sérhverju máli fái jafnan tíma í fréttum?

Það er mjög miður að Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra skuli ekki hafa treyst sér eða gefið sér tíma til að svara þessum spurningum, sem snúast allar að meira eða minna leyti um grundvallaratriði. Lengi hafa öfl innan Sjálfstæðisflokksins viljað einkavæða Ríkisútvarpið að hluta eða öllu leyti og lengi hafa ýmsir í þeim flokki talið fréttamönnum RÚV það til lasts að þeir væru flestir vinstriinnviðir og hallir undir Evrópusambandið (harðir vinstrimenn hafa haldið fram hinu gagnstæða).

Í sumar lýsti framsóknarþingmaðurinn Vigdís Hauksdóttir yfir því í útvarpsviðtali að lækka ætti opinber framlög til stofnunarinnar og minnti um leið á að hún væri

MENNING



Þorgrímur Gestsson
formaður Hollvina
Ríkisútvarpsins.

→ Það er mjög miður að Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra skuli ekki hafa treyst sér eða gefið sér tíma til að svara þessum spurningum, sem snúast allar að meira eða minna leyti um grundvallaratriði.

formaður fjárlaganefndar. Það tálkuðu sumir sem hótun.

Í umræðum um Ríkisútvarpið hafa stjórnáráðgjöfingur sett fram kröfur um hlutleysi og Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, sagði í útvarpsþættinum Vikulokunum í sumar að rithöfundur sem flutti pistil í menningarþættinum Víðsjá hefði átt að skilja skoðanir sínar eftir heima. Þetta var enn einn misskilningurinn á hugtakinu óhlutdrægni, sem ætlast er til að blaðamenn virði í störfum sínum. Óhlutdrægni felur það ekki í sér að þeir sem til máls taka á opinberum vettvangi bæli niður skoðanir sínar.

Margt liggur því í loftinu og mikilvægt er að vita hvað stjórnendur landsins hugsa. Ýmsir velunnarar hins íslenska almannaútvarps bíða því eftir svári ráðherrans, en við þökkum jafnframt heillaóskir hans.

KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ
TELUR ÓLÖGLEGHT EFNI Á NETINU TIL
RÉTTA YFIRVALDA




HONDA
The Power of Dreams

HONDA CIVIC 1.6 DÍSIL

3,6 L/100KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI CO₂ ÚTBLÁSTUR AÐEINS 94g

HONDA CIVIC 1.6 DÍSIL KOSTAR FRÁ KR. **3.840.000**

HONDA CIVIC 1.4 BENSÍN - BEINSKIPTUR, KOSTAR FRÁ KR. 3.490.000
HONDA CIVIC 1.8 BENSÍN - SJÁLFSKIPTUR, KOSTAR FRÁ KR. 3.840.000



Umboðsaðilar:

Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

www.honda.is

Áreiðanlegasti bílaframleiðandinn
Samkvæmt What Car og Warranty Direct hefur Honda verið
valin áreiðanlegasti bílaframleiðandinn átta ár í röð.

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

NÝJAR SENDINGAR AF HÚSGÖGNUM

15 - 50% AFSL. AF HÚSGÖGNUM



Klukka verð: 32.000,-, nú 27.200,-

Cam Crescent sófar

Stærð: 3ja 228 x 93 cm, 2,5 sæta 198 x 93 cm.

Tilboðsverð í áklæði (-25%): 3ja verð frá 359.000,-, nú 269.250,-, stóll verð frá 198.000,- nú 148.500,-



tommy m buster leðursófi

Stærð: 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm

Litir: svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt. Handverkað leður. Lausir púðar fylgja ekki.

Verð: 4ra 841.000,- nú 672.800,-, 3,5 sæta 719.000,- nú 575.200,-, stóll 367.000,- nú 293.600,-



Klukka verð: 16.900,-, nú 14.365,-


idp Sphera

Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir: svart, hvítt og dökkbrúnt.

Verð tilboð (-20%): sófasett uppselt en væntanlegt 3+1+1 949.000,- nú 759.200,-,

3ja sæta sófi 455.000,- nú 367.000,-, stóll 247.000,-, nú 197.600,-

Hönnuður: Luigi Fumagalli



Klukka verð: 16.400,-, nú 13.940,-



VIÐ ERUM Á FACEBOOK 

HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opíð virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

HELGIN



Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður

Zumba og Sorpa

Ég byrja á að fara í zumba í Valsheimilinu og svo í Sorpu með dót. Svo dressa ég mig upp í kvöld og fer á frumsýningu á Carmen. Á morgun ætla ég í göngutúr með manninum mínum – eitthvert út í óvissuna.



Aðalsteinn Jörundsson tónlistarmaður

Vafrar um Amsterdam

Í gær héldum við síðustu tónleikana í tónleikaferð AMFJ og KRAKKBOT í Den Haag. Í dag ætla ég að vafra um Amsterdam og skoða mig um áður en ég flýg heim á morgun.



Ingunn Snædal skáld

Smíðar sófa

Ég ætla að smíða mér sófa úr vörubrettum sem ég er búin að pússa. Á bara eftir að kaupa mér skrúfur og málningu og finna aðferðina á Youtube. Svo ætla ég í bíó, í mat til mómmu og horfa á Merlin með dóttur minni.



Ágúst Guðmundsson kvikmyndaleikstjóri

Snýr sólarhringnum við

Ég er nýkominn af kvikmyndahátíð í San Fransisco í Kaliforníu þar sem ég var með myndina Ófeigur gengur aftur og helgin fer í að snúa sólarhringnum við aftur svo ég býst við að taka því rólega.



Aukaaðalfundur/LANDSFUNDUR Dögunar

Dögun, samtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði, boðar til aukaaðalfundar/landsfundar helgina **8.-10. nóvember 2013**.

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf eftir því sem við getur átt á aukaaðalfundi sbr. 33.-38. grein laga Dögunar.

Vakin er sérstök athygli á að allar tillögur til breytinga á lögum, verklagi eða stefnu Dögunar þurfa að berast Framkvæmdaráði 16 dögum fyrir boðaðan fund á xdogun@xdogun.is

Dögun hefur skrifstofu og fundahúsnæði á Grensásvegi 16A og þar verður aðsetur málefna starfsins í aðdraganda landsfundarinnar og öll nefndarvinna á meðan á fundinum stendur.

Nánari upplýsingar birtast á www.xdogun.is

Framkvæmdaráð Dögunar



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafriðunarsjóði
fyrir árið 2014

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 182/2013. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsóknna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis hennar fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar. Að þessu sinni verður lögð sérstök áhersla á að veita styrki til endurbóta á friðlýstum húsum og mannvirkjum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2013. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands og Húsvæðingarnefndar um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafriðunarsjodur@minjastofnun.is



FRUMRAUN Saumur var upphaflega útskriftarverkefni Ríkharðs Hjartars úr LHÍ en verður nú flutt í Borgarleikhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hefur ekki reynt sambönd á eigin skinni

Ríkharður Hjartar Magnússon frumsýnir sitt fyrsta leikstjórnarverkefni, Saum, í Borgarleikhúsinu í kvöld. Verkið fjallar um stormasamt ástarsamband.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



„Nú verður maður að gangast við því að vera listamaður,“ segir leikstjórinn Ríkharður Hjartar Magnússon sem frumsýnir sitt fyrsta leikstjórnarverkefni, Saum eftir Anthony Neilson, í Borgarleikhúsinu.

Ríkharður Hjartar útskrifaðist úr Fræðum og framkvæmd við Listaháskóla Íslands í vor og var Saumur upphaflega útskriftarverkefni hans úr skólanum. Þá var verkið sýnt í Tjarnarbíói, í fyrsta sinn á Íslandi, en hefur nú ratað á Litla sviðið í Borgarleikhúsinu. „Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, sá verkið í Tjarnarbíói og lét mig vita strax í kjölfarið að hann vildi sýna það í Borgarleikhúsinu. Hann þurfti ekki að

eyða mikilli orku í að sannfæra mig því ég var auðvitað kampakátur, en ég get ekki neitað því að þetta kom mér nokkuð á óvart. Það er auðvitað frábært að byrja í atvinnuleikhúsi á þennan hátt,“ segir Ríkharður Hjartar.

Leikararnir í Saumi eru þeir sömu og tóku þátt í útskriftarsýningu Ríkharðs Hjartars, þau Hjörtur Jóhann Jónsson og Vala Kristín Eiríksdóttir. Leikstjórinn þýðir einnig verkið. „Verkið fjallar um þar sem er í stormasömu sambandi sem er fullt af ást og væntumþykju en á móti vantar mikið upp á hæfileikann til að grafa það sem liðið er og fyrirgefa. Parið stendur frammi fyrir því að ákveða hvort það vilji eignast barn eða ekki og um leið að ákveða hvort það vilji vera saman eða sundur. Það er óhætt að segja að verkið sé dramatískt en það er líka

„Það er óhætt að segja að verkið sé dramatískt en það er líka mikið hlegið á sýningunni,“

mikið hlegið á sýningunni,“ segir leikstjórinn.

Sjálfur hefur Ríkharður Hjartar aldrei verið í ástarsambandi og því ekki reynt þær flækjur sem stundum fylgja slíkum samböndum á eigin skinni. „Hins vegar hafa komið til mín menn og faðm- að mig eftir að þeir hafa séð sýninguna og sagt að þetta hafi verið nákvæmlega eins í þeirra erfiðu samböndum. Auk þess fjallar verkið jafn mikið um ástarsambönd og samskipti milli fólks almennt, hvort sem það eru vinnufélagar, vinir eða fjölskylda,“ segir Ríkharður Hjartar.

Höfum opnað nýjan

400 fermetra



INNRÉTTINGAR

sýningarsal

OPIÐ Í DAG FRÁ KL.11-17



INNRÉTTINGAR

10 uppsett eldhús · 8 baðinnréttingar
fataskápar og þvottahús

20% afsláttur af öllum **HTH** innréttingum
– til 10. nóvember... sem mun skila sér heim fyrir jóla.

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og danskt handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.

Við hönnum án skuldbindinga fyrir þig tillögur að nýja draumaeldhúsinu þínu og gerum þér frábært verðtilboð.

20%
afsláttur af
hágæða **AEG**
eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

Opið:

Mánudaga–föstudaga frá kl.10-18 og laugardaga frá kl.11-15

Friðrika
Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Dísusaga – konan með gulu töskuna er skáldævisaga **Vigdísar Grímsdóttur** þar sem hún lýsir þeim afleiðingum sem nauðgun þegar hún var tíu ára hefur haft á líf hennar. Sagan er engin venjuleg ævisaga enda skrifuð af tveimur ólíkum persónum, Dísu og Gríms – þeirri gulu og þeirri svörtu sem báðar eiga sér bústað í líkama Vigdísar.

Pað er sú svarta sem tekur á móti mér, rennir sólgleraugunum niður nefið og þírir á mig augun. „Ég hef ekkert að gera í viðtal,“ urrar hún. „Ég er búin að segja allt í bókinni.“ Mér krossbregður, tafsa eitthvað um að standa við orð sín og hún brestur í skellihlátur. „Ha! Þar náði ég þér. Komdu upp.“ Þegar inn í eldhúsið er komið ber hún fyrir mig kaffi, rúsínur og eplaköku og sest á móti mér við borðið. „Hvað var það sem þú vildir vita?“ segir hún og glottir. „Hvort ég sé nú endanlega orðin galin?“

Aftur vefst mér tunga um tönn en herði mig upp og bauna á hana fyrstu spurningunni: Var ekki hrikalega erfitt að skrifa þessa bók? „Nei, veistu það var bara svakalega gaman. Ég var reyndar vöðalega búin eftir að skrifa fjórða kaflann þar sem nauðguninni og tilkomu Gríms er lýst en yfirleitt var skemmtunin miklu meiri en sársaukinn.“

Hefurðu einhvern tíma talað um nauðgunina við einhvern? „Nei, eiginlega ekki, nema hvað ég sagði sálfræðingi einu sinni frá henni og svo hef ég auðvitað talað heilmikið um hana við sjálfa mig, þær eru alltaf að tala saman þær Dísu og Gríms. Og þær eru mjög pirraðar á þessu eilífa tali um misnotkun. Hvað þýðir það orð eiginlega? Nauðgun er alltaf nauðgun, líka þegar börn eiga í hlut og mér finnst alveg ömurlegt að fela þann glæp á bak við eitthvert orðskrípi eins og misnotkun. Var ekki einhver frétt í blöðunum um daginn um mann sem misnotaði kreditkort? Eru börn þá í sama flokki og krítarkortin? Þvílík lítilsvirðing. Nauðgun er einhver versti glæpur sem til er og fólk er bara farið að yppa öxlum þegar það heyrir um eitt misnotkunarmálið enn og flýta sér að fara að hugsa um eitthvað annað. Það er orðið þreytt á þessu andskotans orði; misnotkun, og umræða um þennan glæp má ekki þreyta fólk. Hann er alltof alvarlegur til þess.“

Innbyrðir ódæðismanninn

Hefurðu eitthvað „unnið úr áfallinu“ eins og það heitir? „Nei, ekki eftir neinum forskriftum. Maður lærir að lifa með því hver maður er og hvað hefur komið fyrir mann, en auðvitað hefur þessi upplifun litað allt mitt líf. Nauðgun hefur svo ofsalegar afleiðingar en þær eru ekkert endilega allar til ílls.“

Er ekki harðbannað að segja svona? „Já, já, en ég meina bara að ég hefði ekkert viljað lifa lífinu öðruvísi en ég hef gert. Auðvitað hefði ég viljað losna við að vera nauðgað en ég veit ekkert hvaða líf hefði þá beðið mín. Kannski hefði ég verið mikið betur heppnuð manneskja, ekki svona oft ráðvillt og rugluð, en fólk sem hefur



ÞÆR ERU TVÆR
Í Vigdís Grímsdóttur búa tvær afskaplega ólíkar konur, Dísu og Gríms. Þær hafa í sameiningu sent frá sér bókina Dísusögu.

ENGINN GETUR VERIÐ EINS VONDUR VIÐ MANN OG MAÐUR SJÁLFUR

lesið þessa bók segist alveg vita um hvað ég er að tala þótt það hafi ekki orðið fyrir nauðgun eða öðru ofbeldi.“

Vigdís segist ekkert vita hvaða menn það voru sem nauðguðu henni, hún hafi aldrei viljað vita það, enda skipti það engu máli. Hún hafi hins vegar oft velt því fyrir sér hvernig í ósköpunum hægt sé að gera svona lagað. „Tveir fullorðnir menn sem skiptast á um að halda og nauðga litlu barni. Hvernig dettur þeim það í hug? Hvaðan kemur svona fáránleg hugmynd? Og hvað gera þeir svo? Fara bara heim og fá sér súpu og lesa sögu fyrir börnin sín? Ég skil þetta ekki og mun aldrei skilja það.“

Þú ert alveg meðvituð um að skipting persónuleikans hafi orðið til við nauðgunina? „Já, hún Gríms

varð til við hana og tók strax stjórnina. Hún hefur alltaf haldið Dísu niðri og hugsað um almenningsálitið og hvað fólk myndi halda ef það vissi hvernig Dísu er. Ég veit reyndar ekkert hvort fólk sem verður fyrir ofbeldi klofnar svona almennt, en hef þó oft heyrt um það og held að það sé mjög algengt. Það sem gerist við ofbeldi er að þú innbyrðir ódæðismanninn og ferð að haga þér eins og hann gerði við sjálfa þig. Sterkari persónuleikinn heldur kúguninni og þögguninni áfram og sannfærir hinn um að hann sé bara aumingi sem liggir grenjandi uppi í rúmi, þori ekki í skólann og pissi á sig. Það er enginn sem getur verið eins vondur við mann og maður sjálfur.“

Þær eru ansi ólíkar manneskjur, þær Dísu og Gríms. Hvernig hefur sambúðin gengið? „Þær gætu

varla verið ólíkari. Önnur sem vill vera glöð í gulum kjól og hin sem er alltaf svartklædd og stíf. Önnur reykir og drekkur en hin gerir hvorugt og þarf stundum að sitja uppi með rorrandi fyllibyttu fram á nætur, það getur oft verið ansi erfitt.“

Öðruvísi en hvað?

Og þú ert ekkert hrædd um að fólk haldi að þú sért klinkuð að halda því fram að þú sért tvær manneskjur? „Nei, ég er búin að bögglast með þann ótta í fimmtíu ár og það er ótrúlegt frelsi að vera bara maður sjálfur og segja hlutina hreint út, enda kannski kominn tími til eftir svona langan tíma. Óttinn við að afhjúpa mig hefur stýrt mér alltof lengi.“

Vigdís hefur þó oft efast um geðheilsu sína og í gegnum tíðina verið

greind með geðhvörf, þunglyndi og persónuleikaröskun, en hún tekur hæfilega mikið mark á þeim greiningum núorðið. „Það er ekkert að mér! Ég er bara hrygg og glöð og hress og döpur og tvær manneskjur í einni. Ég skil ekki alltaf þetta tal um geðveiki. Sá stimpill hefur verið notaður grimmt í gegnum tíðina til að halda konum á mottunni. Þær hafa verið lokaðar inni þegar þær hafa verið fyrir skáldum eins og T.S. Elliot sem lokaði sína konu inni svo hún yrði honum ekki til skammar í fínun kreðsum. Það var ekkert að þessari konu, hún var bara hvatvís. Öðruvísi en leiðindakellingarnar sem hann umgekkst. Það hefur alltaf verið talið svo óskaplega hættulegt að vera öðruvísi. En ég spyr; öðruvísi en hvað? Það eru engir tveir eins. Fólk er alls konar og það er bara allt í lagi. „Ég er ▶



Denver svefnsófi á frábæru verði
89.900

Fæst grár og lime grænn



Mikið úrval af púðum
Verð frá 1.990

3
fyrir
2

HOME LOVE


Home - Love 3.990

Kertaglös
Lítill 690 og Stór 790



Mikið úrval af kertastjökum
í mörgum stærðum og gerðum
Verð frá 3.990

Bakki 7.990 Bakki 9.990 Hjarta 30 cm 2.590



Vasar 1.490 Diskur 1) 990 Diskur 2) 1.190



Kertastjakar 2.990 og 3.990



Kerti 30 cm
1 stk. 590
10 stk 1.000

Styttur 4.990



Stytta 14.990



Polo hornsófi 139.900




139.900

Ljós 7.990



Ljós 9.990



Tilboð gilda vikuna 17.-23. okt.

the
PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi

► eins og ég er, hvernig á ég að vera eitthvað annað?“ söng Páll Óskar um árið og það á ekkert bara við um samkynhneigða. Við erum öll eins og við erum og getum ekki annað.“

Hver er Elskhuginn?

Bókin er sett upp sem bréf Dísu og Gríms til Elskhugans – með stórum staf. Ég hef minar hugmyndir um hvað hann táknar en vilt þú upplýsa lesendur um það? „Nei. Það er búið að liggja í mér að segja hver þetta sé en það verður fólk nú að finna út fyrir sjálft sig. Hann persónugerir í rauninni bara þessa endalaus höfnun sem maður upplifir, hvort sem hún er raunveruleg eða ekki. Hann er ekki alltaf neitt sérstaklega gæfulegur, þessi blessaði elskhugi, hann lætur Gríms alveg heyra það óþvegið. Og það er svo erfitt að heyra sannleikann, sérstaklega þegar hann kemur frá einhverjum sem maður elskar þegar maður þráir ekkert heitar en öðlast viðurkenningu hans og ást.“

Einn stimpillinn sem á þig hefur verið settur er að þú sért samkynhneigð. Ertu það? „Mér finnst samkynhneigð nú dálítið fallett orð, öfugt við misnotkun, en ég held að allt fólk sé tvíkynhneigt í eðli sínu. Það elski bara manneskjur, ekki kyn. Ég er allavega þannig, þótt ég verði svo sem ekkert sérlega ástfangin af einum né neinum og vilji mest vera ein. En kynið skiptir allavega ekki nokkru máli. Ást er alltaf af hinu góða og hver fyrir henni verður er algjört aukaatriði.“

Þessi elskhugi stendur sem sagt ekki fyrr neinn ákveðinn karl – eða konu? „Sýnist þér það? Ég er í smá sjokki yfir að einu sinni enn virðist það sem ég skrifa vera svo óljóst að fólk misskilur það. Ég hélt að hver og einn gæti auðveldlega reiknað það út hvert hlutverk Elskhugans er í sögunni, svona getur maður nú verið vitlaus. Ef lesendur vilja endilega hanga í þeirri hugmynd að ég sé að skrifa um einhvern einn karl sem hafi farið illa með mig, þá er voðalega lítið sem ég get gert í því. Nema auðvitað bölváð sjálfri mér, eða Dísu öllu heldur, fyrir að koma þessu svona illa frá sér.“

Ástarsagan í bókinni fjallar sem ekki um stóru ástina í lífi þínu? „Jú, á vissan hátt gerir hún það nefnilega, en ég get ekki sagt á hvern hátt hún gerir það nema ljóstra of miklu upp um söguna.“

Viltu þá ekki segja mér hver stóra ástin er? „Það er kannski ljótt að segja það en auðvitað þykir manni vænna um bækurnar sínar en nokkuð annað í heiminum. Það er bara þannig og það þýðir ekki að maður sjái ekki gallana á þeim. Það er enn einn plúsinn við að vera tvær manneskjur. Dísu hefur svo sannarlega oft rækkað niður það sem Gríms hefur skrifað og ekkert verið að skafa utan af því, eins og reyndar kemur fram í bókinni. Það er hollt og gott, þótt það sviði kannski á meðan. Ég held að það sé öllum höfundum hollt að temja sér óvægna sjálfsgagnrýni og margir þeirra mættu svo sannarlega gera meira af því.“

Ekki handhafi sannleikans

Elskhuginn yfirgefur Gríms og Dísu fyrir þrettán árum, hvað gerðist þá? „Ég veit það ekki, kannski týndi ég bara sjálfri mér þá. Sérstaklega eftir að ég fékk heilahnubólguna 2006 og týndi orðabókunum, kunni ekki að lesa og þurfti nánast að læra stafina upp á nýtt. Ég þurfti að hafa ansi mikið fyrir því að læra allt aftur og upplifunin var að ég væri komin inn í einhvers konar einangrun, passaði ekki lengur inn í umhverfið. En þegar ég hugsa til baka átta ég mig á því að ég var nú búin að vera týnd í þó nokkur ár áður en ég fékk heilahnubólguna.“

Breytti sú upplifun að vera við dauðans dyr sýn þinni á lífið? „Já, hún gerði það. Sérstaklega varð mér ljóst hvað það er mikið húmbúkk að reyna að lifa lífi sínu eins og maður, „á“ að gera. Það skiptir svo miklu máli að þora að vera maður sjálfur og hætta að þóknast. Og sem rithöfundur þarf maður líka að gera sér grein fyrir því að maður er ekki handhafi sannleikans. Það hefur ekkert nýtt verið sagt í heiminum síðan guð má vita hvenær. En hvernig maður splæsir orðunum saman getur þegar best tekst til kannski orðið til þess að maður skapar eitthvað nýtt. Maður á ekki að biðja um meira.“

Hvað skiptir þá mestu máli? „Það eina sem skiptir í rauninni virkilegu máli er að vera góður við börn. Þar liggur allt. Lykillinn að lífshamingjunni er í barnshjartanu, það er bara þannig. Ég veit að þetta hljómar bæði væmið og vemmilegt, en svona einfaldur er nú sannleikurinn. Ég vildi að við gætum öll haft það að leiðarljósi.“



EINS OG ÉG ER Vigdís segist ekki óttast það að þykja klikkuð þrátt fyrir að hafa upplýst um tvískipta persónuleikann. „Eru ekki allir öðruvísi?“ spyr hún.

Brot úr Dísusögu

Í fjórða kafla bókarinnar lýsir Dísu nauðguninni og því hvernig Gríms kom henni til bjargar.

Ég nötraði líka og ég skalf vegna þeirrar áreynslu sem það var mér að rífa upp misnotkun bernsku minnar í ljótum kofa af vondu kalli og syni hans þetta vondu sumar sem pabbi minn og mamma sigldu burt til útlanda með Rangánni.

Það var þá, þegar sársaukinn og dauðinn læstu klónum í mig og Guð hvarf úr lífi mínu í eitt skipti fyrir öll, sem hún svarta, freka og grimma Gríms varð til. Hún stóð þarna allt í einu fyrir framan mig í svörtum fötum, með glóandi augum og hörkulegu andlitsdrættina, og hún var með sverð í hendinni og klút um hárið einsog samúræi og hún sveiflaði sverðinu í kringum sig og sagðist skyldu bjarga mér úr helvíti andskotans málunum og hún skyldi sigra og ég skyldi halda kjafti og bita á jaxlinn.

– Ég er komin til að bjarga þér, Dísu litla Gríms, vegna þess að þú þolir þú sársaukann betur og verður ekki eins hrædd. Horfðu bara á mig á meðan þetta gengur yfir. Kreistu höndina mína fast. Lokaðu svo augunum og hugsaðu um hana mömmu þína sem kemur bráðum heim. Hugsaðu um hana mömmu þína og hvað hún er alltaf góð. Hugsaðu um að þú sjáir hana í bláum heimi þar sem engin ský eru á himninum. Hugsaðu að þú sért

blá og kunnir að svífa í himninum við hliðina á mömmu þinni. Ég verð hérna og passa að þú finnist ekki til. Ég bý og klóra fyrir þig af því að þú getur það ekki.

Ég berst fyrir þig af því að þú kannt það ekki. Hugsaðu um hvað hún mamma þín er mjúk og hlý og hvað það verður gott að taka utan um hana þegar hún kemur aftur heim. Hugsaðu um þegar hún stendur á bryggjunni við hliðina á honum pabba þínum og þau fara að hlæja þegar þau sjá þig. Hugsaðu um systkini þín og hvað þau eru lítil og góð og hvað það er gott að eiga stað með þeim. Hugsaðu um pabba þinn sem treystir þér og veit hvað þú ert dugleg og sterk stelpa. Hugsaðu um hvað það verður gaman þegar þið verðið aftur öll saman á Kleppsveginum. Hugsaðu, Dísu Gríms, hugsaðu. Það býtur ekkert á þig ef þú hugsar og svífur og leyfir mér að ráða, því þú þolirðu allt á milli himinsins og jarðarinnar af því að þú ert í vondu draumi og bráðum lýkur honum og þá verður allt aftur gott og fallett og ég fer aldrei frá þér. Ég verð alltaf hjá þér og hugsa fyrir þig. Ég verð alltaf hjá þér og hugsa um þig. Ég verð alltaf hjá þér og geymi þig, sagði Gríms, og ég gerði einsog hún sagði. Bls. 128-129

HEILSÁRSDEKK OG UMFELGUN

á frábæru verði í BYKO Breidd

HIFLY WIN-TURI 212 HEILSÁRSDEKK			
Vnr. 49980470	HEILSÁRSDEKK	175/65R14 DH	11.990 kr.
Vnr. 49980485	HEILSÁRSDEKK	185/65R14 DH	12.990 kr.
Vnr. 49980473	HEILSÁRSDEKK	185/65R15 DH	13.990 kr.
Vnr. 49980488	HEILSÁRSDEKK	195/65R15 DH	13.990 kr.
Vnr. 49980491	HEILSÁRSDEKK	205/55R16 DH	16.990 kr.
Vnr. 49980496	HEILSÁRSDEKK	215/65R16 DH	19.990 kr.

Dekkjahúsið

UMFELGUN Í DEKKJAHÚSINU DALBREKKU KÓPAVOGI
Á KR. 4.990 EF ÞÚ KAUPIR DEKK HJÁ BYKO

VERTU KLÁR FYRIR VETURINN

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Það er bannað
at mismuna
börnum eftir
lífar hetti

**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**

gjofsemgefur.is
907 2002

**Hjálparstarf
kirkjunnar**

Ótrúlegt

Skíðastöð

HEFST Á MÁNUDAGINN 21. OKTÓBER KL. 12:00

**MAGNAÐ
VERÐ
Á SKÍÐI!**

Beint flug til og frá
Salzburg með sköttum!

ATH!
INNIFALIÐ Í VERÐI, TASKA OG
SKÍÐABÚNAÐUR!

Skíða ákvörðunarstaðir Úrvals Útsýnar eru:
**ABTENAU, GARMISCH-PARTENKIRCHEN,
ZELL AM SEE, OG INNSBRUCK**

ABTENAU

Flug + Gisting í viku!

78.800 KR.-*

Verð á mann m.v. 3-4 í íbúð.

Verð m.v. 2 fullorðna í studioíbúð: 92.476,-

Brottfarir:
4., 11., 18., 25. janúar og 1. mars



ÚRVAL-ÚTSÝN

BÓKAÐU NÚNA Á UU.IS
ÓDÝRUSTU SÆTIN BÓKAST FYRST!

ATHUGIÐ! TILBOÐINU LÝKUR Á ÞRIÐJUDAGINN 22. OKTÓBER KL. 12:00

Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum frá hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Við höfum áratuga reynslu og bjóðum upp á frábær skíðasvæði í ZELL AM SEE, GARMISCH-PARTENKIRCHEN, ABTENAU OG INNSBRUCK. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í Ölpunum.

* Flug, skattar, gisting, taska og skíðabúnaður. Miðast við að bókað sé á netinu.



**NÝ
TENDING
AF DÖNSKUM
HÚSGÖGNUM**



NÝTT Í HÖLLINNI!

VIDIVÌ
Vetri delle Venezie
MADE IN ITALY

Á NÆSTU SÍÐU →

KLINT 2ja og 3ja sæta sófi
Ómeðhöndluð eikargrind og leður
í 3 litum svart, brúnt og koníaksbrúnt

IDdesign

2JA SÆTA SÓFI

149.990

FULLT VERÐ 169.990

3JA SÆTA SÓFI

189.990

FULLT VERÐ 209.990

UMBRIA – 2,5 SÆTA SÓFI



UMBRIA 2,5 sæta sófi B: 220 D:87 H: 80.
Einnig fáanlegur 2ja sæta 3ja sæta og sem
tungusófi. Fáanlegur í mögum litum.

159.990

FULLT VERÐ 179.990

DC 3600 – 3JA SÆTA SÓFI



DC 3600 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt
leður á slitflötum. Stærð: 202x82 H: 85 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Fullt verð kr. 279.990. **Tilboðsverð 259.990**

299.990

FULLT VERÐ 329.990

COSMO HORNSÓFI



COSMO Hornsófi.
Stærð 278 x 250 x H: 86 cm.
Svart Bonded leður á slitflötum.

199.990

FULLT VERÐ 269.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –



GLUGGI
Róbert Beck hlýtur annað sætið fyrir þessa mynd.



MARGS PARF BÚIÐ VIÐ
Kristján L. Möller tók myndina í 4. sæti.



HAUSTLJÓMI
Ljósmynd Kristjáns H. Svavarssonar varð í þriðja sæti.



TRÉ
Snorri Páll Þórðarson á myndina í 5. sæti.

Fossar og fuglarnir smáu

Ljósmyndin Hraunfossar, sem **Margrét Elfa Jónsdóttir** sendi inn í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins, var valin besta myndin þar sem þemað var haust. Sigurvegarar síðustu tveggja ljósmyndakeppna eru meðlimir í sama ljósmyndaklúbbnum.

Þessa mynd tók ég á bakaleiðinni úr ferð með ljósmyndaklúbbnum mínum á Snæfellsnesið. Ég hef lengi haft áhuga á ljósmyndun en byrjaði ekki af fullum krafti fyrr en mér var boðið í klúbbinn fyrir um fimm árum," segir Margrét Elfa Jónsdóttir, sigurvegari í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins, þar sem þemað var haust.

Svo skemmtilega vill til að Margrét Elfa og Agnes Heiða Skúladóttir, sigurvegari í síðustu ljósmyndakeppni blaðsins þar sem þemað var útivist, eru báðar meðlimir í ljósmyndaklúbbnum Álfkonur á Akureyri. Það er átján kvenna hópur sem hittist reglulega, ræðir um hluti tengda ljósmyndun og heldur sýningar af og til.

Alls bárust 1.345 myndir í keppnina en þátttakendur hlóðu upp myndum sínum á ljósmyndakeppni.visir.is og á Facebook-síðu Fréttablaðsins. Lesendur kusu bestu myndina og gildir niðurstaðan í kosningunni helming á móti álitni dómnefndar blaðsins, sem skipuð er þeim Ólafi Stephensen ritstjóra, Silju Ástþórsdóttur útlitshönnuði og Pjetri Sigurðssyni ljósmyndara.



HRAUNFOSSAR
Lesendum Vísis og dómnefnd þótti mynd Margrét Elfu Jónsdóttur sú besta af þeim haustmyndum sem sendar voru inn.

VERÐLAUNIN

Í verðlaun fyrir bestu myndina hlýtur Margrét Elfa glæsilega Nikon 10,1 millj. pixla myndavél með 10-27mm linsu frá Heimilistækjum.



Glæsileg ítölsk hágæða glervara frá VIDIVÌ

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR ALLA HELGINA

Skínandi og tært gler, 100% endurnýtanlegt, öruggt og sterkbyggt, hitabolið og má setja í uppþvottavél.

BÆTTU SMÁ LIT Í TILVERUNA – VANDLÁTIR VELJA VIDIVÌ!



1



1



2



3



1. **BANQUET** glerkúpull. Tilboð: 6.392 kr. 2. **NADIA** könnur. Tilboð: 5.592 kr. 3. **CONFETTI** glös. 6 stk 25cl. Tilboð: 5.192 kr.
 4. **RIALTO** glas 29cl. Tilboð: 552 kr. 5. **RIALTO** glas 41cl. Tilboð: 632 kr. 6. **CAMPIELLO** glas 29cl. Tilboð: 552 kr.
 7. **CAMPIELLO** glas 41cl. Tilboð: 632 kr. 8. **HONEY** glas 29cl. Tilboð: 552 kr. 9. **HONEY** glas 41cl. Tilboð: 632 kr.
 10. **DIVA** glas 29cl. Tilboð: 552 kr. 11. **DIVA** glas 41cl. Tilboð: 632 kr. 12. **BAGUETTE** glas 29cl. Tilboð: 552 kr.
 13. **BAGUETTE** glas 41cl. Tilboð: 632 kr. 14. **RIALTO** skál 14cm. Tilboð: 792 kr. 15. **CAMPIELLO** skál 14 cm. Tilboð: 792 kr.
 16. **HONEY** skál 14 cm. Tilboð: 792kr. 17. **DIVA** skál 12 cm. Tilboð: 792 kr. 18. **BAGUETTE** skál 14 cm. Tilboð: 1.192 kr.



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Er sæstrengur ígildi olíufundar?

Alþingi sest á næstunni yfir flókin álitamál er varða raforkusölu til Evrópu um sæstreng. Hvatt er til forrannsóknna á næstu árum. Þó útiloka stjórnvöld ekki að hægja á frekari könnun verkefnisins. Bretar eru mjög áhugasamir og tilbúnir með mannskap og fjármagn.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Hafi Íslendingar staðið frammi fyrir stórum spurningum í viðskiptalegu tilliti í sögu sinni virðist sem nú liggi á borðinu sú stærsta af þeim öllum. Á að leggja sæstreng fyrir raforku á milli Íslands og Evrópu? Þessi spurning leiðir af sér aðrar jafnstórar. Hvaða áhrif mun sú framkvæmd hafa á íslenskt efnahagslíf, umhverfið og samfélagið í heild?

Ekki glænýtt

Hugmyndin er sprottin af gömlum merg en skaut aftur upp kollinum fyrir nokkrum árum í viðræðum Landsvirkjunar og breskra ráðamanna. Kostir sæstrengs höfðu verið metnir með tíu til fimmtán ára millibili, en aldrei hafði reynst tímabært að ganga lengra, aðallega af tveimur ástæðum. Raforkuverð í Evrópu var of lágt til að standa undir fjárfestingunni og tæknilega voru menn ekki komnir nægilega langt. Nú er hins vegar kominn upp allt önnur staða en áður var. Orkuverð hækkar hratt og samfleytt og tæknihliðin er ekki lengur hindrun. Rauðar tölur eru orðnar svartar. Spurningin um sæstreng, hugsanlega kosti og galla, er því mun meira knýjandi en áður.

Alþingi sest yfir málið

Skýrsla ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu var lögð fyrir Alþingi í október, en í júní 2012 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Oddný G. Harðardóttir, ráðgjafarhóp sem falið var það hlutverk að kanna nánar þann möguleika að leggja nefndan sæstreng.

Ragnheiður Elín Arnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði í tilefni þess að skýrslan var lögð fram að nauðsynlegt væri að fá fram ítarlega og greinargóða umræðu um verkefni af þessari stærðargráðu; kosti þess og galla og áhrif á íslenskt samfélag og efnahagslíf. Margir óvissuþættir fylgdu slíkri framkvæmd og frekari könnun á ýmsum atriðum yrði því að eiga sér stað áður en unnt yrði að taka ákvörðun um hvort æskilegt væri að fara í slíkt verkefni.

Meginniðurstaða ráðgjafarhópsins er einföld. Hópurinn telur rétt að kanna alla þætti verkefnisins hér innanlands um leið og leitað verði svara um möguleg rekstrar- og eignarhaldsmódel hjá viðsemjendum í Bretlandi. Á þessum grunni byggir hópurinn tillögur sínar til ráðherra. Hér skal haft í huga að allir nefndarmenn komust að samhljóða niðurstöðu en ráðgjafarhópurinn var skipaður breiðum hópi hagsmunaaðila; bæði hvað varðar orkunýtingu og umhverfisvernd.

Ragnheiður Elín vill að eftir umfjöllun þingsins ákvarði stjórnvöld næstu skref. Kostirnir eru þrír helstir í hennar huga: Fela starfshópi eða starfshópum að kanna ítarlegar einhverja afmarkaða þætti framkvæmdarinnar. Stjórnvöld hefji formlegar könnunarviðræður við mögulega samningsaðila um með hvaða hætti sala á íslenski orku geti átt sér stað í gegnum sæstreng.

Það er þriðja og síðasta tillaga ráðherra sem veldur heilabrotum, og jafnvel hugarangri meðal þeirra sem vilja kanna alla möguleika til hlítar. Hún er að hægja á frekari könnun verkefnisins.


Mergurinn málsins

Sæstrengur fellur vel að stefnu Landsvirkjunar og fyrirtækið leiðir vinnuna við að skoða þennan



HVERFANDI Yfirfall Hálsóns er kannski eitt besta dæmið um hina ótryggu vatnsorku, sem er með of lítið afhendingaröryggi fyrir iðnað á Íslandi, og gæti hentað í sölu á sæstreng. Það gæti í meðalvatnsári numið 2 TWst eða 2/5 af því sem gæti farið á sæstrenginn. MYND/PÓRHALLUR ÁRNASON

RAFORKUSTRENGUR Á MILLI ÍSLANDS OG BRETLANDS



möguleika. Hörður Arnarson forstjóri hefur ítrekað sagt að tenging við evrópska raforkumarkaði geti verið einstakt tækifæri fyrir Íslendinga til að hámarka afraksturinn af orkuauðlindunum. Jafnframt að ákvörðun um að leggja sæstreng sé í fyrsta lagi möguleg eftir nokkur ár og um hana verði að nást breið sátt í samfélaginu, sem byggir fyrst og síðast á upplýsingum.

Áhyggjur hagsmunaaðila liggja kannski helst í því að umræðan um verkefnið hér innanlands er neikvæð. Talað er um neikvæð áhrif á raforkuverð til heimila. Neikvæð áhrif á atvinnusköpun innanlands og ekki síst umhverfisáhrifin í þeim skilningi að fórna náttúrugæðum hér heima fyrir sölu rafmagns til Evrópu. Það er staðreynd að áhugi Breta, og Evrópu, er tilkominn vegna áherslu á að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa heima fyrir og vinna gegn mengun vegna útblásturs. Svo þarf að ræða hvort Íslendingar telji sér skylt að

taka þátt í þeirri vinnu; hvernig og hvort við sem þjóð viljum leggja þessu hagsmunamáli lið.

Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs Landsvirkjunar, segir að jákvæðu hliðarnar frá sjónarhóli Landsvirkjunar séu margþættar. „Það áttu sig ekki allir á því en raforka er af mismunandi tagi. Besta dæmi er yfirfall sem á sér stað í virkjunum Landsvirkjunar þegar vatnslón eru orðin full. Tíu til tuttugu prósent af árvatni renna í sjó fram engum til gagns. Landsvirkjun hefur eytt áratugum í að finna einhvern til að kaupa þessa ótryggu orku en það hefur ekki tekist. Ástæðan er sú að á 20-30 ára fresti koma slæm vatnsár og enginn stóriðnaður vill kaupa orku sem er ekki 100% örugg,“ segir Björgvin og vísar til þess að allt að því 2/5 hlutar þeirrar orku sem gæti farið um sæstreng komi frá slíku yfirfalli. Magnið og verðmætin eru gríðarleg, enda er flutningsgeta



Meirihluti orkunnar sem færri á strenginn getur komið úr núverandi virkjunum, með stækkunum og bættri nýtingu vatnsorkunnar og svo opnast tækifæri fyrir smáar bændavirkjanir og vindmyllur sem geta ekki staðið undir stóriðnaði hérlandis.

Björgvin S. Sigurðsson, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs Landsvirkjunar.

sæstrengs metin á 700 til 1.100 megavött (MW). Þetta er orka sem er verðlaus í dag og nýtist aldrei til iðnaðaruppbyggingar hérlandis.

Einstök vara

Björgvin segir að raforka sé einstök vara. Gas-, kola- og kjarnorkuver eru grunnorkuframleiðendur sem geta ekki brugðist við breytingum á eftirspurn með stuttum fyrirvara – það getur t.d. tekið nokkra daga að breyta rafmagnsframleiðslu kjarnorkuvers. Mjög fáir kostir séu til sem geti brugðist við breytingum innan nokkurra klukkustunda eða jafnvel mínútna. Enn fremur er jafn nauðsynlegt að

hemja raforkuframleiðslu eins og það er að framleiða rafmagn. Ef of mikil orka er afhent inn á raforkukerfi þá fara rafmagnstæki að eyðileggjast og ljós að springa.

„Langhagstæðasta leiðin, sem við þekkjum í dag til að bregðast við þessum breytileika, er að nýta vatnsaflíð. Þetta gerir íslensku orkuna svo verðmæta sem raun ber vitni því það er svo auðvelt að stýra því hvenær hún er afhent. Á Íslandi seljum við aðallega svokallaða grunnorku sem er jöfn alla daga ársins. Stýranleg vatnsorka er annað dæmi um hvernig hægt er að gera meiri verðmæti úr auðlindum landsins. Þetta eru

jákvæðar hliðar þess að flytja raforku um sæstreng og við þurfum að skoða betur hvaða tekjur þetta getur skapað fyrir Ísland. Það verður engin ákvörðun tekin um sæstreng næstu tvö til þrjú ár en á þeim tíma viljum við afla upplýsinga svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um framhaldið," segir Björgvin.

Fyrirtæki og heimili

Björgvin segir að ýmsar efasemdir séu á lofti, t.d. að ótækt sé að íslenskt rafmagn knýi álver í Bretlandi. „Það kemur ekki til greina. Ástæðan er sú að ef strengurinn bílar, sem er raunverulegur möguleiki, þá getur tekið nokkrar vikur að gera við hann. Álver þolir orkufall í þrjár til fjórar klukkustundir. Orkufrekur iðnaður sem þarf 100% trausta grunnorku mun því áfram koma til Íslands þar sem sæstrengur getur ekki tryggt honum það afhendingaröryggi sem þarf.“

Nú virðist minni ástæða til að hafa áhyggjur af stórhækkun orkuverði til heimila. Heitt vatn kyndir rúmlega 90% heimila á Íslandi sem er einstakt. Í Noregi er til dæmis mun stærra hlutfall með rafkyndingu en íslensk heimili nýta aðeins fimm prósent raforkunnar sem er unnin héraðs.

Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði og efnahagsráðgjafi Gamma, vann skýrslu um áhrif sæstrengs á afkomu íslenskra heimila. Niðurstaða hans var að verð til heimila yrði áfram lágt og jafnvel óbreytt. Er þar vísað til þess að stjórnvöldum er í lófa lagið að niðurgreiða rafmagn til þeirra um það bil níu þúsund heimila sem kynda með rafmagn. Eins segir Ásgeir það auðvelt að endurdreifa hagnaði orkufyrirtækja til heimila; til dæmis mætti tryggja óbreytt raforkuverð, lækka skatta eða greiða þeim út arð í einhverju öðru formi.

Hver borgar?

Ein af stóru spurningunum er varða raforkustrenginn er hver stendur undir þessari risafjárfestingu. Stutta svarið hlýtur að vera að erlendir aðilar verði að koma með fjármagn til framkvæmda. Það er vandséð að Ísland geti staðið undir því eitt og sér. Það hlýtur hins vegar að vera aðalhagsmunamálið að ávinningurinn falli að sem stærstu leyti Íslendingum í skaut.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands bendir á að þó svo sé þurfi að ráðast í verulegar fjárfestingar innanlands; í virkjunum, umbreytistöðvum og ekki síst í flutningskerfinu sem þarf mikla yfirhalingu eigi hugmyndirnar að verða að veruleika. Pétur Stefánsson, framkvæmdastjóri UK Trade & Investment á Íslandi, segir Breta tilbúna til samstarfs og reiðubúna til að verja umtalsverðu fé til rannsókna.

„Ég veit að langstærsti hluti þessarar fjárfestingar verður erlend. Menn vilja samt hafa íslenska aðkomu að því til þess að tryggja að hagsmunir Íslendinga séu að þetta sé í lagi. Þá má ímynda sér tryggingu fyrir því að það sé ekki pólitísk ákvörðun að skrúfa fyrir rafmagnsflæði. Annars staðar er algengt að skiptingin sé 50/50, t.d. þar sem National Grid [breska Landsnet] hefur tengst Hollandi (TenneT). En þessi netverk eru mjög sterk fjárhagslega og vitað mál að Landsnet á enga möguleika á að fjárfesta fyrir 200 milljarða eða þeim mun meira í helmingaskiptafjármögnun á sæstreng. Menn gera sér engar grillur um slíkt. En áður en að slíku kemur þarf pólitíska ákvörðun um framhaldið og þá fyrst fara menn að tala um fjárfestingar.“

Pétur segir að margir fjárfestar komi til greina. National Grid kemur til greina, enda risafyrirtæki. Það gæti líka verið að Landsnet og National Grid vildu aðeins vera rekstraradilinn en þriðji aðili kæmi inn með fjármagn til að borga framkvæmdirnar.

„Það kemur í ljós ef og þegar menn bjóða út verkefnið á grunni þess að það sé hagkvæmt. En það eru sannarlega til aðilar í heiminum sem eru boðnir og búnir til

að fjármagna svona framkvæmd, enda væri um stöðuga ávöxtun til langs tíma að ræða. Svona verkefni eru til dæmis spennandi fyrir lífeyrissjóði sem eru að leita að slíkri ávöxtun í takti við skyldur við sína umbjóðendur. En þetta er verkefni sem mun kosta um mörg hundruð milljarða. Því er flækjustigið afar mikið,“ segir Pétur.

Lykilspurning

Helsta spurning þeirra sem bera náttúruna fyrir brjósti er hvort sæstrengur þýði ekki stórfelldar virkjunarframkvæmdir.

„Við skulum vera alveg heiðarleg með að það þyrfti að virkja en hversu mikið er of snemmt að segja,“ segir Björgvin. „Þetta er hvergi nærri því magni sem fólk

gæti haft á tilfinningunni. Meirihluti orkunnar sem færi á strenginn getur komið úr núverandi virkjunum, með stækkunum og bættri nýtingu vatnsorkunnar og svo opnast tækifæri fyrir smáar bændavirkjanir og vindmyllur sem geta ekki staðið undir stóriðnaði héraðs. Ákvörðun um hvað á að virkja er sjálfstæð ákvörðun óháð sæstreng og þar verður að líta til Rammaáætlunar og þá orkukosti sem eru í nýtingarflokki. Og umræðan um umhverfismál er mjög mikilvæg og þarf að fara fram jafnhliða öðru. Landsvirkjun þarf leyfi til þess að skoða þetta nánar og í framhaldinu kynna þjóðinni þetta í smáatriðum þegar þau liggja fyrir,“ segir Björgvin og nefnir eina af tillögum ráðgjafa-


hópsins um að Landsnet fái heimild til að hefja viðræður, í samstarfi við Landsvirkjun og eftir atvikum aðra raforkuframleiðendur, við viðeigandi aðila í Bretlandi. Meðal annars við bresku orkustofnunina Ofgem um tengingu flutningskerfanna, viðskiptalíkan og eignarhald sæstrengs. Einnig að fyrirtækin kanni leiðir til fjármögnunar á undirbúningsrannsóknnum og hugi að hugsanlegu samstarfsfyrirkomulagi vegna sæstrengsins.

„Engar skuldbindingar munu eiga sér stað fyrr en eftir slíkar viðræður og ítarlega kynningu fyrir Íslendingum á niðurstöðum þeirra. Þær gætu legið fyrir í fyrsta lagi eftir tvö til þrjú ár,“ segir Björgvin.



En það eru sannarlega til aðilar í heiminum sem eru boðnir og búnir til að fjármagna svona framkvæmd, enda væri um stöðuga ávöxtun til langs tíma að ræða.

Pétur Stefánsson framkvæmdastjóri UK Trade & Investment á Íslandi



Samfélagssjóður EFLU

Unnið er að fjölda góðra hugmynda og verðugra verkefna í samfélaginu á degi hverjum. EFLA verkfræðistofa hefur í tilefni af 40 ára afmæli fyrirtækisins stofnað samfélagssjóð, sem leitar að málefnum til að styðja. Umsóknir þurfa að berast sjóðnum fyrir 10. nóvember næstkomandi.

Allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar vegna umsókna má finna á efla.is.

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

SVALAÐU ÞORSTANUM MEÐ AMERÍSKU GOSI



**TOSTITOS
EKTA AMERÍSKT!**

**NÝTT
KALORÍULAUST
GOS**



NÝTT
Á AMERÍSKUM DÖGUM

1.599kr/stk



Karamellu Kossar
Fékkstu koss í morgun?

Red Velvet Kaka
Flauelsmjúk kaka að amerískum stíl

Amerískt Nammi
Verð að fá...

Inglehoffer Sinnep
Passar við allt sem hugurinn gírnist

Gildir til 20. október á meðan birgðir endast.



NÝTT
Á AMERÍSKUM DÖGUM

Amerískt Kaffi
Úrval af ekta kaffi frá Ameríku

Merba Smákökur
Ekta amerískt

Jif Hnetusmjör
Creamy & Crunchy

Dole Tropical Gold
Með ís eða bara eitt og sér

UPPSKRIFT AF TÖSKUKÖKU

Betty
Crocker®



- ★ 1 pakki Betty Crocker djöflakökumix eða súkkulaðikökumix (ásamt því hráefni sem er gefið upp á pökkunum)
 - ★ 1 dós Betty Crocker súkkulaðikrem
 - ★ 1 dós Betty Crocker vanillukrem
 - ★ Kökuskraut
 - ★ Lakkrisreimar
1. Hrært í deigið skv. leiðbeiningum.
 2. Deigið sett í 2 hringlaga bökunarmót.
 3. Bakað við 180°C í 25 mínútur.
 4. Kakan er kæld, síðan skorin í helminga og smurð með súkkulaðikremi.
 5. Helmingarnir eru settir saman.
 6. Vanillukrem litað með bleikum matarlit.
 7. Kakan smurð með kreminu.
 8. Kakan er skreytt með lakkrisreimum og kökuskrauti.



Cocoa
Puffs

TILBOÐ
UM HELGINA

399 kr/pk

Verð áður 499.-

COCOA PUFFS LESTIN Í SMÁRALIND UM HELGINA

Lestin keyrir frá anddyri Hagkaups í Smáralind. Í dag frá kl. 12 til 17 og á morgun frá kl. 13:30 til 16:30. Lestin er í boði Hagkaups.



Ocean Sprey Cranberry

Hressandi trönuberjadrykkur - 4 saman í pakka



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa
af völdum vorum

Now

Úrval af lágkolvetna matvöru frá Now



Mac & Cheese Dinner

You know you love it!



Terra Grænmetis Snakk

Delicious and all natural gourmet snack



Kynningar á
Hunt's Pastasósum
Í Kringlunni og Smáralind
og í dag laugardag frá
kl. 14 til 18.

Hunt's Pastasósur

Verður pasta í kvöld



Blue Diamond

Ómótstæðilegt snakk



Alexia Kartöflur

Frábærar með öllum mat!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



→ EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

MENNTUN Stúdentspróf frá FB 1992. Fil.kand.-próf í listasögu frá Stokkholmsháskóla **2000**. Framhaldsnám í viðskiptafræði í HÍ síðan **2007**.

HELSTU STÖRF Framkvæmdastjóri Porsks á þurru landi ehf. **2001-2009**. Skrifstofustjóri Hlíðardals ehf. **2003-2004**. Viðskiptastjóri Tok hjá Ax hugbúnaðarhúsi hf. **2004-2006**. Framkvæmdastjóri Nínukots ehf. **2006-2008**. Verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands **2008**.

STJÓRN MÁLAPÁTTAKA Ritari í stjórn kjördæmissambands framsóknarfélaganna í Suðurlandskjördæmi **2003-2007**. Í miðstjórn Framsóknarflokksins síðan **2003**. Gjaldkeri Framsóknarfélags Vestmannaeyja **2004-2010**. Ritari í stjórn Landsambands framsóknarkvenna **2007-2009**. Ritari Framsóknarflokksins síðan **2009**. Varabingmaður Framsóknarflokks febrúar-mars **2006**. Þingmaður frá **2008**. Félagsmálaráðgjafi frá **2013**.

UNDIRSTAÐA STJÓRNARSAMSTARFSINS „Það hefur verið mín upplifun að skilningur beggja flokka sé sá að við værum að fara að leiðrétta skuldir heimilanna. Þetta er forsendan fyrir stjórnarsamstarfinu,“ segir Eygló Harðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heildarhagsmunum ekki fórnað

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðgjafi, segir að skuldaleiðrætting heimilanna sé undirstaða stjórnarsamstarfsins. Ríkisstjórnin ætli sér þó ekki að setja heildarhagsmunum Íslands í hættu til að flýta aðgerðum.

Höskuldur Kári Schram

hoskuldur.schram@frettabladid.is



Stærsta kosningaloforð ríkisstjórnarinnar er skuldaleiðrættingin sem Framsóknarflokkurinn boðaði fyrir kosningar. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt forystumenn ríkisstjórnarinnar fyrir að draga lappirnar í málinu og hefur kallað eftir efndum. Eygló segir að ríkisstjórnin sé samstiga í málinu. „Báðir flokkar samþykktu stjórnarsáttmálann. Hann er mjög skýr. Þessi ríkisstjórn ætlar að leiðrétta skuldir heimilanna. Við höfum talað um að nýta það svigrúm sem skapast við uppgjör við kröfuhafa þrotabúanna til þess að leiðrétta skuldir heimilanna. Samhlíða því ætlum við að nýta tækifærið til að afnema verðtryggingu á neytendalánum. Sú vinna er í gangi,“ segir Eygló.

Starfshópur ríkisstjórnarinnar sem vinnur að tillögum varðandi skuldaaðgerðir á að skila af sér í lok næsta mánaðar. Annar starfshópur sem vinnur að afnámi verðtryggingar á neytendalánum á að skila tillögum í desember. Eygló segir að skuldaleiðrættingin sé undirstaða stjórnarsamstarfsins. „Það hefur verið mín upplifun að skilningur beggja flokka sé sá að við værum að fara að leiðrétta skuldir heimilanna. Þetta er forsendan fyrir stjórnarsamstarfinu. Við teljum líka að það sé mikilvægt að hafa það í huga að skuldaleiðrættingin er eitt og síðan þegar kemur að uppgjörunu við kröfuhafana munum við aldrei fórna hagsmunum Íslands á grundvelli þess að við erum að fara að flýta okkur. Það eru miklir hagsmunir þarna undir og menn þurfa að gera sér grein fyrir því að það er enginn einn maður eða einn flokkur að fara að taka ákvörðun um það. Þetta er eitthvað sem við þurfum að gera saman því gjaldeyrishöftin og uppgjör við þrotabúin snerta fjárhagslegt sjálfstæði Ísland,“ segir Eygló.

Ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að ætla ekki að nýta mögulegt svigrúm til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Eygló

segir að svigrúmið muni ekki gagnast nema að litlu leyti þar sem stór hluti af skuldum ríkissjóðs sé erlendir skuldir. „Varðandi uppgjör þrotabúanna erum við að tala um krónueignir. Það er ekki hægt að leysa skuldavanda ríkissjóðs með krónueignum [...] Lokkar sýn hefur alltaf verið sú að til þess að koma efnahagslífinu og hagkerfinu af stað verðum við að lækka skuldir; skuldir ríkissjóðs og því er mikilvægt að vera með hallalaus fjárlög. En líka skuldir heimilanna, skuldir fyrirtækjanna og skuldir sveitarfélaganna. Heimili sem eru að drukkna í skuldum eru ekki að fara að fjárfesta. Þau eru ekki að fara að kaupa sér meiri þjónustu, meiri mat eða annað. Það þýðir að það verður samdráttur í einkaneyslu og í hagkerfinu. Það hefur síðan áhrif á fyrirtækin. Þau fara ekki í það að fjárfesta og ráða nýtt fólk. Skuldavandinn er okkar helsti vandi og við verðum að taka á öllum þessum þátum,“ segir Eygló.

Neyðarástand á leigumarkaði

Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað gríðarlega á undanföllum árum. Mikil eftirspurn er á markaði en framboð hins vegar af skornum skammti. Eygló telur að stjórnvöld, sveitarfélög og samtök launþega eigi að beita sér sameiginlega í málinu. Þessu léysti hún meðal annars yfir á þingi Starfgreinasambands Íslands á fimmtudag. „Ég hef verið að leggja upp nýja húsnæðisstefnu eða nýja framtíðarskipan varðandi húsnæðismálið til að tryggja fólki val og öryggi, bæði leigjendum og kaupendum. Í dag býr hvorugur hópurinn við nokkurt val eða öryggi. Það hefur verið sérstaklega áberandi að undanförmu að það hefur ríkt ákveðið neyðarástand á leigumarkaðinum þar sem fólk býr við mikilvægri óryggi. Það er erfitt að fá langtímaleigusamning og verðið er mjög hátt, sem endurspeglar að það er miklu meiri eftirspurn en framboð. Að mínu mati er það mjög mikilvægt að byggja upp leigumarkað þar sem hægt er að leigja húsnæði til langtíma.“

Eygló vill leita leiða til að lækka lóðaverð og byggingarkostnað. „Þegar lóðaverð var í hæstu hæðum á höfuðborgarsvæðinu

gat það orðið allt að 25% af heildarbyggingarkostnaði, sem er gríðarlega stór hluti. Ég veit að Reykjavíkurborg hefur verið að skoða að veita þeim leigufélögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni lóðir á kostnaðarverði. Ég veit að önnur sveitarfélög eru tilbúin að skoða það líka. Síðan er það byggingarkostnaðurinn sjálfur. Þegar við byggðum Breiðholtið á sínum tíma var farið í ákveðnar aðgerðir til þess að ná niður byggingarkostnaði, til dæmis lækkan gjalda á byggingavörur.“

Á síðasta kjörtímabili voru gerðar breytingar á byggingareglugerð sem Eygló segir að hafi hækkað allan kostnað. Þessu vill hún breyta. „Umhverfis- og auðlindaráðgjafi herra er núna með vinnu í gangi varðandi endurskoðun á þessari reglugerð.“

Fá fólk til að spara

Ástandið á fasteignamarkaði hefur bitnað hvað allra mest á ungu fólki. Hátt leiguverð kemur í veg fyrir að fólk geti sparað peninga og þá hafa fjármálastofnanir frá hrúni verið að herða útlánareglur vegna fasteignakaupa. Eygló vill athuga hvort hægt sé að veita sérstakan skattaafslátt vegna húsnæðissparnaðar og segir að fjármálaráðgjafi herra sé með málið til skoðunar. „Ég myndi gjarnan vilja búa til jákvæða hvata með þessum hætti til þess að foreldrar og börn leggi pening til hlíðar. Við vorum með svona valfrjálst kerfi sem var afnumið og á svipuðum tíma vorum við líka að afnema skyldusparnaðinn. Það var því ekki skrítið að nokkrum árum seinna stóðum við upp með heila kynslóð sem átti ekki neina fjármuni í útborgun í húsnæði,“ segir Eygló.

Staða Íbúðalánasjóðs erfið

Mikil óvissa ríkir um stöðu Íbúðalánasjóðs en frá árinu 2010 hefur ríkissjóður lagt rúma 40 milljarða í sjóðinn til að mæta erfiðri fjárhagsstöðu. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að sjóðurinn fái 4,5 milljarða frá ríkinu. Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði í viðtali við Bloomberg-fréttastofuna í vikunni að starfsemi Íbúðalánasjóðs yrði ekki bjargað og að tapið myndi að lokum lenda á skattborgurum. Margir hafa gagnrýnt þessi ummæli en

Eygló gerir hins vegar engar athugasemdir við þessi orð forstjórans. „Staða sjóðsins er erfið og það hefur legið fyrir í töluverðan tíma. Viðbrögð markaðarins við ummælum forstjóra Fjármálaeftirlitsins endurspegluðu það. Menn vita ósköp vel hvernig staðan er hjá sjóðnum. Við erum ekki sátt við það að þurfa að leggja sjóðnum til allt að því fimm milljarða árlega. Það er verið að leita leiða til að gera viðskiptamódelið sjálfbært. Við erum búin að skipa hóp sem snýr að framtíðarskipan húsnæðismála, hvernig við viljum sjá það fyrir okkur til framtíðar, og síðan samhlíða því er verið að fara yfir það sem snýr að fortíðarvandanum. Ég geri engar athugasemdir við orð forstjóra FME. Áður fyrr var það gagnrýnt að þeir sem sinntu eftirlitshlutverki kæmu upplýsingum ekki á framfæri við stjórnvöld. Við höfum fundað með FME og farið yfir stöðu sjóðsins og ég tel að FME sé bara að sinna sínum skyldum,“ segir Eygló.

Hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB

Ríkisstjórnin ákvað í sumar að gera hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Nýlegar kannanir sýna að meirihluti þjóðarinnar vill að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna. Eygló segist vera fylgjandi beinu lýðræði. „Þjóðin hefur sýnt það ítrekað þegar við höfum beint málum til hennar að hún getur axlað þá ábyrgð. Það hefur komið mjög skýrt fram í mælingum og líka hjá fólki sem ég hef hitt í mínu kjördæmi að það er mikill áhugi á því að þjóðin fái að greiða atkvæði um framhald viðræðna.“

Eygló segist vera þeirrar skoðunar að Ísland eigi ekki að ganga í ESB. „Ég held að það gæti reynt erfitt fyrir tvo ríkisstjórnarflokka, sem báðir eru þeirrar skoðunar að Ísland eigi ekki ganga í ESB, að ljúka þessum aðildarviðræðum. Ég tel líka að það verði erfitt að ná ásættanlegri niðurstöðu sem snýr að okkar helstu auðlindum,“ segir Eygló.

visir.is

Viðtalið við Eygló Harðardóttir er hægt að sjá í þættinum **Pólítikin á www.visir.is.**



Hyundai Santa Fe Comfort

2,2 dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrif. Verð 7.450 þús. kr.

Eyðsla 6,7 l/100 km*



Hyundai i20 Classic, dísil

Verð 2.690 þús. kr.

Eyðsla 3,8 l/100 km*



Hyundai ix30 Station, dísil

Verð 3.490 þús. kr.

Eyðsla 6,0 l/100 km*

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum Hyundai sem hentar þér.

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur með öllum nýjum Hyundai bílum.

Opið í dag frá 12-16

HAUSTGLAÐNINGUR Í OKTÓBER

Með öllum nýjum Hyundai bílum fylgja veglegir kaupaukar. Upplýsingar hjá sölufulltrúa í síma 575 1200.



Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

*Mikil vöðupþingartölur framleiðenda um eðlisáhrif smokkunar í bílaútblástur. ENNEMM / SIA / NM59524



SIGURSTUND Leikmenn íslenska landsliðsins og landar þeirra um allan heim ærðust af fögnuði þegar í ljós kom að sætið í umspilsleikjunum fyrir HM í Brasilú var tryggt

STÆRSTA STUNDIN

Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, festi stærstu stundina í sögu íslenska karla-landsliðsins í knattspyrnu á filmu þegar liðið tryggði sér sæti í umspilsleikjunum fyrir HM í Brasilú á Ullevaal-leikvanginum í Ósló á þriðjudaginn.



TÁR, BROS OG TAKKASKÓR Fjölmargir áhangendur íslenska landsliðsins voru stressaðir meðan á leiknum stóð, enda mikið í húfi. Þeir sem voru úti á vellinum stóðu í ströngu sem von var, meðal annars þeir Birkir Bjarnason og Kolbeinn Sigþórsson, en Aron Einar Gunnarsson gaf þakklátum áhorfendum fyrirliðabandið að leik loknum.

DEBENHAMS

BLÁÁ BOMBAN VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT MÁNUDAG

NÝTT KORTATÍMABIL

20% AFSLÁTTUR AF
DEBENHAMS BRJÓSTAHÖLDURUM
OG LEIKFÖNGUM

Gildir út mánudag



 Finndu okkur á facebook

*Gæðu lífid
skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

20 ÁRA AAFMÆ

Tölvulistinn þakkar landsmönnum
fyrir viðskiptin undanfarin 20 ár

TAKK FYRIR OKKUR!

Við bjóðum til glæsilegrar veislu um
helgina á Suðurlandsbraut.

Komdu og fagnaðu
með okkur!

GLAÐNINGUR
FYRIR BÖRNIN!

100
ÓTRÚLEG TILBOÐ

20
HEPPNIR
FÁ 20.000 KR.
GJAFABRÉF!

KOMDU OG SETTU
NAFNID PITT Í POTTINN

OPIÐ ALLA
HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

HEIMILISTÆKI

LISHÁTÍÐ

20 METRA AFMÆLISTERTA

frá Hafliða og verðlaunabökum
frá Mosfellsbakaríi í verslun okkar
á Suðurlandsbraut

OPÍÐ Í ÖLLUM
VERSLUNUM OKKAR

11-18

20
METRAR

1993

2013

AFMÆLISHÁTÍÐ

AFMÆLISHÁTÍÐ

AFMÆLISHÁTÍÐ

AFMÆLISHÁTÍÐ

AFMÆLISHÁTÍÐ

AFMÆLISHÁTÍÐ

tl.is

TÖLVU
LISTINN

GÓMSÆT AFMÆLISTERTA OG GOS
Í ÖLLUM OKKAR VERSLUNUM!

20 ÁRA

AFMÆLISHÁTÍÐ



-30.000

15stk

TOSHIBA

15,6" INTEL i3 MEÐ SNERTISKJÁ!

TOS-L50TA125

Vinsæl vél sem búin er þriðju kynslóð Dual Core i3 örgjörva og 4 GB í innra minni. 15,6 tommu snertiskjár og 500GB hljóðlátur harður diskur. Flott vél á ótrúlegu afmælisverði.

99.990

FULLT VERÐ 129.990

Seagate 2TB FLAKKARI



200stk

SEA-STBV2000200

Nettur, flottur og með allt að tíföldum gagnaflytningshraða með USB 3.0.

3TB – 22.990
4TB – 29.990

14.990

FULLT VERÐ 16.990

27" SKJÁR Á 36.990!



-8.000

AOC

30stk

Ofur afmælistilboð. Frábær 27" skjár í takmörkuðu magni á þessu verði. Mjög stór og góður alhliða skjár.

36.990

AOC-E2752VA

FULLT VERÐ 44.990

ÞRÁÐLAUS AÐGANGSPUNKTUR



-33%

100stk

Þessi búnaður gerir þér kleift að stækka þráðlausa netið þitt á auðveldan þátt. Tengist beint í rafmagn.

3.990

ZYX-WRE2205

FULLT VERÐ 5.990

2.1 HÁTALARAKERFI



-43%

PHILIPS

Dúndurverð fyrir þessa stílhreinu og flottu hátalar frá Philips með bassaboxi.

150stk

3.990

PHS-SPA1330

FULLT VERÐ 6.990

DÚNDUR LEIKJASKJÁKORT



-16.000

msi

50stk

Hörku öflugt AMD kort í leikina sem þú getur tengt 3 skjái við. Styður CrossFire. Aðeins 50 stk. af þessu öfluga skjákorti á geggjuðu afmælisverði.

29.990

MSI-R7850PE2GD50C

FULLT VERÐ 45.990

ELITE 241 TURNKASSI



100stk

-35%

COOLER MASTER

CM-RC241K-
KP460N4

12.990

FULLT VERÐ 19.990

Hljóðlátur og stílhreinn miniturn gerður fyrir Micro-ATX og ATX móðurborð. SD kortalesari. USB3 tengi að framan og 460W aflgjafi.

EPSON HEIMABIÓVARPI



-40.000

EPSON

10stk

Afmælisverð á þessum vinsæla HD ready varpa frá Epson. 3.000 ansi lumens og skerpuhlutfallið 12.000:1.

99.990

EPS-EHTW490

FULLT VERÐ 139.990

2 DISKA NAS BOX

Tilboð á NAS diskum líka!

-40%

ZyXEL

Öflug NAS hýsing sem tengist á heimilisnetið og auðveldar alla gagnageymslu.

30stk

14.990

ZYX-NSA320

FULLT VERÐ 24.990

QOSIMO LEIKJATÖLVA



TOSHIBA

-80.000

Þessi er rosaleg. Með full HD skjá og Turbo Intel i7 örgjörva. 8GB minni og GeForce GTX 670M skjákort.

199.990

TOS-X870156

FULLT VERÐ 279.990

Þú veitst þetta um stafræningarnett og myndabreytingu.



0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11 - 18

tl.is

TÖLVU LISTINN



150stk

**180GB INTEL
SSD Á 19.990!**

INT-SSD5C2CT180A4K5

Ruglverð. Uppfærðu
fartölvuna eða
borðtölvuna í SSD.
Ótrúlegur hraðamunur.

19.990

FULLT VERÐ 31.990

ASUS 7" MEMOPAD

Það verður slegist um þessa.
Frábær fyrir börnin. Hæsti
gæðaflokkur frá Asus með
Android 4.1 Jelly Bean.
Sterkbyggð og meðfærileg.

ASU-ME172V1B077A

29.990

FULLT VERÐ 39.990



-25%

20stk

9,7" DUAL CORE SPJALDTÖLVA



40stk

1.5GHz Dual Core örgjörvi,
1GB vinnsluminni. Android
4.2.2. Jelly Bean. 1024 x 768
upplausn.

24.990

UNI-TAB0922

FULLT VERÐ 26.990

1TB SEAGATE FLAKKARI



-24%

200stk

Seagate

Einn sá vinsælasti. Nettur 2,5"
USB 3.0 Flakkari frá Seagate.

12.990

SEA-STBX1000201

FULLT VERÐ 16.990

750W AFLGJAFI



-17%

25stk

Öflugur Raider Silver aflgjafi frá
Fortron. Tryggir allt að 88% nýtni.
Hljóðlátur með 120mm viftu til
kælingar.

FSP

12.990

FSP-RAIDERS750

100.000 KRÓNA AFSLÁTTUR!

-100.000



ASUS

Byltingarkennd nýjung. Skjátölva
sem er líka 18" spjaldtölva. Tveir
örgjörvar, tveir harðir
diskar, IPS
snertiskjár.

199.990

ASU-P1801B081K

FULLT VERÐ 299.990

AFMÆLIS LEIKJAVÉL



-20.000

20stk

Glæsileg
leikjavél
búin Intel i5
örgjörva, SSD
drifi, 8GB í
innra minni
og öflugu
N660GTX
Nvidia
skjækorti o.fl

COOLER
MASTER

CM G5.7
SILENCIO

179.990

FULLT VERÐ 199.990

ALLAR iPad Á AFMÆLISAFSLÆTTI!



-30.000

Apple iPad

iPad 3.
16GB 4G
+ WiFi

Eigum 20 mismunandi gerðir af
iPad á lager sem verða á sérstöku
afmælisverði. Allt að 40%
afsláttur!

79.990

APL-MD366KS

FULLT VERÐ 109.990

UNIVERSAL STRAUMBREYTI



-22%

FSP

Fyrirferðarlitill
90W universal
straumbreytir
frá Fortron
sem passar í
flestar fartölvur
á flottu
afmælisverði.

6.990

FSP-NBLITE90

FULLT VERÐ 8.990

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 17" VÉL!



-20.000

20stk

TOSHIBA

17,3" LED skjár, Intel Dual Core
örgjörvi og 4GB minni og 1TB
harður diskur. Sérstaklega gott
tommuverð.

79.990

TOS-C8701JL

FULLT VERÐ 99.990

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

20 ÁRA

AFMÆLISHÁTÍÐ



-10.000

50stk

PHS-246V5LSB

24.990

FULLT VERÐ 34.990

PHILIPS 24" HÁSKERPU LED SKJÁR

Stilhreinn og flottur Philips skjár með 10.000.000:1 skerpulutfalli og SmartControl Lite fyrir helstu stýringar skjásins.



-25%

200stk

SEA-ST2000DM001

13.990

FULLT VERÐ 17.990

Traustur 7200rpm SATA3 harður diskur frá Seagate með 64MB buffer í takmörkuðu magni.



-20.000

HAGKVÆM HEIMILISVÉL

Þessi hentar mjög vel í alla almenna notkun. Hún er búin 15,6" skjá og 500GB hörðu drifi. Ice cool tæknin tryggir svo að hún hitnar lítið sem ekkert.

69.990

ASU-X55ASX203H

FULLT VERÐ 89.990

500GB SSD DISKUR



-15.000

SAMSUNG

25stk

Stór og hraður 500GB Samsung 840 SSD diskur. Ótrúlegur hraðamunur.

54.990

SAM-MZ7TD500Z

FULLT VERÐ 69.990

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS



-20%

100stk

rapoo

Mjög vandað lyklaborð og mús frá Rapoo. Notast við einn USB sendi. Ábrenndir íslenskir stafir.

3.990

RAP-X1800

FULLT VERÐ 4.990

2GB NVIDIA SKJÁKORT



-5.000

25stk

msi

Sérstaklega öflugt úr GeForce GTX 660 linunni frá Nvidia. Styður þrjá skjái og SLI. 2GB í innra minni, 2xDVI, Displayport og HDMI tengi.

34.990

MSI-N660GAMING-2GD50C

FULLT VERÐ 39.990

ALVÖRU VINNUHESTUR



-20.000

20stk

COOLER
MASTER

CM V7.5 ELITE

129.990

FULLT VERÐ 149.990

Sérstaklega öflug vinnutölva með nýjasta Intel i5 Haswell, SSD drifi og 16GB vinnsluminni. Mjög hljóðlát. Frábær kaup á afmælis tilboði.

HD SJÓNVARPSFLAKKARI Á 16.990



-6.000

A.C. Ryan

150stk

Okkar alvinsælasti sjónvarpsflakkarar. Spilar næstum allar skráartegundir. Tekur allt að 2TB harða diska.

16.990

ACR-PV73500

FULLT VERÐ 22.990

SHUTTLE XPC TÖLVA



-20.000

Shuttle

Shuttle XPC vélarnar eru sérstaklega fjölhæfar. Hægt er að útbúa þær sem öflugar leikjaveðar eða venjulegar vinnuveðar. Þessi grunnur samanstendur af kassa, móðurborði og aflgjafa.

59.990

SHU-SZ77R5

FULLT VERÐ 79.990

SAMSUNG 22" LED SKJÁR



-5.000

30stk

Þunnur og fyrirferðalítill LED skjár frá Samsung með aðeins 5ms svartíma og háskerpu upplausn.

21.990

SAM-S22C300B

FULLT VERÐ 26.990

Þitt með fyrirvara um staðsetningavillur og myndabreytingu.



0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

tl.is

TAKMARKAÐ MAGN TILBOÐ GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

TÖLVU LISTINN



PAKKA
TILBOÐ

ZyXEL

RAFMAÐNAD NETSAMBAND

ZYX-PLA4201TWINPACK

ZyXel HomePlug AV gerir þér kleyft að keyra innanhúsnæti gegnum rafmagnsleiðslur húsnæðisins. Forgangsráðar netumferð. 500Mbps útgáfan.

6.990

AFMÆLISVERÐ

EPSON

ÖFLUGUR ÞRÁÐLAUS HEIMILISPRENTARI



100stk

-33%

EPS-XP305

Prentari sem getur allt. Skannar, ljósritar og prentar þráðlaust fyrir allt heimilið. Hraðvirkur og með einföldu notendaviðmóti. 5.000 króna afsláttur.

9.990

FULLT VERÐ 14.990

COOLTAB MEÐ SÍLIKONHLÍF

Lenco

Hönnuð fyrir börn. Silikonkantur allan hringinn sem minnkar hættu á hnjaski. Kemur með bláum eða bleikum kanti.

40stk

19.990

LEN-COOLTAB80BL

FULLT VERÐ 29.990

AC BEINIR FYRIR LJÓSLEIÐARANET



ZyXEL

50stk

Nýji AC þráðlaus netstaðalinn er með allt að 433Mbps flutningsgetu og tryggir betra og öruggara samband.

12.990

ZYX-NBG6503

FULLT VERÐ 17.990

HEYRNARTÓL Í LEIKINA



SteelSeries

50stk

Vönduð og flott heyrnartól frá SteelSeries sem hægt er að taka í sundur. Eru með hljóðnema og styrkstíli á snúru.

7.490

STE-5HV2

ÁÐUR 14.990

-80.000



ASUS

80.000 KR. AFSLÁTTUR!

Glæsileg Asus Zenbook i7 vél sem veur eftirtekt. Með 13,3" snertiskjá og vegur aðeins 1,3 kg. 256GB SSD drifið tryggir svo topp vinnslugetu. Ótrúlega flott vél.

269.990

ASU-UX31AC4027H

FULLT VERÐ 349.990

ÖFLUG HEIMILISTÖLVA Á AFMÆLISVERÐI



30stk


Hljóðlát borðtölva með i3 Haswell örgjörva og 2TB hörðum disk. Hentar mjög vel í alla almenna vinnslu heima.

99.990

COOLER
MASTER
CM H4.3 SILENCIO

FULLT VERÐ 109.990

-10.000 AF NEXUS 7



15stk

ASU-NEXUS-718068A

44.990

3G ÚTGÁFAN 54.990

Vinsælasta 7" vélin okkar nú á frábæru verði. Margverðlaunuð vél sem búin er fjórkjarna örgjörva, 32GB Flash minni og kristaltærum IPS skjá.

200.000 KR AFSLÁTTUR!



EPSON

Okkar albesti skjávarpi fyrir fyrirtæki. Short-throw og 2.000:1 ofurskerpa. Mjög bjartur með 3.100 ansi lumens. Ótrúlegur afsláttur.

399.990

EPS-EB1410WI

FULLT VERÐ 599.990

ÖFLUG MEÐ SNERTISKJÁ



TOSHIBA

10stk

14" fartölva með öflugum i5 örgjörva og 8GB i innra minni. Vélin vegur aðeins 1,7kg og rafhlöðuendingin er allt að 5,5 klst.

149.990

TOS-U840T103

FULLT VERÐ 189.990

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

Alltaf verið fljót að finna dót

Anna Ringsted ætlar að loka fornsölnni Fríðu frænku með vorinu eftir áratuga rekstur og snúa sér að því að njóta lífsins. Veit sem er að enginn á morgundaginn vísan. Á það var hún illilega minnt þegar eiginmaðurinn lést vegna hjartaáfalls.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég þræði nokkra stiga á leið upp í risibúð Önnu Ringsted. Heimilishundurinn Labbi heilsar gjammandi á skörinni en vingast við mig um leið og ég tek undir kveðju hans. Hlýleg stofa blasir við en ég vel að tylla mér við tekkborðið í borðkróknum þar sem gluggar á þrjá vegu veita útsýni yfir marglit þök og garða. Anna ber fram kaffi úr eldhúsinu, sem er í litlum krók undir súð.

Missti manninn sviplega

Anna hefur sett svip á miðborgina með rekstri fornsölnnar Fríðu frænku. Þeir sem hafa komið þar inn gætu ímyndað sér að heima hjá eigandanum væri allt stappfullt af antík-húsgögnum og öðrum gömlum munum. Svo er ekki. Þar eru að vísu einungis forni og fallegir hlutir, til dæmis gamlir leikfangabílar uppi á bitum í borðkróknum. Skyldu svona dýrgripir koma inn í Fríðu frænku? „Já, en sjaldnar og sjaldnar,“ segir Anna. „Maðurinn minn átti þessa bíla. Hann var eiginlega meiri safnari í sér en ég, mér finnst ekki þægilegt að hlaða endalaust í kringum mig. Það gengur ekki að vera safnari sjálfur þegar maður rekur svona búð. Samt eru hlutir sem ég fell fyrir, eins og skálar, blómavasar, gömul veski og skartgripir, en ég er læknuð af þeirri þörf að eiga þá alla.“

Þar sem Anna hefur rekið búðina í þrjátíu og þrjú ár hlýtur hún að hafa smekk sem nýist öðrum. „Ég er komin með þjálfaðan smekk. Þegar ég fór út þennan rekstur vissi ég ekki baun í bala og gerði auðvitað margar skyssur. Heyrði einhvern tíma að maður yrði ekki góður í neinu starfi fyrir en eftir svona sautján, átján ár. Þá væri þjálfunin komin. Starf í svona fornsölu byggist upp á þjálfun. Bæði þarf maður að vera mannþekkjari og búa yfir hæfni til að meta hluti. (Hlær) Svo þarf maður að vera góður raðari. Fólk er stundum alveg undrandi þegar ég er að kaupa heil dánarbú. „Já, en búðin þín er full,“ segir það. En ég tek hlutina inn og byrja að raða – umstafla og raða.“

Anna kveðst þó hætta að bera stóra skápa og aðra þunga hluti ofan af þriðju hæð, heldur fá tvo menn með hverjum sendibíl. „Áður bar ég heilu dánarbúin út í bíl með bílstjóranum. Víf aði það ekki fyrir mér enda finnst mér aksjón skemmtileg. Það er einhver spennufíkn í mér.“

Nú er Anna búin að selja húsnæðið á Vesturgötu 2 sem Fríða frænka er í og afhendir það í byrjun apríl en verður með verslunina opna næstum fram að þeim tíma. Af hverju er hún að hætta?

„Ég hef svo lítið getað tekið frí frá því ég byrjaði með búðina og vil hætta áður en það verður of seint. Það tengist því meðal annars að ég missti manninn minn sviplega fyrir fimm árum. Þá var ég harkalega minnt á að lífið tekur enda og að maður þarf að njóta þess líka. Hann var bara fimmtugur. Var að tala við mig þegar hjartað bara stoppaði. Það var rosalegt.“

Eiginmaður Önnu hét Sveinn Sigurður Þorgeirsson og var listamaður. Hann rak búðina með Önnu, ásamt smíðaverkstæði þar sem hann gerði upp húsmuni sem þurftu lagfæringar við. „Sveinn var snillingur í höndunum og smíður af guðs náð,“ segir hún. „Innrétt að til dæmis þessi íbúð hér í risinu og gerði upp íbúð fyrir ofan búðina, sem við seldum. Svo var hann að byrja á risinu þar fyrir ofan þegar hann dó. Ætlaði alltaf að fara að sinna listinni – seinna.“

Nú kveðst Anna eiga eftir að gera upp umrædda risibúð til útleigu og taka íbúðarhúsið sitt í gegn að utan. Það er kjallari, tvær hæðir og ris. Börnin hennar tvö búa á annarri hæðinni en hluta hússins leigir hún út.

Lærð í lífsins skóla

Anna ólst upp á Akureyri í góðu yfirlæti að eigin sögn. Hún er ein af sex systkinum og segir fimm til sex börn í fjölskyldum hafa verið normið á æskulöðunum efst á Brekkunni, enda hafi verið mikið líf í tuskunum þar.

„Það var bara farið út að leika á morgnana og svo þurfti að draga mann inn einhvern tíma á kvöldin,“ rifjar hún upp. Aðstaðan var öðruvísi þegar hún var með sín tvö börn ung í miðborg Reykjavíkur, þar gat hún ekkert hleypt þeim út nema vera með þeim. „Mér fannst þetta svo leiðinlegt og sjónvarpsgláp-



“Tíðarandinn var þannig að fólk leit á allt gamalt sem rusl, bæði hús og húsbúnað og henti miklu. Ég skildi aldrei þetta tímabil, fattaði ekki hvernig bankarnir græddu svona og hvernig allir gátu verið á nýjum bílum. Mér fannst þetta leiðinlegt fyrir unga fólk því lífið gekk svo hratt.“

KAUPKONAN „Ég er að reyna að venja mig af því að vera alltaf á spani. Hef verið í jóga í mörg ár en alltaf á hlaupum,“ segir Anna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

id var farið að fara svo rosalega í mig að ég pantaði trampólín frá Ameríku. Þetta var áður en þau komu í búðir hér. Þá hurfu börnin út í garð og ekki horft á sjónvarp lengi á eftir. Þau voru alltaf á trampólíninu og allt hverfið. Ég held þau hafi gengið gegnum þrjú trampólín.“

Hún kveðst hafa farið ung að vinna. „Ég rétt skreið út úr gagnfræðaskóla. Pabbi sagði að skólastjórnendur hefðu látið mig hafa einkunnina til að ég kæmi örugglega ekki aftur! Því ég hafði engan áhuga á náminu. Ég hef hins vegar alltaf haft gaman af að vinna og hef reynt af mörgum störfum, var alltaf köld að skipta um vinnu þótt ég væri í góðu starfi og byrja á einhverju nýju. Fyrir mér hefur lífsins skóli verið fjölbreyttur og dásamlegur.“

Skyldi hún hafa alist upp við antíkummi á æskuheimilinu? „Nei, mamma er fagurkeri en dálítið nýjungagjörn þannig að hún skipti út mublum og ég er ekki alin upp við gamalt dót. Alls ekki.“

Það var í London sem Anna fékk áhuga á gömlum húsmunum. Þar bjó hún þegar hún var 17, 18 ára og þá var í tísku að kaupa gamalt. „Ég fór að sækja svona fornverslanir. Fannst alveg vera málið að finna hluti sem voru öðruvísi en allir aðrir áttu – einstaka hluti. Ég var líka í Svíþjóð þegar ég var rúmlega tvítug, fyrst að vinna á elliheimili, svo sem lestarþerna en síðan fór ég að vinna í búð sem hét Sesor og Saker og var í Gamla Stan í Stokkhólm, hún seldi dúka og litla antíklut. Þar smitaðist ég endanlega.“

Vel skrifað um búðina

Eitt sinn voru tvær verslanir neðst við Vesturgötuna sem seldu notuð fót, Kjallari og Flóin, hvor sínum megin við götuna. Anna kveðst hafa unnið um tíma í Kjallaranum. En þar kom að hún stofnaði eigin búð í Ingólfsstrætinu í um 20 fermetra plássi og byggði hana upp líkt og Sesor og Saker. „Svo var ég fljót að sanka meiru að mér. Ég hef alltaf verið fljót að finna dót,“ segir hún hlæjandi.

Fyrstu árin flutti Anna inn fornunni og fór í innkaupaferðir til Hollands, Bretlands og Ameríku. „Svo flutti ég ekkert inn í mörg ár, þar til ég fór að fara til Danmerkur fyrir tíu til tólf árum að kaupa tekk. En aðallega kaupir ég dánarbú hér heima og af fólk sem er að flytja, breyta, er blankt eða vill losa sig við eitthvað af öðrum ástæðum,“ lýsir hún. Hún kveðst alltaf hafa þurft að velja úr. „Annars væri ég með alla Vesturgötuna á leigu,“ segir hún og hlær.

Útlendingar eru tíðir gestir í Fríðu frænku, að sögn Önnu. „Erlendir ferðamenn hafa alltaf sótt í búðina mína og það er voða vel skrifað um hana í netheimum. Þar er oft tekið fram að hún sé eitt af því sem fólk verði að skoða þegar það komi til Reykjavíkur.“

En hvernig gekk með Fríðu frænku í íslenska góðærinu? „Tíðarandinn var þannig að fólk leit á allt gamalt sem rusl, bæði hús og húsbúnað, og henti miklu. Ég skildi aldrei þetta tímabil, fattaði ekki hvernig bankarnir græddu svona og hvernig allir gátu verið

á nýjum bílum. Mér fannst þetta leiðinlegt fyrir unga fólk því lífið gekk svo hratt. Það keypti sér íbúð og allt nýtt og maður hugsaði: Situr þetta fólk svo bara framan við flatskjána, étur snakk og hefur ekki fyrir neinu að berjast? Óttaðist að það væri ávísun á lífsleiða. Ófugt við það sem áður var þegar fólk sat á kollum þangað til það átti loksins fyrir sófa, með þeirri dásamlegu tilfinningu sem því fylgdi.“

Dreymir um að tjalda

Hvernig skyldi svo þessi kjarnakona ætla að njóta lífsins þegar hún er laus við verslunarreksturinn?

„Sko, ég byrjaði til dæmis að stunda hestaferðir fyrir tólf árum. Mig langar rosalega að fá mér hest. Svo finnst mér mjög gaman að ferðast. Alveg eins innan lands og utan. Dreymir til dæmis um að tjalda í Mývatnssveitinni – í gömlu A-tjaldi! Ég er að reyna að venja mig af því að vera alltaf á spani. Hef verið í jóga í mörg ár en alltaf á hlaupum. Fyrsta veturinn hugsaði ég alltaf: leiðinlegt, leiðinlegt, leiðinlegt. Er þetta ekki að verða búíð? Svo lærði ég að meta jóga og finnst það dásamlegt fyrir líkamann. Nú get ég kannski gert það með hausinn í lagi líka! En ég er ekkert hrædd um að líf mitt verði ekki nógu spennandi og held ég eigi eftir að fá fullt af tækifærum. Mér finnst gaman að vera til, á fullt af göðum vinum og efast ekki um að ég eigi eftir að hafa nóg fyrir stafni.“

FYRIRTÆKJAGJAFIR

LAUGARDAGUR 19. OKTÓBER 2013

Kynningarblað Matur, menning, skemmtun, gjafir, skraut og leikir



Gjafakortið er tilvalin gjöf til starfsmanna enda geta þeir nýtt það í ótal viðburði sem Miði.is býður upp á.

MYNDVALLI

Mesta úrval landsins í afþreyingu

Handhafar gjafakorts **Miði.is** geta valið úr hundruðum ólíkra viðburða í vetur. Einfalt er að panta þau á vefnum og korthafar geta flett upp inneign sinni þar og pantað miða. Gjafakortið er vinsæl gjöf til starfsmanna fyrirtækja og stofnana.

Þá getur verið erfitt að finna réttu gjafirnar handa starfsmönnum, hvort sem um er að ræða jólagjafir eða ýmsar tækifærisgjafir. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana eru iðulega á ólíkum aldri og hafa ólík áhugamál. Við slíkar aðstæður kemur gjafakort Miði.is sér afar vel. Gjafakortið er tilvalin gjöf til starfsmanna enda geta þeir nýtt það í ótal viðburði af öllum stærðum og gerðum sem Miði.is býður upp á. Ólafur Thorarensen, framkvæmdastjóri Miði.is, segir einfalt og fljótlegt að ganga frá kaupum á gjafakortum á vefnum og þeir sem fá þau í hendurnar geti valið úr fjölda skemmtilegra viðburða í vetur. „Gegnum Miði.is geta handhafar gjafakortsins valið úr fjölda viðburða á sviði tónlistar, leikhúss og íþróttar, auk ýmissa annarra spennandi viðburða. Þeir sem ætla að gefa gjafakort geta valið úr nokkrum upphæðum, sú lægsta er 2.500 kr. og sú hæsta er 15.000 kr. Þannig er gjafakortið mjög hentug gjöf til starfsmanna því þarfir þeirra eru ólíkar og hægt er að nýta kortið til svo margra skemmtilegra hluta á ólíkum stöðum.“

Það er afar einfalt að ganga frá kaupum

á gjafakortum á Miði.is og þau eru send til greiðanda, eða þess sem á að fá gjafakortið að gjöf, að kostnaðarlausu um allt land. Bráðlega verður einnig boðið upp á raf-ræn gjafakort. „Sá sem fær kortið að gjöf þarf svo alltaf að virkja það á eigin kennitölu inni á vefnum www.midi.is. Það er gert til að tryggja hámarksöryggi fyrir korthafa. Ef hann týnir kortinu og er búinn að virkja það er því í flestum tilfellum hægt að gefa út nýtt kort án þess að hann beri nokkurn skaða af.“

Mikið úrval í boði

Gríðarlega mikið úrval ólíkra viðburða er í boði inni á vef Miði.is. „Úrvalið er mjög mikið og sýnbreytilegt. Korthafar geta einnig glata inneign þótt lág upphæð sé eftir á gjafakortinu. Sé lítil fjárhæð eftir er hægt að greiða mismuninn með kreditkorti eða koma við á skrifstofu okkar í Skaftahlíð 24. Þegar búið er að festa kaup á stökum viðburði kemur fram í lok pöntunar hversu há fjárhæð er eftir á gjafakortinu. Auk þess geta korthafar alltaf flett upp stöðu sinni á

netinu, sent póst eða hringt á skrifstofuna.“

Gjafakort Miði.is er búið að vera til sölu síðan árið 2006 þótt salan hafi farið rólega af stað. „Síðustu árin hefur salan þó aukist jafnt og þétt. Við seljum mikið af gjafakortum til fyrirtækja og stofnana enda er þessi hópur helsti markhópur okkar. Sum fyrirtækin kaupa kannski 400-500 kort fyrir starfsmenn og þetta spyrst út, enda almenn ánægja með þau. Hingað til höfum við lítið kynnt það fyrir einstaklingum, þá helst inni á vefnum okkar. Við erum þó að breyta þeim áherslum.“

Miði.is selur fyrir sífellt fleiri. „Þeim fjölgar ár frá ári. Atburðunum fjölgar stöðugt og nú fyrir jólin bjóðum við til dæmis upp á tugi jólatónleika svo dæmi séu tekin. Í vetur bjóðum við upp á sölu á nokkur hundruð viðburðum þannig að úr mörgu er að velja fyrir handhafa gjafakortsins.“



Gjafakort Miði.is er glæsileg gjöf sem nýtist á marga ólíka viðburði í vetur.

midi.is

Þannig er gjafakortið mjög hentug gjöf til starfsmanna því þarfir þeirra eru ólíkar.

Verið er að hanna nýtt útlit á gjafakortin sem verður tilbúið á næstu dögum. „Þau verða virkilega falleg og aðlaðandi fyrir þá sem þau hljóta að gjöf.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.midi.is.

Þakkarvottur fyrir vel unnin störf

„Jólagjafir geta haft mjög góð áhrif á mórallinn á vinnustaðnum. Það að gefa starfsfólki gjöf er líka gott tækifæri til að þakka fyrir liðið ár og hrósa fólki fyrir þann árangur sem hefur náðst í vinnunni,“ segir Ólafur Kári Júlíusson, vinnusálfræðingur hjá Vinnuvernd ehf., spurður um mikilvægi fyrirtækjagjafa til starfsfólks.

Ólafur segir það geta verið vandamt að velja gjafir fyrir hóp starfsfólks og þá sérstaklega á stórum vinnustöðum.

„Matargjafir og vín geta stundum valdið vandræðum á stórum vinnustöðum þar sem erfitt er að mæta þörfum allra. Sumir drekka ekki, aðrir eru grænmetisætur og svo framvegis, en fyrirtækjagjafir eru oftast auðveldari á minni stöðum. En þetta eru þó ekki grjóthörð vísindi. Ætli gömlu góðu gjafakortin séu ekki vinsælust og valdi minnstum núningi,“ segir Ólafur og bendir á að til að forðast það að gjafir til starfsmanna valdi leiðindum á vinnustaðnum verði hugur að fylgja máli.

„Þegar gefa á starfsfólki gjafir þurfa þær að hafa eitthvað gildi fyrir starfsfólkið og nýtast þeim – derhúfur og pennar merktir fyrirtækinu ná kannski ekki langt inn að hjartanu. Það má ekki gleyma að í þessu, eins og svo mörgu öðru, er það líka hugurinn sem skiptir máli. Það að fá gjöfina og viðurkenninguna er starfsmanninum mikilvægt. En gjafir til starfsmanna verða líklega aldrei fullkomnar. Sá eini sem hefur náð fullum tökum á þessum „gjafavísindum“ er jólasveinninn!“



Ólafur Kári Júlíusson, vinnusálfræðingur hjá Vinnuvernd ehf., segir gjafir til starfsfólks geta haft mjög góð áhrif á mórallinn á vinnustað. MYND/GVA



Leynivinaleikur brýtur upp daginn í vinnunni á einum annasamasta tíma ársins.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leynivínir bæta vinnumóral

Jólaleikir af ýmsu tagi geta létt stemninguna á vinnustaðnum. Einn slíkur er leynivinaleikur sem snýst um að samstarfsfólk gleði hvert annað.

Margir vinnustaðir eru með hefð fyrir leynivinaleik í desember. Leynivinaleikurinn virkar þannig að um mánuði fyrir jól eru nöfn allra starfsmanna sett í poka. Síðan draga allir eitt nafn og taka að sér að gleðja viðkomandi á leynilegan hátt fram að jólum. Stranglega er bannað að segja nokkrum hvern maður er að gleðja. Rétt fyrir jól gefur leynivinnurinn sig síðan fram.

Með þessu móti getur desember verið mjög spennandi tími þar sem fólk spáir og spekulera í því hvað það hefur fengið og hvað gjöfin mögulega segir um hugsanlegan leynivinn.

Glaðningurinn getur verið hvort sem er í formi andlegra eða efnislegra gæða. Á spjallvefnum bland.is er að finna nokkrar skemmtilegar umræðusíður um leynivinaleiki og gjafir í tengslum við hann og ýmsar skemmtilegar hugmyndir koma upp.

HÉR ERU NOKKUR SLÍK DÆMI

1 Hægt er að fá alls konar prufur, til dæmis af ilmvötum, rakspírur og kremum, í verslunum. Með því að pakka þessu inn í sellófan verður prýðisgjöf sem kostar lítið.

2 Jólaservíttur og kerti mælast alltaf vel fyrir í jólamánuðinum.

3 Heimabakaðar smákökur eru persónuleg gjöf og ekki er verra að skola þeim niður með jólaöli.

4 Sælgæti er alltaf klassískt. Það má setja í sætan bolla eða könnu eða flétta í nammikrans. Svo er líka nóg að gefa einn fallegan mola.

5 Þeir sem hugsa um heilsuna ættu að gleðjast yfir fallegum ávexti.

6 Hægt er að búa til netfang og senda leynivini sínum brandara og jólasögur daglega.

7 Hagyrðingar ættu ekki að eiga í vandræðum með að leggja í eina vísu fyrir leynivinn sinn.

8 Hægt er að búa til geislakisk fyrir leynivinninn, til dæmis með uppáhaldslögum vinarins eða með lögum sem tengjast á einhvern hátt vinnu. Þar má nefna That's what friends are for, Ég er sko vinur þinn, Við eigum hvorn annan að úr Tomma og Jenna, þemalagði úr þáttunum Friends og fleira.

9 Lukkuleikir eru skemmtileg hugmynd. Til dæmis má stinga happaprænnu eða lottómíða á skrifborð vinarins.

TILVALIN JÓLAGJÖF

Teljósa- kertastjakar eða servéttustandur

VANDADUR KRISTALL

Verð kr. 4995.-

Tekk www.tk.is

KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Óstakarfa frá Óstahúsinu

Óstahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.

Útbúum allar körfur með vínflösku sé þess óskað.

7 PÖNTUNARNÚMUR

5 PÖNTUNARNÚMUR

6 PÖNTUNARNÚMUR

4 PÖNTUNARNÚMUR

Ósta HÚSIÐ STOFNAÐ 1992

Nánari upplýsingar og pantanir: www.ostahusid.is, og í síma 565 3940



Grafið kjöt, heitreykt bleikja og gullverðlaunað paté

Kjötbankinn er gamalgróið fyrirtæki í Hafnarfirði sem þekkt er fyrir gæðaframleiðslu og framúrskarandi þjónustu. Jólakörfurnar frá Kjötbankanum eru hlaðnar sælkeramat sem allur er framleiddur sérstaklega til að setja í körfurnar og er sérvalinn með áherslu á gæði.

Jólakörfur Kjötbankans eru einstakar að því leyti að allt sem er í þeim er unnið úr sérvöldu hráefni á staðnum eða í nánú samstarfi við sælkeraverslunina Kjötkompaní sem er margrómuð fyrir mikil gæði og fagmennsku. Áhersla er lögð á fjölbreytt vöruúrval í körfunum þannig að allir ættu að finna eitt-hvað við sitt hæfi. Það er mikið lagt í hverja körfu og við vöndum til verka enda er Kjötbankinn gamalgróið og gott fyrirtæki sem byggir á gæðum," segir Marteinn Þorkelsson, kjötiðnaðarmaður og sölu- og markaðsstjóri hjá Kjötbankanum.

„Jólakörfurnar innihalda allar forrétti, aðalrétti og eftirrétt, meðlæti og sósur, meðal annars ótrúlega góða franska súkkulaðímús í glerkrúkkum, rauðlaukssultu, sem er frábær með villibráðinni, og gullverðlaunað paté Kjötbankans. Við reynum að toppa okkur á hverju ári og koma með eitt-

hvað nýtt í körfurnar til að fá tilbreytingu í jólamatinn. Í ár erum við með hunangsgljáðar kalkúnabringur ásamt kalkúnafyllingu og aliönd, sem við höfum ekki verið með áður. Þá erum við með grafna og heitreykta bleikju í körfunum til tilbreytingar frá hinum hefðbundna graflaxi og mikið úrval af gröfnu kjöti og paté," segir Marteinn og ítrekar að ekkert sé látið ofan í körfurnar nema það standist yfstrustu gæðakröfur og sé að öllu leyti framleitt í samstarfi við Kjötbankann.

„Kjötbankinn framleiðir takmarkað magn því við leggjum mikla áherslu á gæði og framúrskarandi þjónustu. Þetta er þriðja árið sem við bjóðum upp á jólakörfurnar og þær hafa alltaf selst upp. Það borgar sig því að vera tímanlega á ferðinni, við afgreiðum jafnt stóra sem smáa. Fyrstur kemur fyrstur fær.“

„Jólakörfurnar innihalda allar forrétti, aðalrétti og eftirrétt, meðlæti og sósur, meðal annars ótrúlega góða franska súkkulaðímús í glerkrúkkum, rauðlaukssultu, sem er frábær með villibráðinni, og gullverðlaunað paté Kjötbankans.“



Gjafakörfur fyrir alvöru sælkera

Kokkarnir veisluþjónusta hafa skapað sér sérstöðu í gjafakörfum með því að framleiða mestalla vöruna sjálfir. Með því geta þeir boðið handunna gæðavöru. Meðal annars má nefna rauðlaukssulta, cumberlandsósu, heitreykta gæs og graflax.

Við stílum alltaf inn á að vera með það nýjasta og ferskasta hverju sinni," segir Rúnar Gíslason matreiðslumaður. „Við bjóðum gjafakörfur með alls kyns sælkeravörum sem við framleiðum. Við viljum bjóða öðruvísi vöru og leggjum áherslu á það sem okkur sjálfum finnst gott. Þetta eru vörur fyrir matgæðinga, þá sem kunna að njóta góðs matar," segir Rúnar.

„Meðal þess sem við vinnum er rauðlaukssulta, cumberlandsósa, villibráðarpaté, heitreykt gæs, graflax og graflaxsósa, auk margs annars. Þá er hægt að fá alls kyns osta með í körfurnar og áfengi sé þess óskað. Þetta eru allt fyrsta flokks vörur sem við bjóðum einnig í veisluþjónustunni okkar. Varan er handunnin, ekki fjöldaframleidd, við leggjum alúð við vinnuna og framleiðum einungis gæðavöru," útskýrir Rúnar. „Gjafakarfa frá okkur er vegleg gjöf.“

Gjafakörfur frá Kokkunum hafa verið gríðarlega vinsælar til jólagjafa hjá fyrirtækjum og stærsta einstaka pöntunin í fyrra var tæplega 400 körfur. Hægt er að fá þær í nýu stærðum. „Við bjóðum bæði staðlaðar körfur sem við höfum valið vörur í en einnig getur fólk pantað sérkörfur eftir eigin smekk.“

Við höfum fengið símtöl eftir jólin þar sem fólk hefur hrósað okkur fyrir gjafakörfuna, enda hefur það getað haft smáréttaveislu á jólum. Við setjum miða með í körfuna til að upplýsa fólk um veisluna sem leynist í körfunni. Á miðanum fær fólk upplýsingar um hvað passar best saman og hvernig á að setja upp smáréttaveislu. Það er mjög skemmtilegt að setja óvænt upp slíka veislu um jólin," segir Rúnar enn fremur. „Við erum búnir að vera með þetta fyrirtæki lengi og boðið gjafakörfur í tíu ár, reynslan hefur kennt okkur hvað fólk vill.“

Hægt er að kaupa eina gjafakörfu eða mörg hundruð. Það verður þó alltaf að panta gjafakörfuna með nokkurra daga fyrirvara. Hægt er að skoða hvað er í boði á heimasíðunni kokkarnir.is og panta í síma 511 4466.

Lúxusgjafakarfa sem inniheldur sælkeramat. Ekki er amalegt að setja óvænt upp smáréttaveislu um jólin.



Rúnar Gíslason matreiðslumaður hefur verið með Kokkana í tíu ár en gjafakörfur frá fyrirtækinu eru gríðarlega vinsælar.
MYNDR/DANIEL

Purrkað kjöt. Kokkarnir vinna allt frá grunnu og leggjja áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð.

Sælla er að gefa en þiggja

Léttvín eru vinsæl jólagjöf hvort sem er til starfsmanna, viðskiptavina, vina eða vandamanna. Vinsérfræðingar Haugen-Gruppen geta aðstoðað fólk við valið.

„Haugen-Gruppen flytur inn og selur léttvín frá öllum helstu vínæktarsvæðum heimsins. Frá Evrópu erum við með vín frá öllum helstu héruðum Frakklands, Spánar og Ítalíu, auk vína frá Portúgal og Austurríki," segir Eva Björk Sveinsdóttir vörumerkjastjóri og bætir við að Haugen-Gruppen flytji einnig inn vín frá Síle, Argentínu, Suður-Afríku, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. „Við leggjum mikla áherslu á að bjóða fjölbreytt úrval léttvína í öllum verðflokkum," segir hún.

Við val á jólagjöfum eru vinsérfræðingar Haugen-Gruppen fólk innar handar og geta aðstoðað við val á hentugu víni hvort sem það er til starfsmanna, viðskiptavina eða vina og vandamanna. „Við getum jafnframt haft milligöngu með afgreiðslu í gegnum vínbúðina og afhent vínið pakkað í einnar, tveggja, þriggja og sex flösku gjafakassa allt eftir því hvers fólk óskar.“

Til að fá nánari upplýsingar um þjónustuna og úrval vína má hafa samband í gegnum pontun@haugen.is eða í síma 580-3800. Vöruúrvalið er einnig að finna á vefsíðunni www.haugen.is.



Léttvín eru æði misjöfn, sum eru létt, önnur þung, sum fara vel með kjöti og önnur fiski. Því er gott að fá aðstoð sérfræðinga við valið á þeim.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SUNGIÐ Í HÖRPU

Söngurinn verður allsráðandi í Hörpu á morgun kl. 15 þegar Landssamband blandaðra kóra efnir til hátíðar í tilefni 75 ára afmælis. Um 850 kórsöngvarar syngja á hátíðartónleikum í Eldborg. Allir kórar sameinast í þjóðsöngnum og fjórum perlum íslenskra kórbókmennta og tónleikagestir syngja með!

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Myndlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum

Myndlistarsjóði er ætlað að stuðla að framgangi listsköpunar, kynningu og aukinni þekkingu á íslenskri myndlist hérlandis sem erlendis. Sjóðurinn veitir verkefnastyrki sem ætlaðir eru til að auðvelda framkvæmd verkefna á sviði listsköpunar og listranssóknna.

Umsóknarfrestur er
2. desember 2013
kl. 17:00

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar er að finna á vefsíðu myndlistarráðs myndlistarsjodur.is



BÚINN AÐ RASA ÚT

PÖNKARI Jón Þór Ólafsson, alþingismaður og formaður Pírata, segist vera „minnarkisti“ en ekki anarkisti. Hann breytist í órangútan um helgar.

Þegar ég æfði fimleika var ég svo stírbusalegur að ég gat aldrei farið í spíkat. Því hef ég heldur aldrei komist í lóttusstillinguna,“ segir Jón Þór sem byrjar helgarfríð á hugleiðslu, eins og flesta aðra daga. „Hugleiðsla gefur mér frið, sátt og hjálp við að fara ekki á hraðferð í gegnum lífið. Hún gerir mann einnig vísýnni svo maður taki betur eftir heildarmyndinni.“

Jón Þór segist í seinni tíð vera orðinn heimakær um helgar og að hann haldi hvíldardaginn heilagan. „Ég er búinn að rasa út og hljóp af mér hornin um allan heim á þrítugsaldrinum. Þá ferðaðist ég mikið; fór landleiðina frá Katmandú til Kaíró í gegnum Indland, Pakistan, Síryland og Jórdaníu, Indókinahringinn, til Perú og drap niður fæti hér og þar í Bandaríkjunum og Evrópu. Ég vann alltaf í malbiki á sumrin og þénaði svo vel að sumarhýran dugði til langra ferðalaga á veturna enda krónan mun sterkari þá, sem öllu munaði,“ segir Jón Þór sem ungur smitaðist af ferðabakteríunni.

„Á ferðalögunum þóttist ég reyna að finna sjálfan mig en áttaði mig á að maður finnur sig ekki úti í heimi frekar en heima. Maður hittir fyrir sjálfan sig í sér sjálfum. Ég lærði þó að hugleiða sem nýtist mér enn í dag,“ segir Jón Þór brosmildur.

FANN ÁSTINA Í PERÚ

Stærsta áhugamál Jóns Þórs er að rækta garðinn sinn og fjölskyldunnar. Eiginkona Jóns Þórs er Zarela Castro auglýsingahönnuður og saman eiga þau þriggja ára dóttur og eins árs son.

„Ég fann konuna mína óvænt á internetinu þar sem við spjölluðum saman. Ég var þá alltaf á flakki og ákvað að heimsækja hana í heimalandinu Perú þar sem er sumar þegar hér er vetur. Þá fór svona rosalega vel á með okkur og þegar ég kom aftur út til að vera í sjö mánuði gengum við í hjónaband,“ segir Jón Þór og tekur fram að Zarela kunni betur við kuldann á Íslandi en hann sjálfur sem sé heitsækinn og þrái sól.

„Eftir argaþras vikunnar finnst mér gott að hafa það rólegt heima við og þá höngum við saman eins og órangútanar; förum á róló með börnin, röltum um miðbæinn og tyllum okkur á kaffihús.“

MINNARKISTI, EKKI ANARKISTI

Jón Þór hefur vakið athygli fyrir framgöngu sína á Alþingi þar sem hann hefur meðal annars sett sig upp á móti rótgrónum hefðum.

„Ég er lítið fyrir hefðir og storka og pönkast í hinu hefðbundna. Ég er meira fyrir góða hluti sem virka,“ segir Jón

FJÖLSKYLDUMAÐUR
Jón Þór kynntist eiginkonu sinni á netinu og varð ástfanginn þegar hann heimsótti hana í Perú.

PÍRATINN

„Ég er lítið fyrir hefðir og storka og pönkast í hinu hefðbundna. Ég er meira fyrir góða hluti sem virka.“

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í
síma 567 0300 / 894-2737

Næsta meirapróf byrjar 23. október 2013



÷ 20%



iittala
÷10% til ÷15%



÷ 20%



TILBOÐ

AFSLÁTTAR DAGAR

LAUGARDAG OG MÁNUDAG



Tékk
KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími. 568 9955



÷ 20%

NÝTT KORTATÍMABIL

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA

TILBOÐSBORÐ
25% TIL 50% AFSLÁTTUR
JÓLAVÖRUR OG FLEIRA

ERUM EKKI Í KRINGLUNNI
EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178

OPNUNARTÍMI

Virka daga 11 - 18
Laugardaga 11 - 16

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Söluverki: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson**,
sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447

Útboð - Steinsmýrarvötn

Tilboð óskast í veiðisvæði Steinsmýrarvatna sem tilheyrja jörðinni Syðri – Steinsmýri. Útboðið er til 3 ára frá og með veiðíárinu 2014. Svæðið er 4 stanga svæði og er veiðitíminn frá 1 apríl – 10 október. Leyfilegt agn er fluga og spúnn, eingöngu fluga á vorin. Veiðihús fylgir svæðinu.

Allar nánari upplýsingar í síma 892 3318 eða senda fyrirspurnir á netfangið steinsmyrarvotn@simnet.is

Tilboð sendist á netfangið steinsmyrarvotn@simnet.is
Frestur til að senda inn tilboð er til **9 nóvember 2013**
og áskiljum við okkur rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum

www.steinsmyrarvotn.is/



Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

► Þór og þvertetur fyrir að vera stjórnleysingi.

„Ég er ekki anarkisti. Ég er minnarkisti. Ég er varkár þegar kemur að ríkisvaldi því löggjöf er í eðli sínu ofbeldi og þvingar fram vilja ríkisvaldsins, hvort sem það er til góðs eða ills. Flestir eru sammála um löggjöf gegn ofbeldi á líkama fólks en eigum við að lögleiða siðferði sem býr til glæp þar sem ekkert er fórnarlambið?“ veltir Jón Þór fyrir sér og kann vel við sig á þingi.

„Þar er skemmtilegra en ég hélt og á Alþingi fer fram heimspeki „in action“. Á nefndarfundum er gaman að verða vitni að rökum og réttlætingu sem þingmenn kalla eftir fyrir málstað sínum og sjá þá nota það sem púður í þingsal.“

Vinnufélagana segir hann skemmtilega.

„Ég er ekki á þingi til að eignast vini. Maður hefur oft heyrt fleygt að meðvirkni sé landlæg á Alþingi og hvorki gott fyrir kjósendur né málstaðinn að þingmenn séu meðvirkir hver með öðrum,“ segir Jón Þór sem ætlaði sér aldrei á þing.

„Ég fór fram fyrir Pírata vegna þess að ég las grunnstefnu um grunnréttindi einstaklinga og þar hefur hjarta mitt alltaf slegið. Ég vil standa vörð um rétt einstaklinga til að koma að ákvörðunum sem þá varðar og í forgangi núna er sá réttur fólks að fá réttláta málsmeðferð þegar kemur að þeirra stærstu eign, sem er húsnæði þeirra. Þar er réttur lántakenda fótum troðinn og á meðan vafi leikur á lögmæti lána vil ég tryggja að húseigendum sé ekki vísað út af heimili sínu og að fólk geti fengið endurupptöku og skaðabætur reynist lánin á endanum ólögleg.“

HYGGST HÆTTA Á MIÐJU KJÖRTÍMABILI

Jón Þór hyggst ekki fara fram í næstu kosningum.

„Ef Ásta Helgadóttir, varaþingmaður minn, ákveður að halda áfram þingstörfum ætla ég að stíga til hliðar, jafnvel eftir tvö ár. Við verðum að fara inn í



Eftir útskrift úr FG var Hildur Berglind þó ekki staðráðin í að reyna sig við inngöngu í leiklistardeild Listaháskólans. Þess í stað hóf hún nám í heimspeki og kynjafræði við Háskóla Íslands, enda segist hún lengi hafa haft áhuga á heimspeki, sálfræði og fleiri tengdum hlutum. Eftir ár í Háskólanum hélt Hildur Berglind svo á suðlægari slóðir, til Frakklands þar sem ætlunin var að að nema hið svokallaða tungumál ástarinnar.

„Sú dvöl fór þó öðruvísi en ætlað var því ég slysaðist í teboð í Cannes, þar sem ég hittir harmonikkusnílling, 25 ára stelpu sem hafði spilað á harmonikkunni í 20 ár, sem bauðst til að kenna mér á hljóðfærið,“ segir Hildur Berglind. „Það hafði alltaf verið draumur hjá mér að læra á harmonikkunni og ég og vinkona mín vorum vanar að labba um með skólatöskurnar á maganum þegar við vorum litlar og þykjast spila Síldarvalsinn á harmonikkunni. Svo fékk ég eina slíka í stúdentsgjöf frá foreldrum mínum og hafði með til Frakklands og allt endaði þetta með því að ég hætti í frönskunáminu og einbeitti mér að hljóðfærinu í staðinn. Ég lærði þó frönsku með því að vinna á skrifstofu tungumálaskólans fyrir gistingu, sem var jafnvel betri aðferð.“

Tengdi leiklistina við rokkið

Spurð um helstu áhugamál sín fyrir utan leiklistina nefnir Hildur Berglind fyrst fjallgöngur. Hún segist útivistarsinnuð, finnst gott að slaka á og hlaða batteríin með slíkum göngum og er Helgafell í nágrenni Hafnarfjarðar í sérstöku uppáhaldi hjá leikkonunni ungu.

Tónlistin skipar einnig stóran sess í lífi Hildur Berglindar, enda hóf hún píanónám níu ára gömul og hætti því ekki fyrr en hún byrjaði í LHÍ haustið 2010, þá komin á framhaldsstig. Í sumar sem leið starfaði hún við rokksumarbúðirnar Stelpur rokka sem Tónlistarþróunarmiðstöð hefur staðið fyrir síðustu ár. Þar var hún eins konar hljómsveitarstýra fyrir stelpur á aldrinum tólf til sextán ára og segir starfið með því skemmtilegra sem á daga hennar hefur drifið. „Þetta var alveg magnað og ég vonast til að geta unnið við rokksumarbúðirnar aftur næsta sumar. Ég fann fljótlega að ég gat tengt leiklistina inn í rokkið, miðað ymsum hlutum og verið stelpunum innan handar sem var mjög ánægjulegt. Á þessum aldri er stelpur stundum of hikandi og því er mikilvægt að þær læri að berjast fyrir sínu. Þær þurfa að vera óhræddar við að gera mistök og það er frábært fyrir þær að geta átt í svona tónlistarlegu samtali.“

Gekk illa í inntökuprófinu

Inntökuprófið í leiklistardeild LHÍ voruð 2010 gekk fremur brósuglega hjá Hildi Berglinni að eigin sögn. „Ég átti að fara með tvær einræður en eftir fyrstu fjórar línurnar datt ég hreinlega út og steingleymdi afganginum af textanum. Ég stoppaði og útskýrði fyrir dómurinum að ég ætlaði að byrja upp á nýtt, en þá hvarf allur textinn úr höfðinu á mér. Það var eins og einhver álög væru á mér en ég hélt samt ró minni, flutti hina einræðuna, kláraði inntökuprófið og komst að lokum inn í

skólann. Þarna lærði ég að mistök geta hæglega verið af hinu góða og reyndar var okkur líka kennt það í skólanum. Að nýta mistökin en fara ekki á taugum og láta þau stöðva sig,“ rifjar hún upp.

Ári áður en hún þreytti inntökuprófið í LHÍ hafði Hildur Berglind sótt um hlutverk í kvikmyndinni Gauragangur í leikstjórn Gunnars B. Guðmundssonar. Skömmu eftir prófið frétti hún svo að hún hefði hreppst hlutverk Lindu, kærustu aðalpersónunnar Orms, eina víðamestu rulluna í myndinni. „Það var mikil lukka að næla í þetta hlutverk, að ég tali nú ekki um á þessum aldri, því það eru ekki svo margar kvikmyndir framleiddar á Íslandi,“ segir Hildur Berglind, en í Gauragangi brá henni meðal annars fyrir í nektarsenu. „Sú sena var reyndar ekki beint á dagskránni, eða öllu heldur hafði verið ákveðið að vinna með atriði þannig að engin nekt séist beinlínis í myndinni. En svo rétt glitti í túttur sem breytir svo sem engu til eða frá. Nekt er ekki tabú fyrir mér en það fer eftir samhenginu hvort birting hennar eigi við. Hún ætti ekki að vera notuð sem söluvara, eins og alltof oft er gert, til dæmis í tónlistarmyndböndum.“

Fyrst minnst er á nekt stenst blaðamaður ekki mátið að spyrja leikkonuna út í aldna flökkusögu varðandi leiklistarnámið, hvort tíðkist að þar fari nemendur af báðum kynjum saman í sturtu „Lengi vel var það þannig að allir fóru saman í sturtu vegna þess að það var enginn veggur milli sturtukleffanna en núna er sá veggur kominn. Líklega eru stundirnar í sturtunni með stelpunum það sem ég sakna mest úr skólanum. Við fórum saman í sturtu á hverjum degi og hlógum, grétum og grínuðumst. Þetta var yndislegur tími,“ segir Hildur Berglind og bætir við að á meðal nemendanna hafi myndast sterk bönd. „Það var komin innistæða í einkahúmers-

”Nekt er ekki tabú fyrir mér en það fer eftir samhenginu hvort birting hennar eigi við.“

bankann þegar náminu lauk. Einn brandari, sem Arnmundur Ernst bekkjarbróðir minn átti upphafið að, var sérlega lífsseigur en hann gekk út á að hníga niður örmagna þegar maður prumpaði. Oft þarf ekki meira til en að segja eitthvað eitt orð og þá liggja allir í kasti.“

Gömul og úrsérgengin gildi

Í gærkvöldi var frumsýning á verkinu Hús Bernhörðu Alba eftir García Lorca í Gamla Bíói, en Hildur Berglind skrifaði undir eins árs ráðningarsamning við Borgarleikhúsið strax í kjölfar útskriftarinnar úr LHÍ og er þetta fyrsta verk hennar í leikhúsinu.

Í verkinu leikur Hildur Berglind yngstu dóttur ekkjunnar Bernhörðu Alba, persónu sem leikkonan lýsir sem sterkrri og áræðinni en þó viðkvæmri sem berst af öllum lífs og sálar kröftum fyrir frelsinu. Alls koma um sjötíu konur að sýningunni en í hlutverki Bernhörðu Öldu, heimilisharðstjórans sem heldur dætrum sínum fimm fönngum í húsi sínu, er Þróstur Leó Gunnarsson. „Leikstjórnin Kristín Jóhannesdóttir vildi sýna fram á að feðraveldinu er ekki eingöngu stjórnað af körlum, að gömlum og úrsérgengnum gildum er viðhaldið jafnt af konum sem körlum. Kristín tekur súrrealíska nálgun á verkið og því átti þetta hlutverkaval líka vel við. Ég myndi lýsa þessari sýningu sem mjög ögrandi, enda fór hún illa í Franco-stjórnina á Spáni og Lorca var skotinn í hausinn nokkrum vikum eftir frumsýningu hennar,“ segir Hildur Berglind sem verður 24 ára gömul á mánudag og hyggst þá fagna með meðleikurum sínum.

NÝ TÓNLIST

CD
DVD



HELGI SYNGUR HAUK
Helgi Björnsson hljóðritaði plötuna *Helgi syngur Hauk* í Berlín í vor með *The Capital Dance Orchestra*. Platan er með helstu lögum sem Haukur Morthens gerði vinsæl á árum áður.

TILBOÐ
3.199 KR
~~3.499~~

3CD
DVD



TILBOÐ
3.999 KR
~~4.299~~

FYRSTI KOSSINN
Hljómar í 50 ár

3CD



TILBOÐ
2.999 KR
~~3.199~~

ÞORPARINN
Pálmi Gunnarsson

2CD



TILBOÐ
2.699 KR
~~3.199~~

POTT ÞÉTT 60
40 pottþétt lög

Gildir til 24. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SJALDGÆFT FERÐALAG ÍSLENDINGS Á 17. ÖLD

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson var að blaða í gömlum pappírnum og rakst þá á sjaldgæfa ævisögu sem snikkarsveinn frá Barðaströnd skrifaði um mikil ævintýri sín í Evrópu fyrir 350 árum.



Stundum er ævintýragirnd víkinganna talin hafa átt mikinn þátt í að norrænir menn settust að hér á Íslandi. En hafi svo verið þá þraut hana fyrr en síðar. Í margar aldir mátti heita að engir Íslendingar færu til útlanda, nema þeir sem ætluðu að læra til prests eða lögmans í Kaupmannahöfn. Stöku undantekningar voru þó til, og Ásgeir Sigurðsson er ein þeirra. Hann fór víða um Norður-Evrópu á ofanverðri 17. öld þegar miklar róstur voru á því svæði, en allar þær róstur lifði hann af, og komst heilu og höldnu til baka.

Þessa mjög óvenjulegu sögu ætla ég að rekja í dag.

Ásgeir fæddist á Rauðsdal á Barðaströnd um það bil árið 1650. Faðir hans var bóndi þar á bæ. Ásgeir var af svokölluðum „góðum ættum“ því afi hans í föðurætt var Jón eldri Magnússon sýslumaður í Dalasýslu, sem var bróðir til dæmis Ara sýslumanns í Ögri. Ásgeir var sem sagt af Svalbarðsættinni svonefndu sem var völdugust og ríkust ætta á Íslandi á fyrri hluti 17. aldar. Faðir hans og móðir voru þó varla sterkefni, enda ættarauðurinn nokkuð farinn að þynnast út þegar kom að kynslóð Ásgeirs. Þó hafði Sigurður faðir hans efni á að senda son sinn utan til náms í Kaupmannahöfn og þar hefst ævisagan, þann 25. ágúst 1678, þegar Ásgeir stígur á danskt kaupskip í Patreksfirði og heldur þaðan upp til Danmerkur. Skipið var í eigu Ísaks nokkurs Klómans. Siglt var suður fyrir land og þótt enn ætti að heita sumar gerði slíkar frosthörkur eftir fáeina daga á sjó að lengi vel kom áhöfnin engum seglum við. Þannig var veðurlagið á Norður-Atlantshafinu upp úr miðri 17. öld þegar „litla ísöldin“ geisadi enn. Eftir þriggja vikna siglingu komst skipið upp að Noregsströndum og þá í slíku illviðri að Ásgeir hélt að skipið væri að sökka, og „var [ég] þá mjög hljóður, vildi þá heldur hafa verið í Íslandi en þar“. Ekki tók betra við á leiðinni frá Noregi til Kaupmannahafnar, en þá elti sjóræningjaskip frá Skotlandi farskipið og skaut að því, en það komst undan að lokum.

Í þjónustu snikkara

Þegar til Kaupmannahafnar kom bjó Ásgeir um hríð hjá kaupmanninum Klómann og konu hans, sem honum féll mjög vel við. En síðan fór hann að læra trésmíðar eða snikkaraíð. Ásgeir virðist hafa tekið ákvörðun



um það sjálfur, en ekki fylgir sögunni hvað foreldrar hans höfðu ætlast fyrir með því að senda hann utan. Námið var óskemmtilegt en hann þurfti að ganga í þjónustu snikkara að nafni Hans Hildebrand og lúta vilja hans í einu og öllu meðan á náminu stóð.

„Vorur þá lesnar fyrir mér lífsreglur, hversu ég skyldi halda mig á mínum læri-árum, sem var fyrst [að] ég skyldi læra í hálf tít fjórða ár og [borga fyrir það] 20 dali slétta, [að] ég skyldi gera allt það sem minn húsbóndi [eða kona hans skipaði] mér, [að] ég skyldi engu nótt vera úti af þeirra húsi, annars [skyldi ég þurfa að byrja námið upp á nýtt], [að] ég skyldi ekki mega ganga út [úr] húsinu utan leyfis, [að] ég skyldi ekkert kaup fá í það hálf tít fjórða ár, [né] klæði [en aðeins fá að éta], [að] ég skyldi ekki [fara í rúmið] fyrr en mér væri skipað, en skyldi fara á fætur, þá [er] klukkan væri 4...“

Fleiri hörðum skilmálum varð Ásgeir að hlíta, sem hann kvaðst ekki nenna að tilgreina, en tekur fram að þetta þættu harðir skilmálar við vinnufólk á Íslandi. Og fór það þó ekki um með húrrahrópum yfir kjörum sínum.

Ásgeir kveðst í hinni hreinskilnu ævisögu sinni hafa verið barinn upp á hvern dag, stundum hafi hann átt einhverja sök á því en oft hafi barsmíðarnar verið tilefnislausar. Og hann fékk ekki meira að bita og brenna en talist gat algjört lágmark. Allan þann tíma sem hann var við námið fór hann ekki út úr húsi. Og hann segist oft hafa hugsað heim til foreldra sinna þegar verst lét. Oft hafi hann langað að hefna sín og snúast til varnar þegar hann var barinn en hafi gert að af vináttu við Klómann kaupmann og konu hans að láta þetta allt yfir sig ganga, en þau höfðu gengist í ábyrgð fyrir hann við Hans Hildebrand. Einn sinni veiktist Ásgeir og lá milli heims og helju í hitasótt í 14 daga og þá segist hann oft hafa hugsað að nú væri réttast að deyja bara til að losna frá þrautum sínum.

Að lokum hresstist hann þó en þá veiktist meistariinn Hildebrand, „hvar við ég gladdi mig að hann mundi deyja“, skrifar Ásgeir. Meðan Hildebrand lá á sóttarsæng vildi það slys til að Ásgeir og annar snikkarsveinn brutu í ógáti rúm sem þeir voru að smíða, og Hildebrand lýsti því þá yfir að strax og hann kæmist á fætur myndi hann brjóta í þeim báðum hvert bein, rétt eins og þeir hefðu brotið rúmið. Ljóst er að Ásgeir trúði honum fyllilega til þess og hrósaði því henni þegar Hildebrand náði sér aldrei af sóttinni, heldur geispaði gólunni. Þá átti Ásgeir eitt ár eftir af náminu. Ekkja Hildebrands gekk fljótlega að eiga annan snikkara, væntanlega til að halda trésmíðaverkstæðinu, og nýi snikkariinn var Þjóðverji sem reyndist Ásgeiri vel það ár sem hann átti eftir af náminu.

Árið 1673 fékk Ásgeir Sigurðsson svo sveinsbréf sitt í snikkaraíð og lagðist í ferðalög ásamt öðrum pilti sem eins var ástatt um. Árið áður hafði Ásgeir fengið bréf frá móður sinni þar sem hún tilkynnti

honum lát föður hans, „hvað mér var lítil gleði að heyra. Þenkti ég þá að koma aldrei til Íslands meir“. Næstu árin flakkaði hann víða. Hann fór til Prússlands og Póllands þar sem hann kvaðst hafa séð það fallegasta kvenfólk sem hann hefði augum litið á ferðalögum sínum, „því þess skapning og andlitsfegurð er yfirmáta dæileg“ eins og hann orðar það í ævisögunni. Síðan sigldi Ásgeir til Hollands og lenti í ótrúlegum sjávarháska á leiðinni – stýri skipsins brotnaði neðan sjávarmáls en stýrimaður lét binda mikinn skinnpoka fast um höfuð sitt og fór svo í kaf með nýja fjöl til að festa við stýrið. Loftið inni í skinnpokanum dugði meðan hann var að paufast um í kafi, án þess að sjá nokkurn hlut, og var hann svo dreginn upp með kaðli sem festur hafði verið við hann. Frá Hollandi fór Ásgeir svo til Þýskalands og flakkaði þar víða, hafði stundum aðsetur í allt að eitt ár á hverjum stað, en var annars sífellt á ferðinni. Hann var handtekinn hvað eftir annað og átti að skikka hann í einhvern þeirra fjölmörgu herja sem fóru um Þýsku ríkin í þá daga. Stundum þurfti hann að sitja inni vikum saman, en náði stundum að borga sig lausan, en aldrei kom til mála að hefja hermennsku.

100 allsnaktir Þjóðverjar

Í Dresden var Ásgeir eitt sinn úti að ganga með fjórum öðrum snikkarsveinum þegar nokkrir gullsmíðasveinar tóku að veitast að þeim. Ásgeir og félagar stöktu gullsmíðasveinum á flotta en einn varð þó eftir og réðist með sverð að vopni að snikkarsveinum. Þeir reyndu að fá hann til að leggja niður vopn en þegar það tókst ekki brugðust þeir svo hart við að þeir drápu manninn, hjuggu hann alls 49 höggum. Þeir voru svo handteknir og hafðir hlekkjaðir í haldi vikum saman og sífellt yfirheyrðir um hver þeirra hefði veitt gullsmíðasveinum stærsta höggið og það sem varð honum að bana. Þeir vildu ekki gefa það upp en voru þó við það að gefast upp að lokum og ætluðu að segja til félaga síns. En voru þeir orðnir svo máttfarnir og amir að yfirvöld í Dresden aumkuðu sig yfir þá og létu þá lausa.

Enn var Ásgeir svo handtekinn einu sinni þegar hann rambaði fram á franskann herflokk sem fór rænandi og ruplandi um Rínarlönd, en svo aðgangsharðir voru frönsku hermennirnir að þeir sviptu Ásgeir og féлага hans hverjum klæðisbút og sendu þá allsnakta burt frá sér. Þetta sagði Ásgeir að hefði verið alsíða hjá Frökkum og hefði hann einu sinni gengið fram á 100 allsnakta Þjóðverja sem nýsloppnir voru úr klóm Frakka. „Það var ein undarleg sýn að sjá svo marga manneskju nakta,“ skrifar hann. Að lokum var hann eitt og hálf tít í Hamborg við smíðar en virðist þá loksins hafa verið kominn með heimþrá, því 1677 sneri hann heim til Íslands. Því miður virðist hann ekki hafa talið neitt frásagnarvert hafa hent sig á Íslandi, því þar með lýkur ævisögunni.

“Og má segja að þar hafi lítið lagst fyrir hina miklu víkinga, sem ráðist höfðu faliðaðir inn í helstu stórveldi Evrópu, að þeir skyldu nú hopa á hæli frá sjálfri Ameríku, stærsta tækifæri lífs síns, undan lítt brynjuðum innfæddum veiðimönnum.

Ný vitneskja

Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey

Hvert höldum við eftir dauðann?

Þriðjudaginn 22. október 2013 – kl. 20:00

Í Norræna húsinu, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr.



Fyrirlestur á ensku: Christof Leuze

Hvers vegna sál okkar lifir áfram eftir dauðann

Fimmtudaginn 24. október 2013 – kl. 20:00

Í Norræna húsinu, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr.

Skipuleggjandi: Stiftung Gralsbotschaft, Stuttgart
www.is.gral-norden.net/daudi
vasey-leuze@gral-norden.net Simi: 842 2552



LKL2

58

NÝJAR
UPPSKRIFTIR



Ný bók eftir Gunnar Mór Sigfússon, full af fróðleik og spennandi uppskriftum sem allir geta notað til að efla heilsuna, léttu sig og bæta lífið.

VAKA-HELGAPELL

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

prime
UMBODSSKRIFSTOFA

BYLGJAN
989



HARPA

midi.is

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ

BUBBA MORTHEMS

19. DES	BÍÓHÖLLIN AKRANESI	KL. 20:30	MÍÐAVERÐ	3.900
21. DES	HOF AKUREYRI	KL. 20:30	MÍÐAVERÐ	5.900
23. DES	HARPA	KL. 22:00	MÍÐAVERÐ	6.900 / 4.900

TILVALIN Á BAÐHERBERGIÐ OG ELDHÚSIÐ

MYGLUVARIN AKRÝLMÁLNING

4 LÍTRAR



Vnr. 86230040/1040/3040
KÓPAL akrýlhúð, 4 l,
gljástig 7, 20 eða 60.
7.990 kr.
Verð áður 9.590 kr.

LÆKKAD VERÐ!

KÓPAL AKRÝLHÚÐ

Kynning í BYKO Breidd í dag frá kl. 11-13.

KÓPAL AKRÝLHÚÐ er vatnsþynnt akrýlmálning, með mikla þvottveldni og hylur sérlega vel. KÓPAL AKRÝLHÚÐ er gerlavarin, þolir vel rakaálag og hefur mjög góða viðloðun. KÓPAL AKRÝLHÚÐ var í upphafi þróuð til nota í iðnaði, svo sem í frystihúsum og matvælaíðnaði. Síðar kom í ljós að hún hentar ekki síður vel inn á heimili, svo sem á baðherbergi, þvottahús og ganga sem að mikið mæðir á.

Kópal Akrýlhúð í hnotskurn:

- Sérlega góð hula.
- Inniheldur efni sem hindrar gerlavöxt.
- Þolir mikinn raka.
- Auðveld í þrifi og þolir vel ítrekaðan þvott.
- Fæst í gljástigum 7, 20 og 60.
- Hægt að fá í miklum fjölda ljósra lita.



ALLT FYRIR GEYMSLUNA

MIKIÐ ÚRVAL AF PLASTBOXUM Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM



VERÐVERND BYKO

LÆGRA
VERÐ

ÞRIFIN VERÐA
AUÐVELDARI!

LEIFHEIT



Vnr. 40056590
LEIFHEIT PICOSPRAY
moppa, 26 cm breið.
4.990 kr.

MYGLUSVEPPAPRÓF

Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

ER HEILSA ÞÍN Í HÆTTU?



Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
4.690 kr.

AÐEINS
5 MIN.
MYGLU-
SVEPPA-
PRÓF



Vnr. 42301947
Grænsápa, 4 l.

790 kr.



BAKTERÍU-
EYÐIR

Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr íþróttafatnaði, sóttreinsun án klórs.

Vnr. 4111123
RODALON 1 l,
5% lausn.

1.890 kr.



FLOKKADU
RUSLIÐ Á
EINFALÐAN
HÁTT

Auðveldaðu ruslflokkunina með frábærum tunnum sem hafa mislit lok. Hver flokkur hefur sinn lit.



REYNSLA OG ÞJÓNUSTA

Í BYKO starfar öflugur hópur söluráðgjafa með margra ára reynslu. Þú getur því treyst ráðum þeirra.



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.



facebook.com/BYKO.is



Ekki fengið neitt bréf um að hætta að ögra

Mánasteinn, nýjasta skáldsaga **Sjóns**, kemur út á þriðjudaginn. Sagan lýsir bæjarlífinu í Reykjavík árið 1918 þegar Kötlugos og spænska veikin umturna lífi bæjarbúa. Söguhetjan er sextán ára drengur, Máni Steinn, sem lifir á jaðri samfélagsins af ýmsum ástæðum en sækir sér andlega næringu í bíó. Ég mæli mér mót við Sjón í miðbænum, söguviði bókarinnar.



SJÓN „Auðvitað er þetta fólk allt saman einhvers konar myndir af manni sjálfum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Fríðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Sjón situr við glugga á Hótel Borg og horfir fjarrenn út á Austurvöllinn. Kannski sér hann fyrir sér miðbæ Reykjavíkur árið 1918 sem hann endurskapar svo frábærlega í Mánasteini. Þar lítur út fyrir að Reykjavík hafi verið hin mesta heimsborg á þeim tíma. Var það svo?

„Hún var allavega nógu mikil heimsborg til þess að hér væru rekin tvö bíó og á þessu harðindaári voru fluttar inn níutíu kvikmyndir, þannig að það var frumsýnd ný kvikmynd þriðja hvern dag í Reykjavík árið 1918. Það var gluggi út í hinn stóra heim þótt bærinn væri auðvitað pínulítill og ekki nema fimmtán þúsund íbúar.“

Alinn upp af Bowie

Aðalpersónan, Máni Steinn, er sextán ára samkynhneigður drengur. Hvernig kviknaði hugmynd að þessari sögupersónu? „Í þessari bók kemur saman ýmislegt sem ég er búinn að velta fyrir mér í að minnsta kosti tuttugu ár. Eitt af því sem ég hef verið vakandi fyrir alveg frá því að ég var unglingur er staða samkynhneigðra. Það er dálítið skritið hvað það er sem mótar mann en ég er af kyn-

slóðinni sem meðal annars var alin upp menningarlega af David Bowie. Hann stillti upp ákveðnum spurningum fyrir unglunga bara með framkomu sinni og útliti. Það víkkaði sjóndeildarhring manns og maður átti sig á því að litrófið í kynhneigð er miklu stærra og merkilegra en maður var alinn upp við. Á þessum tíma var líka mikið af því sem ég var að lesa erlendar jaðarbókmenntir og hluti af þeirri senu voru bókmenntir eftir samkynhneigða höfunda, eins og William Burroughs og Jean Genet. Meðfram Bowie og nýbylgjunni og súrrealismanum las maður þessa höfunda sem voru auðvitað ögrandi og stilltu manni upp andspænis þessum heimi sem maður vissi varla að væri til. Þannig fékk ég áhuga á sögu samkynhneigðra, hef kynnt mér hana og finnst skipta máli að virða hana og koma henni til skila.“

En hvað um Mána Stein? „Hann er bara ungur drengur sem er mjög sáttur við sjálfan sig. Hann lifir auðvitað í rökkurheimi þar sem hann er að selja sig og eiga leynistundir með karlmönnum, en fyrst og fremst er hann bara sáttur við sig sem kannski kemur til af því að hann er í utangarðsstöðu alveg frá því að hann er barn og samkynhneigðin eykur ekkert á þá upplifun.“

Óg hann er alveg hugarfóstur þitt? „Þannig séð er hann það en þræðir í sögu hans byggja á raunverulegum sögum af mönnum sem

voru uppi snemma á síðustu öld. Ég færi þær auðvitað í stílenn þeir sem þekkja sögu samkynhneigðra sjá þarna kannski einhverja þræði sem þeir kannast við. Fyrir mér var það þó ekki aðalmálið heldur að skoða persónu sem samkynhneigðin hefur ýtt út á jaðarinn og hvernig sú persóna bregst við þegar samfélagið síðan hrynur og molnar og verður fyrir því mikla áfalli sem spænska veikin er. Það er fyrst þegar plágan skellur á sem hann upplifir samhljóm við ytri veruleikann og það fannst mér spennandi að skoða.“

Að eiga samtöl við sjálfan sig

Flestar bækurnar þínar fjalla um eitthvað sem gerðist fyrr á öldum. Hver er skýringin á því? „Ég hef mjög gaman af því að takast á við hugmyndir og fyrri tímar finnst mér gefa mér tækifæri til að skoða hvaðan við komum. Á þann hátt finnst mér allar þessar bækur sem gerast á fyrri tímum vera um okkur eins og við erum í dag. Við getum speglað okkur í fortíðinni og átt samtöl við okkur sjálf í gegnum sögu liðinnar tíðar og persónur sem lifðu þá. Ég er líka mikill grúskari og hef ódreppandi áhuga á fyrri tíð og mjög gaman af að takast á við bæði hugmyndir og tungumál liðins tíma.“

Sögupersónur þínar eru oftast menn sem eru á einhvern hátt á jaðri samfélagsins, samsamarðu þig þeim? „Það er eitt af elstu brögðum frásagnarlistarinnar að skoða samfélagið í gegnum viðbrögð þess við manneskjum sem á einhvern hátt setja spurningarmerki við gildandi veruleika og sýn á samfélagið. Auðvitað er þetta fólk allt saman einhvers konar myndir af manni sjálfum, ég held að það sé mjög algengt að höfundar eigi samtöl við sjálfa sig í gegnum persónur sínar. Ég er sjálfur dálítið gjarn á að vera með ákveðna sérvisku og fá alls kyns dellur og yfirleitt er allt þetta fólk sem ég skrifa um með einhverjar dellur og hefur komið sér upp heimasmiðaðri heimspeki og heimsmynd.“

Hvernig lendir uppreisnargjarn súrrealisti sem gefur frat í allt sem á undan er komið í bókmenntunum í því að fara að grúska í aldagömlum fræðum? „Um leið og hinn ungi súrrealisti vill sprengja upp ríkjandi veruleika leitast hann líka við að endurskilgreina hvað er einhvers virði í sögunni og skapa sitt eigið ættartré í sögu þjóðar og menningar. Ég heyrði um daginn fyrir tilviljun gamalt viðtal við mig á RÚV, tekið þegar ég var átján ára, og þar segi ég fullum fetum að ein af ástæðunum fyrir

því að ég sé heillaður af súrrealisma sé tengsl hans og þjóðsagna. Mér krossbrá þegar ég heyrði þetta því ég hélt að ég hefði ekki komist að þessum tengslum fyrr en miklu seinna og ekki farið að vinna með þau fyrr en í Skugga-Baldri.“

Enn að ögra kanónunni

Hér fer skáldið á flug og samtalið tekur hliðarstökk þar sem Sjón segir mér frá ást sinni á þjóðsögum og grísk/rómverskri goðafræði, ást sem kviknaði þegar hann var átta ára. Hann fullyrðir að þjóðsögur séu engar fantasíur heldur lýsingar á átökum fólks við raunverulegar óvættir í lífi sínu og klykkir út með því að benda mér á að meira að segja þónkið eigi sér rætur í þjóðarfinnum, það sé þjóðlagamúsík borgarinnar. Tíminn flýgur og ég tek mér tak til að stýra viðtalinu aftur á „réttu braut“. Gríp fram í fyrir skáldinu þegar það útskýrir fyrir mér uppreisan súrrealismans gegn bókmenntakanónunni og bauna því á hann að nú sé svo komið að hann sjálfur sé orðinn hluti af þeirri kanónu. *Getur hann þá haldið áfram að vera í uppreisn gegn henni?*

„Já, já, ég get það alveg,“ segir hann og glottir. „Ég hef ekki fengið neitt bréf um það að ég eigi að hætta því, þannig að ég held maður haldi bara áfram að vera það sem maður er. Hluti af starfi manns sem höfundar er að takast á við viðfangsefni sem eru á einhvern hátt ögrandi og krefjast einhvers nýs af manni. Og í þessari sögu finnst mér ég vera að takast á við hluti sem ég átti eftir að takast á við. Ég hef til dæmis aldrei áður skrifað bók um sextán ára ungling og það var nýtt fyrir mér að fara þangað og reyna að muna hvernig það var, á hvaða orku maður gengur þegar maður er sextán ára og er að vakna og byrja að spyrja sig spurninga um hvort samfélagið sé nú akkúrat eins og það eigi að vera. Varðandi kanónuna get ég ekkert að því gert þótt einhverjar af bókunum mínum hafi gengið vel og njóti virðingar. Þykir auðvitað bara vænt um það en reyni á sama tíma að endurtaka mig ekki, ögra sjálfum mér og finna nýjar leiðir til að skrifa um eitthvað sem varpar fram nýjum spurningum, ögrar og er í ákveðinni uppreisn.“

Talandi um ögrun, ég minnst þessi ekki að hafa lesið eins berorðar lýsingar á kynlífi tveggja karlmanna í íslenskri skáldsögu, er það hluti af ögruninni? „Alls ekki. Það var bara nauðsynlegt til að gera Mána Stein raunverulegan

”**Á þann hátt finnst mér allar þessar bækur sem gerast á fyrri tímum vera um okkur eins og við erum í dag. Við getum speglað okkur í fortíðinni og átt samtöl við okkur sjálf í gegnum sögu liðinnar tíðar og persónur sem lifðu þá.**

svo við áttuðum okkur á því hver hann væri og hvað hann væri að gera. Mér fannst bara alveg sjálf-sagt að hafa það uppi á yfirborðinu eins og annað sem hann gerir. Það var ekki fyrr en ég var búinn að skrifa þetta sem ég átti mig á að þetta er ekkert algengt viðfangsefni í íslenskum bókmenntum og tími til kominn að þessi persóna stígi fram og sé til á allan þann hátt sem hún er til – í hugsunum sínum og líkamlegum gjörðum.“

Hið óþjóðlega afl

Spurður hvort bókin sé andóf gegn því bakslagi sem komið er í umræðuna um samkynhneigð segir Sjón svo ekki vera, sé hún andóf gegn einhverju sé það miklu frekar þeirri þjóðrembu og einangrunarstefnu sem farin sé að breiðast út. „Það er engin tilviljun að ég vel mér þennan tímaramma í bókinni, þessar vikur frá því Katla byrjar að gjósa 12. október 1918 og fram yfir fullveldishátíðina við stjórnnarráðið þann 1. desember. Ég vel þennan tíma markvísst vegna þess að þarna fæðist það Ísland sem við búum í í dag. Verður fullvalda ríki í ríkjasambandi við Danmörku og við tókum fyrstu skrefin í átt að lýðveldinu. Þannig að drengurinn er líka að hreyfa sig inni í því umhverfi og er í rauninni hið óþjóðlega afl, enda fer hann yfir öll mörk 1. desember 1918 og á ekki afturkvæmt inn í samfélagið. Þú talaðir um áðan hvað ég lýsti Reykjavík sem mikilli heimsborg árið 1918 og að vissu leyti var hún það, mikill fjöldi skemmtiferðaskipa kom hér við, hér bjuggu nokkrir umboðsmenn erlendra skipafélaga, kvikmyndahúsin hef ég talað um en hér voru líka mýrmörg kaffihús og gildaskálar og yfirbragð þessa litla bæjar ótrúlega „cosmopolitan“. Með fullveldinu fór þjóðerniskenndin að vaxa og um leið andúðin á öllu sem erlent var með þeim afleiðingum að þjóðinni var kippt aftur í tímang og þessi blær hvarf að mestu áratugum saman. Þú getur svo giskað á hvers vegna mér er það hugleikið akkúrat núna.“

Vissir þú að Ísland byggðist af ást?

Lifandi og aðgengileg umfjöllun um ástir Íslendinga að fornu – um rétt þeirra til að elska, makaval, hjónaskilnaði, frillulíf og ást á eigin kyni.


MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

STOMP



HARPA



„Sannir sviðstöfrar“

Sunday Telegraph

Eldborg — sýnt í desember

*Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions
og Glynis Henderson Productions*

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

Miðasala á midi.is og harpa.is

www.harpa.is/stomp

ICELANDAIR



er aðalstyrktaraðili Hörpu




Arion banki

Konráð og félagar á ferð og flugi ⁶⁶

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnapraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata eins ánægð. „Pú og þínar eldspýtnaprautir,“ sagði hún öflug. „Þér finnst þær örugglega bara skemmtilegar af því að þú ert betri en við í þeim,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Það á að færa þrjár eldspýtur þannig að til verði þrjár jafn stórir ferhyrningar.“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaprautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Það er bara verið að plata okkur.“ „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Reynið þið að leysa þessa þraut.“ „Nei,“ sagði Kata öflug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaprautir.“ „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?“ sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um og mundi að það hafði ekki verið svo erfitt þegar hún loksins lét til leiðast að prófa. „Allt í lagi,“ tilkynnti hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta.“ „Þið megið láta plata ykkur, en ég tek ekki þátt,“ sagði Róbert snúðugur.

Getur þú leyst þessa eldspýtnapraut?



Heilabrot

Hvers vegna lakka fílarirnir táneglurnar rauðar?
- Til þess að þeir sjáist ekki innan um jarðarberin.

„Þjónn, það er fluga í súpunni minni.“
„Já, en hún kostar ekkert aukalega.“

„Pú hefur augun hennar mömmu þinnar og nefið hans pabba þíns,“ sagði frænkan.
„Já, og buxurnar hans bróður míns,“ sagði barnið.

Hvers vegna fara Hafnfirðingar alltaf með stiga út í búð?
- Vegna þess að verðið er svo hátt.


TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Myndin

Í sumarklæðum

Lilja Sól Andersen, tíu ára frá Hafnarfirði, sendi okkur þessa skemmtilegu mynd.



PÚSUNDPJALASMIÐUR Gloría þarf stundum að koma og redda málunum ef einhver gerir glófur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það getur allt gerst í Stundinni okkar

Gloría Karlsdóttir er húsvörður, tæknistjóri, hvíslari, búningakona og fleira í leikhúsinu í Stundinni okkar. Henni finnst frábært að vinna með Góa.

Hvað heitirðu fullu nafni og hvað ertu gömul? Gloría Karlsdóttir. Við Gói erum samt ekki systkini þó að hann sé Karlsson. Ég er 31 árs.

Hvernig kynntist þú Góa? Ég kynntist Góa þegar hann kom að vinna í leikhúsinu í Stundinni okkar þar sem ég er húsvörður, tæknistjóri, hvíslari, búningakona og, já, ég sé voða mikið um allt sem fellur til.

Er gaman að vinna með Góa? Það er frábært að vinna með Góa! Hann er svo skemmtilegur og hugmyndaríkur og alltaf að hvetja mig og alla áfram. Hann er frábær samstarfsfélagi og ótrúlega góður vinur.

Getur allt gerst í leikhúsinu í

Stundinni okkar? Ójá, það getur sko allt gerst, það er nákvæmlega það sem ég elska við leikhúsið, allt getur gerst!

Hvað er skemmtilegast við að vera í Stundinni okkar? Það eru klárlega töfrar leikhússins, brúðurnar frábæru, að vinna með Góa, fá að stökkva í alls konar búninga, vera alls konar persónur og segja sögur á leiksviðinu.

Horfðir þú á Stundina okkar þegar þú varst lítil? Já, ég horfði alltaf á Stundina okkar. Mér fannst Jólástundin okkar alltaf skemmtilegust og hún hefur alltaf verið stór hluti af jólnunum hjá mér.

Gerirðu oft glófur? Auðvitað.

Það gera allir glófur einhvern tímann, er það ekki? Í starfi mínu sem húsvörður, tæknistjóri, hvíslari, búningakona, leikmyndahönnuður og leikmunavörður ásamt fleiru í leikhúsinu í Stundinni okkar er það stundum þannig að Gloría þarf að koma og redda málunum ef einhver gerir glófu.

Hver er skemmtilegasta brúðan í Stundinni okkar? Ég held svei mér þá að ég geti ekki gert upp á milli þeirra, þær eru allar svo skemmtilegar á sinn hátt! En ef ég verð að velja eina þá er Skúli Kári í miklu uppáhaldi, hann er svo mikið krútt.

Heldurðu að íslenska landsliðið komist á HM í fótbolta? Auðvitað! Áfram Ísland!



ISLAND

$\forall i, x \in S_i: f_i(x_i, x_i) \geq f_i(x_i, k_i)$
42
 $\sqrt{3.14}$
 $\pi = 3.14159$
A27
274
P
q

FRÓÐLEIKUR
OG FJÖR
FYRIR ALLA
EJÖLSKYLDUNA

VÍSINDASTUÐ Í SMÁRALIND

Komdu og hittu Vísinda-Villa og Sprengju-Kötu á Vísindadögum í Smáralind kl.14 í dag!

*Kleinur og Fríssi fyrir svanga vísindamenn
Tilraunir og sprengingar!*

**VÍSINDABÓK
VILLA** á sértilbóði
Myndataka og áritun

VÍSINDABÓK
VILLA
KYNNINGARVERÐ
3.999 KR
~~4.999~~



HAGKAUP
Ein ferð betra verð


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

4. Set hreina umferð í hlutlausan (8)
10. Innantóm niða þau besta (8)
11. Kappakstursbíll truflar (6)
12. Práhuggja hrjáði Heljarföður (8)
14. Draga úr veldi Karls Gústafs (8)
15. Fjótótur festar, annars ekkert (7)
16. Nautfjöllin með ræfil aðal táknað það er ei má heyrast (16)
18. Skáld hefur skilningarvit (4)
20. Borga skrif um þá sem ég borga (9)
24. Liggja í léttu kóma (4)
25. Á ógreitt haft sem heldur mér (12)
26. Bið jötun um jötunafli (9)
27. Sósa og salat hafa hátt (7)
28. Hér hef ég valta vikið og vélað (9)
30. Nú brímar, ætli þú álpist þá heim úr ruglinu? (6)
35. Huga að hughvarfi (12)
38. Skófum skít af skurfum (8)
40. Guðdómlegur flautuleikari (3)
41. Er gull í peningum? (5)
43. Litlir gallar vega þungt (9)
44. Bæti bull lögfræðinga (7)
46. Tilbúin týpa (8)
47. Samtal um tölur (7)
48. Morsaðir ruglið sem þú þuldir (8)
49. Leita að snoðklíptum lækningarótum (7)

LÓÐRÉTT

1. Drulla tefur teiti, enda með fælingarmátt (14)
2. Matreiðsluhefð mannæta í hnotskurn? (12)
3. Kuldaleg okurbúlla á hjólum (6)
4. Leita spakrar til að mynda lengra inni (8)
5. Kjarnyrnt með tali í rugli (7)
6. Óskur og óðagot á öllum hæðum (6)
7. Línurit og iðrun, þvílík eftirmæli (12)
8. Kverká rennur rosa hratt (9)
9. Fá ringlaðar ærnar kúrt séu þær frámar? (9)
13. Pukla samhljóða (2)
17. Ögn niði hinn ákveðni (8)
18. Söfnum hirðum (6)
19. Iðaði og elskaði hinn framandi (6)
21. Nú get ég neglt niður heimilisfang (8)
22. Hvíla þó með (5)
23. Getur sveigur bugað þig? (5)
29. Fór þá riddari á fáki sínum (9)
31. Læra lokaorðið afturbak og áfram (4)
32. Fangar eru félagar (9)
33. Tileinkum virkum þessa sæng (9)
34. Stjaka staut og skreyta (8)
35. Les lengdarskertum pistilinn (7)
36. Klófesta raðir úr krikunum (7)
37. Hvað kurlaði sá kraftalegi? (7)
38. Hér má sjá leik Arnar við aðra leikmenn (7)
39. Snurfusa fyrstu byttu (4)
42. Gamna mér með léttrugluðum rokkara (5)
45. Kannar sá grái (4)



S	K	R	O	K	S	K	J	Ó	Ð	A	S	R	O	N	D	Ó
I	Ú	R	A	L	N	I	K	K	A	A	L					
G	A	L	L	A	D	A	R	Æ	D	R	T	Ó	S	K	U	
U	L	M	F	O	R	Ð	A	B	Ú	R	A	A	N			
R	A	U	Ð	H	Ó	L	A	Ð	R	Ð	N	G	D			
Ð	T	Ú	R	Ó	A	N	D	I	S	A	L	A	T	I		
A	L	E	N	S	K	A	N	R	R	K	T	N				
R	R	I	I	R	Á	N	F	U	G	L	A	R				
S	T	A	Ð	F	Æ	R	U	M	T	G	Æ	Í				
Ó	U	A	A	X	S	T	U	N	G	U	R	E	K	A		
S	T	R	Á	K	S	S	K	A	P	U	A	A	A			
V	R	T	N	E	R	K	I	L	Y	G	A	R	I			
I	N	N	B	L	Á	S	I	N	N	I	Ú	E	J	Ð		
K	Í	K	Ð	G	U	Ð	A	G	L	Á	S	I	N			
N	Á	T	T	S	V	A	R	T	A	N	A	Í	T	Ú		
A	U	E	A	A	F	R	I	K	A	R	L					
R	Ó	K	R	Æ	U	R	N	A	R	L	P	A	I			
Í	I	N	N	Y	J	A	B	R	U	M	I	Ð				
S	A	M	L	A	N	D	A	R	Á	Ó	Á	A	M	N		
I	N	R	S	M	Á	T	Í	M	A	B	I	L	I			

Lausnarorð síðustu viku var
LANDGRÆÐSLA



VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Ærlegi lærlingurinn eftir Vikas Swarup frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Heimir Kristinnsson, Akureyri.**



--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

LAUSNARORÐ
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist minnkandi risi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi **23. október** næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. október“.

Láttu hjartað ráða



10 KRÓNUR AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS  LJÓSIÐ

„Pastasósan mín er unnin úr lífrænum tómtum sem fá að þroskast til fulls á plöntunni. Hún er enn fremur sykurlaus.“

Sella





Tilboð: 2.990.000 kr.

Ford Mondeo Trend STW ARJ67
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 62.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 3.350.000 kr.



Í ábyrgð!

Tilboð: 1.250.000 kr.


Citroën C1 sx YHX55
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 55.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 1.490.000 kr.



Í ábyrgð!

Tilboð: 2.790.000 kr.

Ford Mondeo Trend HFL40
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 54.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.990.000 kr.



Í ábyrgð!

Tilboð: 2.650.000 kr.

Citroën C4 comfort JGS79
Árgerð 2013, dísil, beinskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: brúnn
Ásett verð: 2.850.000 kr.

Kauptu
í dag

NYLEGIR

BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI Á FRÁBÆRU VERÐI

Tökum allar
gerðir bíla
uppí!



Í ábyrgð!

Tilboð: 3.450.000 kr.

Ford Focus Titanium STW YHK53
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 51.000 km. Litur: dökkgrár
Ásett verð: 3.650.000 kr.



Tilboð: 3.280.000 kr.

Ford Escape XLT AWD PMM87
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km. Litur: ljósbrúnn
Ásett verð: 3.640.000 kr.



Í ábyrgð!

Tilboð: 3.290.000 kr.

Mazda6 Premium LHP94
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.530.000 kr.

ÁRGERÐIR 2011,
2012 og 2013



MINNI
EYÐSLA



MEIRA
ÖRYGGI



Í ábyrgð!

Verð: 1.470.000 kr.

Citroën C1 sx MAY04
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 50.000 km. Litur: rauður



Tilboð: 1.790.000 kr.

Mazda3 Advance YZN00
Árgerð 2010, bensín, beinskiptur
Ekinn 77.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 1.990.000 kr.



Í ábyrgð!

Verð: 2.990.000 kr.

Ford Focus Trend FNL92
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 48.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.220.000 kr.



Í ábyrgð!

Verð: 1.670.000 kr.

Ford Ka Trend NSB21
Árgerð 2013, bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: grár



Í ábyrgð!

Tilboð: 1.890.000 kr.

Citroën C3 Seduction Airdream YEA15
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.090.000 kr.



Í ábyrgð!

Verð: 8.350.000 kr.

Ford Explorer Limited KXV56
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 59.000 km. Litur: ljósgrár



Í ábyrgð!


Tilboð: 3.790.000 kr.

Ford Kuga Titanium AWD HYL84
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 71.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 4.140.000 kr.



Verð: 1.990.000 kr.

Ford Focus Trend Collection NAH04
Árgerð 2011, bensín, beinskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: grár



Í ábyrgð!

Tilboð: 9.980.000 kr.


Volvo XC90 Momentum D5 UUV86
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 39.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 10.490.000 kr.



Í ábyrgð!

Verð: 4.950.000 kr.

Ford Kuga Titanium AWD SJV85
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 57.000 km. Litur: brúnn



Í ábyrgð!

Tilboð: 3.990.000 kr.

Ford Mondeo Titanium STW KZE18
Árgerð 2013, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 4.290.000 kr.



Tilboð: 2.550.000 kr.

Ford Explorer Limited RB054
Árgerð 2007, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 108.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.850.000 kr.

Skoðaðu meira úrval og finndu bílinn þinn á

NOTADIR.BRIMBORG.IS



Notaðir bílar
- Brimborg

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á



-allt fínt fyrir jólin

„ÉG ELDA BETUR MEÐ ELECTROLUX“

„Með Electrolux heimilistækjum erum við öll í góðum málum í eldhúsinu!
Þú eldar betur með Electrolux.“

Sigríður Hauk



Electrolux



ELECTROLUX BLÁSTURSOFN
EOB 5450AAX
Ultrafan hitakerfi, Turbo grill.
Tveggja rása breytilegt grill.
Prefalt gler í hurð, hæglokun á hurð. Kámfrítt stál.
Orkunýting A.
1860233

129.900 kr

**5 ÁRA
ÁBYRGD**

**30 DAGA
SKILARÉTTUR**



Helluborð **Electrolux**
EHF 6342XOK
Keramik helluborð
Stærð 380x576x516 mm
1850524

67.895 kr



Spanhelluborð **Electrolux**
EHI 6740FOK
Spanhelluborð sem er jafn fljótt
að hitna og gaslogi, fasaður
kantur, stærð 590x520x55 mm
1860232

129.900 kr



93.900
VERÐ ÁÐUR 104.300

Þvottavél EWP 1264TDW
6 kg, 1200 snúninga **Electrolux**
1805657



87.900
VERÐ ÁÐUR 99.900

Uppþvottavél ESF65054W
Orkunýting A, Þurrkhæfni A, Þvottahæfni A
Hljóðstyrkur 45 dB **Electrolux**
1805463

SKIPTU
STRAX Í
BEKA PÖNNU
MEÐ
KERAMIKHÚÐ



KOMDU MEÐ GÖMLU PÖNNUNA OG FÁÐU 30% AFSLÁTT AF NÝRRI BEKA PÖNNU

Losaðu þig við gömlu pönnuna hjá okkur um helgina og við gefum þér 30% afslátt af öllum BEKA keramikhúðuðum pönnum. BEKA pönnurnar eru "non-stick" og án skaðlegra eiturefna sem finnast í sumum gömlum pönnum. Tökum við öllum pönnum.

SMAKKAÐU

nýbakaða vöflu úr vinsæla vöflujárninu frá Aviken kl. 13-16 í Skútuvogi. Með Aviken færðu alltaf stökka og fullbakaða vöflu.



vnr.1840872

KYNNING Í DAG RUSSELL HOBBS SAFAPRESSA

Kynnum nýju safapressuna frá Russell Hobbs í dag kl. 14-16 í Skútuvogi. Komdu og smakkaðu nýkreista ávaxta- og grænmetissafa



vnr.1840979

RÝMUM TIL FYRIR JÓLUM Í BLÓMAVALI

Nú þurfum við að rýma til fyrir jólum í Blómavali. Þess vegna bjóðum við 50% afslátt af pottaplöntum og 30% afslátt af haustlaukum um helgina.



FRUMSÝNUM JÓLALANDIÐ um helgina í Blómavali Skútuvogi

TÖFRAHEIMAR

Einars Mikæls í Blómavali

Taktu mynd í sjónhverfinga-herberginu stækkaðu og minnkaðu að vild.

Einar Mikael sýnir töfrabrögð laugardag kl. 14:00-15:00

Kaffihlaðborð Skútuvogi: hlaðborð og kaffi aðeins **850kr** laugardag - sunnudag



ÍS
aðeins
99kr

laugardag - sunnudag




blómavali


HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Innilegar þakkir sendum við til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÓLAFAR GUÐBJARGAR
TRYGGVADÓTTUR**
Ólu frá Glerárbakka
Lindasiðu 4, Akureyri.



Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir
Guðmundur Karl Guðjónsson
Ásmundur Jónas Guðjónsson
Valborg Inga Guðjónsdóttir
Tryggvi Stefán Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Birgír Skjöldal
Sigrún Guðmundsdóttir
Helga María Stefánsdóttir
Guðjón Páll Jóhannsson

PETTA GERÐIST: 19. OKTÓBER 1971

Starfsmenn tilkynna veikindi

Á þessum degi árið 1971 féllu útsendingar Ríkissjónvarpsins alfarið niður þegar nær allir starfsmenn sjónvarps, um 80 manns, tilkynntu veikindi. Aðeins fjórir starfsmenn mættu til starfa: framkvæmdastjóri, yfirverkfræðingur, skrifstofustjóri og húsvörður sjónvarpsins. Framkvæmdastjórinn, Pétur Guðfinnsson, sagði í viðtali við Morgunblaðið að í engu tilfelli hefði verið um alvarleg veikindi að ræða en blaðið sagðist hafa heimildir fyrir því að fjarveran stafaði af

óánægju starfsmanna með launakjör sín eftir samninga opinberra starfsmanna í desember árinu áður. Þá hafði starfsfólk mótmælt kjörum sínum og í kjölfarið var komið á launanevnd sjónvarpsins. Pétur sagði að honum þætti verja að bregðast áhorfendum en að missa af auglýsingatekjum. Að kvöldi sama dags sendi útvarpsstjóri starfsmönnum sjónvarps skeyti þar sem óskað var eftir læknavottorði til staðfestingar á veikindum.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

GUÐFINNU STEINSDÓTTUR
Skessugili 7, Akureyri.



Sérstakar þakkir til starfsfólks á dvalarheimilinu Hlíð.

Júlíus Gunnlaugsson
og fjölskylda.



Okkar ástkæra eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

KRISTRÚN O. STEPHENSEN
kennari,
Skipalóni 24, Hafnarfirði,



lést laugardaginn 12. október. Útför verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 21. október kl. 15.00. Þeir sem vilja minnst hennar láti líknaðstofnanir njóta þess.

Guðlaugur Sigurðsson
Soffía Kristbjörnsdóttir
Soffía Dögg Halldórsdóttir
Halla Dóra Halldórsdóttir
barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

Daði Friðriksson
Bjarni Adólfsson

WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNSS



571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is



SEXTUG Súsanna Svavarsdóttir býst ekki við neinum óvæntum uppkomum á afmælisdaginn og óskar heldur ekki eftir þeim. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Þrítugsafmælið entist í þrjá heila sólarhringa

Súsanna Svavarsdóttir, ritstjóri og þýðandi, verður sextug á morgun. Hún hefur starfað sjálfstætt síðustu átján árin og segist ekki sakna hamagangsins á íslenskum fjölmiðlum.

„Ég er búin að vera steinliggjandi í svæsinni flensu alla síðustu viku uppi í sumarbústað. Það er alveg eins hægt að liggja þar og heima hjá sér,“ segir Súsanna Svavarsdóttir sem verður sextug á morgun, sunnudaginn 20. október. Hún tekur þó fram að veikindin hafi ekki breytt miklu varðandi áætlanir um sérstakan fögnuð í tilefni stórafmælisins. „Ég nenni ekki að halda veislu og ætla bara að snæða kvöldverð með fjölskyldunni. Ég býst ekki við neinum óvæntum uppkomum og óska heldur ekki eftir þeim.“

Á árum áður var Súsanna áberandi í íslenskum fjölmiðlum og víðar, en hún gegndi meðal annars starfi menningarritstjóra Morgunblaðsins um árabil, auk þess að sjá um þætti í sjónvarpi og útvarpi og skrifa bækur. Síðustu

árin hefur hún meira og minna starfað sjálfstætt við ritstjórn og þýðingar fyrir hinar ýmsu útgáfur. „Ég hef komist upp með að vera „frílans“ síðan í kringum 1995 og finnst það æðislegt. Svona fyrirkomulag krefst aga en ég ræð sjálf hvaða verkefni ég tek að mér og það er enginn sem skipar mér fyrir,“ segir Súsanna og bætir við að hún sakni ekki hamagangsins á fjölmiðlunum. „Það er yfiringilega langt frá því að mig langi aftur í fjölmiðlaharkið. Ég hætti vegna þess að ég var komin með leið á því.“

Súsanna segir sextugsafmælið leggjast vel í sig en segir engin tímamót þurfa til að líta um öxl og skoða farinn veg. „Líf mitt hefur verið háð svo miklum breytingum að ég hef varla gert annað en að endurmeta tilveruna

alla ævi. Þetta hefur verið skemmtilegt ferli, skrautlegt og stundum erfið, og það er yndislegt að fá að verða svona gömul. Ég á stóra fjölskyldu og fullt af barnabörnum og finnst miklu skemmtilegra að vera gömul en ung. Mér þótti aldrei neitt sérstaklega gaman að vera ung,“ útskýrir hún.

Spurð um eftirminnilegasta afmælisdaginn sinn nefnir Súsanna daginn sem hún varð þrítug. „Þá var ég í Háskólanum, varamaður í Stúdentaráði og í stjórn Stúdentaleikhússins og ætlaði að halda snyrtilega veislu á föstudagskvöldi. Partíið stóð í þrjá sólarhringa, megnið af fólkinu úr stúdentapólitíkinni og leiklistinni mætti og einhvern veginn tókst að koma þessum fjölda fyrir í fjörutúfu fermetra kjallaraþíbúð.“

kjartan@frettabladid.is

